# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

279. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 25. NÓVEMBER 2016



BLACK
FRIDAY
25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM*

EINUNGIS Í DAG

REYKJAVÍK – AKUREYRI – ÍSAFJÖRÐUR

OPIÐ TIL KL. 22.00



* Gildir ekki ofan á önnur tilboð, t.d. ef vara er fyrir á jólaverði eða -tilboði og ekki af Skovby

Reykjavík
Bíldshöfði 20

Akureyri
Dalsbraut 1

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

HÚSGAGNA
HÖLLIN

# BLACK FRIDAY EXTRA

## AF VÖLDUM VÖRUM



NATUZZI EDITIONS

BLACK FRIDAY EXTRA 50% AFSLÁTTUR

### NATUZZI EDITIONS

**B940** vandaður tungusófi. Hægri eða vinstri tunga.Svart vandað leður.
Stærð: 310 x 160 x 97 cm

474.995 kr. ~~949.990 kr.~~



BLACK FRIDAY EXTRA 50% AFSLÁTTUR

### PINTO

Hornsófi. 2H3 eða 3H2.
Svart slitsterkt áklæði.
Stærð: 260 x 210 x 88 cm.

99.950 kr. ~~199.990 kr.~~

LA-Z-BOY® *Live life comfortably.*



BLACK FRIDAY EXTRA 40% AFSLÁTTUR

### ADAM

Stílhreinir La-Z-Boy sófar. Rautt áklæði. 2ja sæta: 130 × 97 × 105 cm
3ja sæta: 207 × 97 × 105 cm

2ja sæta áklæði 137.994 kr. ~~229.990 kr.~~

3ja sæta áklæði 197.994 kr. ~~329.990 kr.~~

LA-Z-BOY® *Live life comfortably.*



### PARKER

Þægilegur hægindastóll með slitsterku áklæði.
Fæst grár, svartur og ljós. Stærð: 82 × 86 × 104 cm

BLACK FRIDAY EXTRA 40% AFSLÁTTUR

71.994 kr. ~~119.990 kr.~~

### SALLY

Hægindastóll PU-leður Litir: Brúnn og svartur.



BLACK FRIDAY EXTRA 35% AFSLÁTTUR

25.994 kr. ~~39.990 kr.~~



BLACK FRIDAY EXTRA 70% AFSLÁTTUR

### RAVEN

Eldhúsborð
Stærð: 120 x80 cm

11.997 kr. ~~39.990 kr.~~

### MAGAN

Lobbístóll. Burgundi rauður eða grár.
Fætur úr vengi eða olíubornar.



BLACK FRIDAY EXTRA 50% AFSLÁTTUR

13.995 kr. ~~27.990 kr.~~

### WILMA

Borðstofustóll, slitsterkt grátt áklæði.



BLACK FRIDAY EXTRA 38% AFSLÁTTUR

9.914 kr. ~~15.990 kr.~~

### FREYJA

Borðstofustóll, svart PU leður með viðarfótum.



BLACK FRIDAY EXTRA 50% AFSLÁTTUR

17.490 kr. ~~24.990 kr.~~

### LIF

Borðstofustóll. Grátt stungið áklæði.



BLACK FRIDAY EXTRA 50% AFSLÁTTUR

9.995 kr. ~~19.990 kr.~~

### RAVEN

Borðstofustóll. Hvítur með svörtum löppum.



BLACK FRIDAY EXTRA 70% AFSLÁTTUR

4.797 kr. ~~15.990 kr.~~

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 | **Akureyri** Dalsbraut 1 | **Ísafjörður** Skeiði 1

**OPIÐ TIL KL. 22 Í ÖLLUM VERSLUNUM Í KVÖLD**

www.husgagnahollin.is
558 1100

HÚSGAGNA HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
279. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 25. NÓVEMBER 2016

# Læknar sviptir leyfi til að ávísa fíknilyfjum

**Landlæknisembættið hefur á árinu svipt lækna leyfi til að ávísa ávanabindandi lyfjum. Gáfu út ADHD-lyf í trássi við læknisfræðileg viðmið. Formaður ADHD-samtakanna gagnrýnir Sjúkratryggingar og landlækni fyrir að spyrða saman ADHD-sjúklinga og fíkla.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Allir læknar sem ávísa ávanabindandi lyfjum eru nú undir smásjá Landlæknisembættisins. Læknar hafa á árinu misst leyfi til að ávísa ávanabindandi lyfjum eftir að upp komst um of miklar ávísanir þeirra á ADHD-lyfjum.



Ólafur B. Einarsson

Þetta staðfestir Ólafur B. Einarsson, sem starfar við eftirlit Landlæknisembættisins með ávísunum lækna. „Ég get ekki gefið upp fjöldann en við höfum þurft að grípa til þess ráðs á árinu að taka af læknum leyfi til að ávísa ávanabindandi lyfjum. Allir læknar eru nú undir stöðugu eftirliti okkar og vandlega er gætt að læknar ávísi ekki ADHD-lyfjum að óþörfu,“ segir Ólafur.

Hann bendir einnig á að búið sé að koma í veg fyrir svokallað „læknaráp“ með því að gera kerfið gegnsærra. „Við höfum hins vegar gagnrýnt lyfjagreiðslunefnd fyrir það að hafa hvata fyrir því að taka stóra skammta í einu af ávanabindandi lyfjum. Einnig með svefnlyfið Immovan sem gefið hefur verið út fyrir börn, 30 stykkja pakki af þeim töflum er ódýrari en 10 stykkja pakki. Þetta höfum við gagnrýnt og sent lyfjagreiðslunefnd bréf þess efnis.“

Sama má segja með Ritalin. Sjúkratryggingar taka þátt í kostnaði af 90 stykkja pakkningum en ekki pakkningum sem innihalda 30 stykki. Þessu þarf að breyta að mati Landlæknisembættisins.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að um þremur milljónum dagskammta af ADHD-lyfjum var ávísað á síðasta ári og að hluti þeirra fari á svartan markað. Þröstur Emilsson, formaður ADHD-samtakanna, gagnrýnir Sjúkratryggingar fyrir að spyrða saman ADHD-sjúklinga og alvarlega veika fíkla. „Það er ekki sæmandi fyrir Sjúkratryggingar að blanda saman misnotkun fíkla og notkun einstaklinga sem fengið hafa ADHD-greiningar samkvæmt klínískum viðmiðum landlæknis. Fíklar eru dauðveikir einstaklingar sem fá alltof fá úrræði og það er skömm okkar að koma þeim ekki til aðstoðar.“ sveinn@frettabladid.is



St. Petersburg Festival Ballet og Sinfóníuhljómsveit Íslands sýndu í gær Hnotubrjótinn eftir Tsjaíkovskíj í Eldborgarsal Hörpu. Verkið er einn vinsælasti ballett sögunnar og fjallar um leikföng sem lifna við undir jólatré á heimili Maríu. Hnotubrjótur sem hún fékk að gjöf leiðir hana inn í ævintýraland þar sem ýmislegt óvænt gerist. Sjá síðu 24. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Staða Katrínar afar þröng

**STJÓRNMÁL** Úti er um tilraunir Katrínar Jakobsdóttur til að mynda fimm flokka stjórn frá vinstri og yfir miðju. Vinstri græn vildu skoða hvort skipta mætti á Viðreisn og Framsóknarflokknum í fimm flokka ríkisstjórn en hugmyndin strandar á Bjartri framtíð og Pírötum.

„Við lendum alltaf á þeim stað að þjóðin kallaði eftir þessum kosningum út af Panamaskjölunum. Í Framsóknarflokknum er þingmaður sem var í skjölunum og tók að sér að semja við kröfuhafa um það hvernig kakan myndi skiptast á milli kröfuhafanna og þjóðarinnar, þegar konan hans var kröfuhafi. Við lendum alltaf þar,“ segir Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata.

– snæ / sjá síðu 18

## Lárus dæmdur í Aurum-málinu

**DÓMSMÁL** Við gerðum ráð fyrir að það yrði sakfellt í þessu máli,“ sagði Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari eftir dómsuppkvaðninguna í Aurum-málinu.

Lárus Welding og Magnús Arnar Arngrímsson voru dæmdir til fangelsisvistar en Jón Ásgeir Jóhannesson og Bjarni Jóhannesson voru sýknaðir af kröfum ákæruvaldsins.



Enginn sakborninganna var viðstaddur dómsuppkvaðninguna í gær. Lárus afplánar fimm ára fangelsisvist vegna Stímsmálsins og Magnús Arnar tveggja ára fangelsi vegna BK-44-málsins, en þeir hlutu þá dóma í desember í fyrra. – þh / sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Bergur Ebbi skrifar um sannleikann. 35

**SPORT** Dagur Sigurðsson er á leið í sitt annað Japansævintýri á nýju ári. 42

**MENNING** Sýningin Nautn verður opnuð á morgun í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. 58

**LÍFIÐ** Í þessari viku voru sex ár síðan platan My Beautiful Dark Twisted Fantasy með Kanye West kom út. Falleg en myrk og brengluð fantasía. 74



**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Stíf vestanátt um landið austanvert, en mun hægari vindur vestan til. Skýjað með köflum eða bjartviðri og él á stöku stað, einkum norðaustan til. Dregur úr vindi síðdegis. SJÁ SÍÐU 52



**Yngri konur eru duglegri að semja um launahækkun.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Konum oftar neitað um launahækkun

**ATVINNA** Konur biðja jafn oft um launahækkun og karlar en þær fá oftar neitun en þeir, að því er kemur fram í sænska tímaritinu Chef sem vísar í nýja könnun á vegum Cass Business School í London. Þátttakendur í könnuninni voru 4.500 starfsmenn hjá 800 fyrirtækjum í Ástralíu.

Könnunin leiddi jafnframt í ljós að yngri konur væru duglegri að semja um launahækkun en eldri konur. Talið er að það sé að hluta til vegna þess að yngri konur séu meðvitaðri um að þær fá ekki sömu meðferð og karlar vegna kyns síns. – **ibs**

## Lesið í skammdeginu



**Það getur verið mikilvægt að taka sér tíma í skammdeginu og jólaösinni til þess að slappa af, setjast niður og lesa líkt og þessi maður gerði í verslun Eymundsson við Laugaveg í gær. Nú styttist dagurinn ört og er tæpur mánuður í vetrarsólstöður. Þær verða þann 21. desember næstkomandi. Sólin settist í dag í Reykjavík klukkan 16.02 en mun líklegast setjast um hálftíma fyrr þegar að vetrarsólstöðum kemur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Blair telur að Bretar geti stoppað Brexit

**BRETLAND** Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, sagði í viðtali við New Statesman sem birtist í gær að Bretar gætu komið í veg fyrir útgöngu ríkis síns úr Evrópusambandinu. Hinn 23. júní síðastliðinn samþykktu Bretar svo kallað „Brexit“ í þjóðaratkvæðagreiðslu, það er að ganga úr Evrópusambandinu.

„Það er hægt að koma í veg fyrir þetta ef breska þjóðin kemst að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa séð hvað ákvörðunin felur í sér, að ávinningurinn sé ekki meiri en kostnaðurinn,“ segir Blair í viðtalinu.

Hann telur að þetta geti gerst með tvennum hætti. Annars vegar með því að Bretar fái mesta mögulegan aðgang að efnahagssvæði Evrópusambandsins og taki í staðinn við fjölda innflytjenda frá ESB og greiði hluta af fjárhagsáætlun sambandsins.

Þá muni Bretar spyrja af hverju þeir séu að yfirgefa Evrópusambandið.

Hins vegar telur hann að það muni gerast ef Bretar fá ekki lengur aðgang að efnahagssvæðinu og standi þá frammi fyrir margra ára fjárhagserfiðleikum. – **sg**



**Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Breta.**




# Forseti Íslands vitnar í Bubba og Bjartmar

**Þótt áhrif útvegsins á þjóðarsálina séu að snarminnka verður greinin áfram einn okkar mikilvægustu atvinnuvega – ef rétt verður á haldið, sagði Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, í ávarpi við setningu Sjávarútvegsráðstefnunnar.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, vitnaði í söngvaskáldin Bubba Morthens og Bjartmar Guðlaugsson í ávarpi við setningu Sjávarútvegsráðstefnunnar í gær.

Forsetinn sagði tuttugustu öldina hafa verið sjávarútvegsöld í Íslandssögunni. „En hvað með þá tuttugustu og fyrstu? Hlutfall sjávarafla í útflutningstekjum okkar hefur minnkað til muna. Stóriðja stækkaði þjóðarkökuna. Ferðamennina með gjaldeyri sinn má meta til ótalmargra þorskígildistonna,“ sagði Guðni og benti á að höfuðborgarsvæðinu sæki nú fáir unglingar sumarvinnu í fiski.

„Og fátítt að þeir svari á fullorðinsárum kallinu góðkunna sem sungið var inn á hljómplötu árið 1982: Háseta vantar á bát, háseta vantar á línu og net,“ vitnaði forsetinn í texta Bjartmars Guðlaugssonar sem hann sagði hafa farið á sína fyrstu vertíð fimmtán ára gamall.

„Þúsund þorskar á færibandinu þokast nær,“ vísaði Guðni síðan í Bubba Morthens frá upphafi níunda áratugarins. „En allt er í heiminum hverfult. Þau eru að hverfa eða að minnsta kosti snarminnka, þessi áhrif útvegsins á þjóðarsálina, sköpunina, mannfólkið. Óskalög sjómanna eru löngu horfin af öldum ljósvakans, ný lög um sjómennsku og fiskvinnslu heyrast sjaldan. Bubbi, Bjartmar og aðrir af þeirra kynslóð áttu kannski lokaorðin, að minnsta kosti í bili.“

> Ég er stoltur af Guðna og ef hann minnist á mig er ég bara enn þá stoltari af honum.
>
> Bjartmar Guðlaugsson

Bjartmar, sem kveðst hafa farið á sína síðustu vertíð 1984, segir að það sem hafi glatt hann hvað mest í þróuninni sé að sjómenn séu í dag öruggir á sínum vinnustað.

„Þeir eru ekki að ferðast í jólasiglingar á einhverjum 70 tonna bátum og sjóslysum hefur fækkað – það voru slysin sem kvöldu mig mest í æsku,“ segir Bjartmar sem er ánægður með ræðu forsetans.

„Ég er stoltur af Guðna og ef hann minnist á mig er ég bara enn þá stoltari af honum. Og ég veit að hann skilur sjómannasögur mörgum öðrum betur,“ segir Bjartmar.

Forsetinn sagði í ávarpinu að ef rétt væri haldið á málum væri framtíðin björt í íslenskum sjávarútvegi. „Um fyrirsjáanlega framtíð verða fiskveiðar og vinnsla einn okkar mikilvægustu atvinnuvega,“ sagði Guðni og benti á að menntun væri frumskilyrði framfara. „Þótt börnin hér á höfuðborgarsvæðinu og kannski víðar um landið standi ekki lengur við færibandið og rói aldrei á línu og net er aldrei að vita nema þau leggist nú samt á árarnar.“

**gar@frettabladid.is**



**Þúsund þorskar á færibandi og háseti sem vantar á bát rötuðu í ávarp forseta Íslands.**



BLACKFRIDAY
SPARIÐ ALLT AÐ
75%
SJÁ FLEIRI TILBOÐ Á ÖÐRUM STAÐ Í BLAÐINU
Allt garn 30% afsláttur
DUNLOP BOLIR
Herrastutterma-bolir st. M-2XL. Litir: Svartur, grár og hvítur. Einnig fáanlegir með V-hálsmáli. 1 stk. í pk. Vnr. 41475
75% afsláttur
DUNLOP
FULLT VERÐ: 1.295
299
FULLT VERÐ: 199.950
89.950
55% afsláttur
AGGESTRUP SKRIFBORÐSSTÓLL
Stóll með innbyggðri gaspumpu sem tryggir stiglausa hæðarstill-ingu. Hægt að rugga. Litur: Grár/svartur. Vnr. 3629913
50% afsláttur
FULLT VERÐ: 24.950
12.450
50% afsláttur
UVLIK SÆNG
Góð sæng fyllt með 950 gr. af holtrefjum. Stærð: 135 x 200 sm. Vnr. 4134650
FULLT VERÐ: 3.995
1.995
TONY TUNGUSÓFI
Flottur tungusófi úr brúnu tauefni. Tunga hægra megin. Stærð: 281 x 87 x 168 sm. Vnr. 8880000985
50% afsláttur
BORÐ + 4 STÓLAR
FULLT VERÐ: 39.950
19.950
BALŁERUP BORÐ OG STÓLAR
Einstaklega stílhreint borð með MDF borðplötu og stólum með krómfótum. Stærð á borði: B76 x L120 x H72 sm. Vnr. 3680052, 3696019
53% afsláttur
BANGSÍMON BARNAFERÐARÚM
Létt og handhægt barna-ferðarúm sem fellur vel saman. Þyngd: 13,6 kg. Stærð: B65 × L125 × H77 sm. Dýna stærð: 60 x 120 sm. Verð frá: 1.995 Vnr. 3902207
FULLT VERÐ: 16.950
7.995
50% afsláttur
LONE SNYRTIBORÐ
Fallegt snyrtiborð með skúffum og spegli. Stærð: 128 x 81 sm. Vnr. 43906001
FULLT VERÐ: 29.950
14.950
OPIÐ Í ÖLLUM BÚÐUM TIL KL. 20:00 TIL KL. 24:00 Á AKUREYRI
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
GILDIR AÐEINS 25.11

# Tillaga Íslands um veiðibann á karfa felld á fundi fiskveiðiráðsins

**SJÁVARÚTVEGUR** Tillaga Íslands um að stöðva veiðar á úthafskarfa á Reykjaneshrygg árin 2017 og 2018 var felld á ársfundi Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðiráðsins (NEAFC) í síðustu viku.

Í tilkynningu frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu segir að þessi niðurstaða fundarins sé mikil vonbrigði fyrir Ísland. Þess í stað var samþykkt tillaga um 7.500 tonna heildarveiði 2017. Kom einnig fram á fundinum að Rússar munu setja sér einhliða kvóta upp á 25 þúsund tonn, þannig að heildarveiðin getur orðið um 30 þúsund tonn. Ráðið fer með stjórn fiskveiða utan lögsagna einstakra ríkja á Norðaustur-Atlantshafi. Aðild að því eiga Danmörk (f.h. Færeyja og Grænlands), Evrópusambandið, Ísland, Noregur og Rússland.



Afli úthafskarfa er ekki svipur hjá sjón miðað sem var um árabil – ofveiði er staðreynd. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Um er að ræða tvo sérstaka karfastofna, sem báðir hafa verið ofveiddir um árabil og eru í útrýmingarhættu ef ekkert er að gert,“ segir í tilkynningu ráðuneytisins.

Rússland viðurkennir ekki stofnmat ICES fyrir karfa við Reykjaneshrygg og setur sér einhliða kvóta sem á þessu ári er því nær þrefalt meiri en ráðlögð heildarveiði. Evrópusambandið og Danmörk hafa síðan talið óásættanlegt að Rússar sætu einir að veiðunum og lagt fram tillögu um takmarkaðar veiðar. Ísland hefur lagt til stöðvun veiðanna, eins og áður sagði.

Alþjóðlegir rannsóknaleiðangrar gefa til kynna að stofnstærð efri stofns úthafskarfa hafi minnkað úr 2,2 milljónum tonna árið 1994 í um 91 þúsund tonn árið 2013. Ekki var farinn leiðangur árið 2015 eins og áætlanir gerðu ráð fyrir vegna þess að Rússar drógu sig út mánuði áður en hann hófst. Næsti leiðangur er áætlaður í júní/júlí 2018. Mat neðri stofns úthafskarfa í alþjóðlegum karfaleiðangri árið 2015 er það lægsta síðan mælingar hófust árið 1999. **– shá**

## Samstaða um fjárhagsáætlun

**SVEITARFÉLÖG** „Fjárhagsáætlun Kópavogs fyrir árið 2017 er unnin í samvinnu allra bæjarfulltrúa. Þetta verklag endurspeglar þann skilning á fjármálum bæjarins að allir kjörnir fulltrúar beri þar ábyrgð,“ segir í tilkynningu frá Kópavogsbæ.

„Þrátt fyrir þessa niðurstöðu hafa flokkarnir fimm ólíkar áherslur og áætlunin breytir ekki þeirri staðreynd. Hagsmunir bæjarbúa eru að allir þeir fulltrúar sem þeir kusu komi að þessari vinnu,“ segir áfram í tilkynningunni.

„Samkvæmt áætluninni mun skuldahlutfall bæjarins lækka umtalsvert og hraðar en aðlögunaráætlun gerði ráð fyrir. Það verður komið niður í um 140 prósent í árslok 2017 og því komið vel undir hið lögboðna 150 prósent hlutfall.“ **– gar**



**Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs.**

## Börsungar sekta leigumiðlanir

**SPÁNN** Yfirvöld í Barcelona krefjast 600 þúsunda evra, sem samsvarar um 72 milljónum íslenskra króna, af leigumiðlunarsíðunum Airbnb og Homeaway fyrir að hafa miðlað húsnæði án leyfis.

Samkvæmt lögum í Katalóníu frá 2012 verður að fá leyfi til að leigja út íbúðir til ferðamanna og þær þarf að skrá. Leigumiðlunarsíðurnar voru einnig sektaðar í fyrra en upphæðin í ár er talsvert hærri, að því er segir á vef sænska blaðsins Dagens Nyheter. **– ibs**

# Lárus og Magnús sakfelldir en Jón Ásgeir og Bjarni sýknaðir

**Aurum-málið var til lykta leitt í héraðsdómi í gær. Málið snerist um umboðssvik sem fólust í sex milljarða lánveitingu. Lárus Welding hlaut eins árs fangelsisdóm en Magnús Arnar Arngrímsson tveggja ára dóm.**

**SAKAMÁL** „Við gerðum ráð fyrir að það yrði sakfellt í þessu máli,“ segir Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari en hann segir of snemmt að segja til um hvort dóminum verði áfrýjað til Hæstaréttar.

Héraðsdómur dæmdi í gær Lárus Welding, fyrrverandi forstjóra Glitnis, í eins árs fangelsi, og Magnús Arnar Arngrímsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs Glitnis, í tveggja ára fangelsi, fyrir aðkomu þeirra að Aurum-málinu. Bjarni Jóhannesson, fyrrverandi viðskiptastjóri bankans, og Jón Ásgeir Jóhannesson, fyrrverandi aðaleigandi Glitnis, voru sýknaðir í málinu.

Lárus og Magnús voru ákærðir fyrir umboðssvik en Jón Ásgeir og Bjarni fyrir hlutdeild í umboðssvikunum. Málið snerist um sex milljarða króna lánveitingu Glitnis til félagsins FS38, sem var í eigu Pálma Haraldssonar. Lánið var veitt FS38 í júlí 2008 til þess að fjármagna kaup á 25,7 prósenta hlut í Aurum Holding Limited, af Fons hf. sem er einnig í eigu Pálma.

Hluta lánsins, einum milljarði króna, var ráðstafað inn á persónulegan bankareikning Jóns Ásgeirs. Féð nýtti Jón Ásgeir meðal annars til þess að greiða niður 705 milljóna króna yfirdráttarheimild sína hjá Glitni. Héraðssaksóknari taldi að þar með hefði Jón Ásgeir fengið hlut í ávinningi af brotinu og notið hagnaðarins.

Þetta er í annað sinn sem kveðinn er upp héraðsdómur í Aurum-málinu. Í fyrri dóminum voru allir sakborningar sýknaðir en sá dómur var ómerktur þegar í ljós kom að einn meðdómari málsins hafði verið vanhæfur til að fjalla um málið. Sverrir Ólafsson var fundinn vanhæfur þegar bent var á tengsl hans og Ólafs Ólafssonar sem dæmdur var í fjögurra og hálfs árs fangelsi fyrir sinn þátt í Al-Thani-málinu. Sverrir og Ólafur eru bræður.



**Fjórmenningarnir voru allir sýknaðir í fyrstu meðferð héraðsdóms en sá dómur var ómerktur af Hæstarétti þegar í ljós kom að einn dómaranna var vanhæfur.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég er ánægður fyrir hönd Bjarna og ég ætla að gera mér vonir um að nú eftir átta ár séu þessu máli lokið hvað hann varðar. Það hafa komið að þessu máli sex dómarar og þeir hafa allir sýknað hann,“ segir Helgi Sigurðsson, verjandi Bjarna Jóhannessonar.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, segist vera ánægður með sýknudóm Jóns Ásgeirs en hann er undrandi á sakfellingu Lárusar og Magnúsar.

> **Það er löngu ljóst, að sá tími er orðinn löngu óhóflegur sem Jón Ásgeir hefur þurft að standa frammi fyrir dómurum þessa lands.**



Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs

„Það er löngu ljóst, að sá tími er orðinn löngu óhóflegur sem Jón Ásgeir hefur þurft að standa frammi fyrir dómurum þessa lands,“ segir Gestur. Hann segir jafnframt að málsmeðferðin hafi ekki verið lögum samkvæmt og að gögnum hafi verið haldið frá í málinu. Hann muni fara með það mál lengra. Ólafur Þór héraðssaksóknari segir að tekið hafi verið á öllum þessum atriðum í málflutningi og þessum ásökunum hafi verið mótmælt af ákæruvaldinu.

Enginn sakborninganna var viðstaddur dómsuppkvaðninguna í dag. Lárus afplánar fimm ára fangelsisvist vegna Stímsmálsins og Magnús Arnar tveggja ára fangelsi vegna BK-44 málsins, en þeir hlutu þá dóma í desember í fyrra. Refsingar þeirra vegna Aurum-málsins koma sem hegningarauki við fyrrgreinda dóma.

**thorgeirh@frettabladid.is**





„Þetta er bók um það hvernig þú bregst við lífinu … Funheitur höfundur hún Álfrún. Það er nautn að lesa þessa bók alveg út í gegn.“
EIRÍKUR GUÐMUNDSSON / KILJAN

„Rosalega þétt … mjög lærður höfundur … Sterkt verk.“
EGILL HELGASON / KILJAN

„Hér er ekki verið að teygja lopann, heldur kemur höfundur sér beint að efninu og vandar afar vel til verka.“
VERA KNÚTSDÓTTIR / VÍÐSJÁ



www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

# CYBERHELGI

## 25.-28.NÓVEMBER

GILDIR EINGÖNGU Í NETVERSLUN HAGKAUP.IS

**20-50%** afsláttur

AF BÓKUM OG PLAYSTATIONLEIKJUM

**20%** afsláttur

PLAYMOBIL, GARNI OG SNYRTIVÖRU GJAFAKÖSSUM

Tilboðið gildir ekki ofan á aðra afslætti

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




Simon Ott, svissneskur predikari, er staddur á Vestfjörðum. MYND/ÞORSTEINN MÁSSON

# Predikari lét Hnífsdælinga heyra það

**SAMFÉLAG** „Hann byrjaði á að útskýra fyrir mönnum að þeir færu beint til helvítis ef þeir iðruðust ekki synda sinna en menn voru slakir yfir þessu,“ sagði Þorsteinn Másson sem var staddur á bensínstöð Olís í vikunni þegar Simon Ott, svissneskur predikari, messaði yfir mannskapnum.

Simon hefur verið á norðanverðum Vestfjörðum síðustu daga og látið íbúa þar heyra það. Á þriðjudag gekk hann um götur Hnífsdals og hrópaði að íbúar færu til helvítis.

Lögregla var kölluð út og upplýsti manninn um að kvartað hefði verið vegna ónæðis af honum. Fyrr í haust var sami maður handtekinn fyrir að elta hóp nemenda í Menntaskólanum í Hamrahlíð á röndum. Simon varaði nemendurna við samkynhneigð og kynlífi fyrir hjónaband. **– þh**

# Dúfnabóndinn í Mazar-i-Sharif



Í Afganistan var þessi maður mættur í gær með poka og skál til að gefa dúfunum fyrir utan Bláu moskuna frægu í Mazar-i-Sharif. NORDICPHOTOS/AFP

# Ísland stefnir Iceland vegna vörumerkisins

**DÓMSMÁL** Utanríkisráðuneytið hefur gripið til lagalegra aðgerða gegn bresku verslunarkeðjunni Iceland Foods. Segir ráðuneytið verslunarkeðjuna hafa um árabil beitt sér gegn því að íslensk fyrirtæki geti auðkennt sig með upprunalandinu við markaðssetningu í Evrópu á vörum sínum og þjónustu. Eins og Fréttablaðið greindi fyrst frá hinn 21. september síðastliðinn hafa Íslandsstofa og Samtök atvinnulífsins undirbúið málaferlin með ráðuneytinu.




Forsíða Fréttablaðsins 21. september 2016

Breska fyrirtækið hefur einkarétt á orðmerkinu ICELAND í öllum löndum Evrópusambandsins, samkvæmt ákvörðun þeirrar stofnunar innan ESB sem annast vörumerkjaskráningar (EUIPO). Íslensk stjórnvöld krefjast þess að einkaleyfið verði ógilt, enda sé það of víðtækt og komi í veg fyrir að íslenskir aðilar geti vísað til landfræðilegs uppruna síns.

Utanríkisráðuneytið segir verslunarkeðjuna hafa ítrekað kvartað til evrópskra yfirvalda yfir íslenskum aðilum sem nota orðið ICELAND sem hluta af vörumerki sínu. Aðgerðir verslunarkeðjunnar hafi meðal annars bitnað á markaðsátakinu Inspired by Iceland, en undir þeim hatti hefur Ísland verið markaðssett sem spennandi áfangastaður fyrir ferðamenn. **– jhh**




# Óttast að ófaglærðu fólki fjölgi í skólunum

**Kennarar ósáttir við yfirlýsingar Sambands íslenskra sveitarfélaga um launaþróun. Kennari í Fellaskóla óttast að skólarnir fyllist af leiðbeinendum. Skóli með stærstan hluta nemenda af erlendum uppruna þurfi fagmenntað fólk.**

**KJARAMÁL** Grunnskólakennarar bregðast illa við yfirlýsingum Sambands íslenskra sveitarfélaga um laun kennara og segja hana villandi. Í frétt á vef sambandsins segir að meðaldagvinnulaun félagsmanna í Félagi grunnskólakennara séu um 480 þúsund krónur. „Þegar meðaldagvinnulaun annarra háskólamenntaðra starfsmanna sveitarfélaga eru skoðuð þá hallar ekki á grunnskólakennara í þeim samanburði,“ segir á vefsíðunni.

Valgerður Eiríksdóttir, kennari í Fellaskóla, segir kennara ekki kannast við þessar tölur. „Raunveruleikinn er bara ekki svona. Þannig að fólk er svolítið reitt yfir þessu og ef ég skil þetta rétt þá held ég að þeir séu bara að fara í stríð við okkur.“

Valgerður segir alvarlega stöðu blasa við. Hún bendir á að það sé skólaskylda í landinu og þegar fleiri og fleiri kennarar segi upp störfum sé skólastjórum stillt upp við vegg. Þeir þurfi að ráða inn leiðbeinendur sem sé alls ekki gott. „Þá erum við komin á stað þar sem við vildum alls ekki vera.“

Hún bendir á að leiðbeinendur hafi ekki grunninn til þess að takast á við bekkjarkennslu. „Við kennarar erum þó búin að fara á fleiri námskeið í bekkjarstjórnun og í agastjórnun og í öllu þessu. Og ég hef alveg séð leiðbeinendur koma inn og rústa heilum bekk,“ segir Valgerður og bætir við að þessi sýn sé alveg hrikaleg.

Valgerður segir sérstaklega mikilvægt að vera með menntaða kennara í skóla eins og Fellaskóla, þar sem hlutfall nemenda af erlendum uppruna er stórt. „Ég held að það sé nokkurn veginn hægt að segja að það séu að verða 80 prósent af nemendum í skólanum af erlendum uppruna. Við höfum verið að takast á við þetta og höfum af þessu reynslu og teljum okkur kunna þetta. Þessi skóli er ofurviðkvæmur og ef eitthvað af fólki fer héðan út að þá gæti það verið stórskaði,“ segir Valgerður.
**jonhakon@frettabladid.is**



Valgerður Eiríksdóttir kennari í Fellaskóla segir alvarlega stöðu blasa við ef leiðbeinendum í skólunum fjölgar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

## Áfram fundað í dag

Samninganefnd kennara hitti samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga á tveggja tíma fundi í gær og verður fundað áfram í dag. Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, segir að ef semja eigi aftur þurfi það að gerast á allra næstu dögum. Menn hafi gefið sér þrjár vikur í samningaviðræður og á næsta föstudag sé sá tímarammi liðinn. Hann segist bundinn trúnaði um það hvað fram fór á fundinum í gær.

# BLACK FRIDAY

## 25. NÓVEMBER

**ENGIN SMÁ TILBOÐ** Í FJÖLDA VERSLANA

A4
Levi's
The Body Shop
comma
Debenhams
Corner
Dorothy Perkins
vodafone
Dýrabær
Epli
focus
Cortefiel
gallerí sautján
gs skór
iglo+indi
Jens
Karakter
Springfield
Legóbúðin Smáralind
Lyfja
Make Up Store
Penninn Eymundsson
Plusminus Optic
women'secret
SIX
Topshop
Zara
XL Dressmann
Dressmann
MOA
Superdry.
Esprit
Joe Boxer
Pandora
Hagkaup
Síminn
Optical Studio
name it
Vero Moda
Vila Clothes
Jack & Jones
Cintamani
Selected
Kaupfélagið
Steinar Waage
AIR
Útilíf
F&F

SMÁRALIND

# Réttað yfir tveimur vegna alvarlegrar líkamsárásar á Raufarhöfn

**SAKAMÁL** Aðalmeðferð gegn tveimur karlmönnum á þrítugsaldri fór fram í Héraðsdómi Norðurlands eystra í vikunni. Er þeim gefið að sök að hafa slegið mann í andlitið um sjómannadagshelgi á Raufarhöfn, sem og að hafa ítrekað sparkað í höfuð hans, bak og síðu. Hlaut hann við það höfuðkúpubrot, rifbeinsbrot og þrír hryggjarliðir brotnuðu einnig.

Við aðalmeðferð málsins gat fórnarlamb árásarinnar ekki gert nægilega grein fyrir því hverjir það voru nákvæmlega sem gengu í skrokk á honum og lýsti hann því sem svo að hann hafi ekki fengið spark í höfuðið líkt og ákæran gefur til kynna.

Við aðalmeðferðina var lögð fyrir fórnarlambið lögregluskýrsla sem tekin var af honum tveimur dögum eftir árásina. Þar kemur fram að hann hafi á þeim tímapunkti ekki vitað hverjir það voru sem réðust á hann.

Magnús Davíð Norðdahl, verjandi annars mannsins, segir ekkert þeirra fjórtán vitna sem lögreglan ræddi við hafa sagt þá ákærðu hafa ráðist á fórnarlambið. Ekkert hafi komið fram við aðalmeðferð sem breyti sönnunarstöðu í málinu. „Í máli þessu hefði aldrei átt að ákæra enda ekkert í gögnum málsins sem rennir stoðum undir sekt umbjóðanda míns né meðákærða,“ segir Magnús. „Í fyrsta lagi er framburður brotaþola við skýrslutöku hjá lögreglu mjög óskýr. Þá spyr lögreglan ítrekað leiðandi spurninga og virðist jafnframt fullyrða við brotaþola að tilteknir nafngreindir aðilar hafi ráðist á hann. Þessi vinnubrögð lögreglu eru ámælisverð og rannsóknarefni út af fyrir sig. Það er með öllu óásættanlegt í réttarríki að einstaklingar séu ákærðir á veikum grunni og hvað þá heldur sakfelldir.“

Mennirnir tveir sem ákærðir eru hafa aldrei hlotið dóm fyrir ofbeldisbrot áður. **– sa**



Fórnarlambið vissi ekki eftir árásina hverjir réðust á hann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Þá spyr lögreglan ítrekað leiðandi spurninga og virðist jafnframt fullyrða við brotaþola að tilteknir nafngreindir aðilar hafi ráðist á hann.
>
> Magnús Norðdahl verjandi



**Már Guðmundsson seðlabankastjóri með einn ófalsaðan.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Falsaðir seðlar greiddu bensín

**LÖGREGLUMÁL** Falsaðir 10.000 króna seðlar voru notaðir til að greiða fyrir veitingar á matsölustað í miðborginni í síðustu viku. Fyrr í mánuðinum var karlmaður handtekinn fyrir að greiða fyrir viðskipti á bensínstöð með fölsuðum seðli. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu leiddi árvekni starfsmanns bensínstöðvarinnar til handtökunnar.

Lögreglan beinir þeim tilmælum til afgreiðslufólks að vera á varðbergi vegna þessa og hvetur jafnframt til þess að þeir sem eru í afgreiðslustörfum kynni sér helstu öryggisþætti íslenskra peningaseðla á heimasíðu Seðlabanka Íslands. **– þh**

## Sauðárkrókur fær ekki jólatré

**SKAGAFJÖRÐUR** Kongsberg, vinabær sveitarfélagsins Skagafjarðar í Noregi, hefur ákveðið að senda ekki jólatré til Skagafjarðar frá og með árinu 2017.

Jólatréð sem Skagfirðingar tendra þessi jólin verður því það síðasta sem kemur hingað til lands frá Kongsberg.

Bæjarráð Skagafjarðar fundaði um málið þann 17. nóvember síðastliðinn. Þakkaði ráðið Kongsberg fyrir þann hlýhug sem sýndur hefur verið í áratugi með því að senda jólatré að gjöf til íbúanna. Ljóst verður að Skagfirðingar þurfa að sækja sér jólatré annað á næsta ári. **– sa**

# Bændur fá aðeins brotabrot af endursöluverði kindakjöts

**Dæmi eru um að íslenskir bændur fái eitt prósent af söluverði kindaafurða í matvöruverslunum. Reiði er á meðal margra þeirra vegna lækkaðs afurðaverðs til bænda sem rekja má til verri stöðu á útflutningsmörkuðum. Stór hluti mismunarins virðist renna til verslunarinnar. Miklar umræður meðal bænda á Facebook.**

**LANDBÚNAÐUR** Soðið hefur upp úr hjá sauðfjárbændum vegna gríðarlegs mismunar sem er á milli afurðaverðs til bænda á ærkjöti og verðs á ýmsum kindaafurðum í verslunum. Dæmi er um að grafið kindafillet kosti 9.959 krónur kílóið í verslunum Fjarðarkaupa en bændur fá eftir sem áður í kringum 116 krónur fyrir kílóið, eða eitt prósent af söluverði afurðarinnar. Í hópi sauðfjárbænda á Facebook hafa skapast miklar umræður um málið.

Tilkynnt var um lækkun á afurðaverði síðsumars fyrir dilka og fullorðið fé og vakti lækkunin hörð viðbrögð enda þvert á markmið nýsamþykkts búvörusamnings. Lækkunin var meðal annars rökstudd með því að illa hefði gengið að selja hliðarafurðir, svo sem gærur, á erlendum mörkuðum en sauðfjárbændur sendu í ágúst frá sér ályktun um að óboðlegt væri að velta uppsöfnuðum rekstrarvanda á sveitir landsins.

Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, segir allan gang á því hve hátt hlutfall af söluverði afurðanna renni til bænda en dæmið sem hér er tekið að ofan sé eitt það ýktasta. „Við höfum reiknað út að í grófum dráttum fái bændur um það bil þriðjung af endanlegu útsöluverði í sinn vasa sem okkur finnst mjög lágt hlutfall. Í sumum tilfellum fá þeir meira en auglóslega, eins og þetta dæmi sannar, í sumum tilfellum miklu minna.“

Svavar segir að bændur í nágrannalöndum Íslands geri kröfu um að fá tvo þriðju hluta af útsöluverði í sinn vasa.



**Afurðaverð til bænda var lækkað í haust. Sú lækkun hefur þó á engan hátt skilað sér til neytenda ef marka má tölur úr matvöruverslunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Þetta sýnir að skiptingin er ekki sanngjörn eins og við höfum verið að halda fram
>
> Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda



„Við höfum ekki nákvæmar upplýsingar um hvernig verðið skiptist á milli sláturhúsa, kjötvinnsla og smásölu en við vitum hins vegar hvað bóndinn fær og hvert endanlegt útsöluverð er. Þetta sýnir að skiptingin er ekki sanngjörn eins og við höfum verið að halda fram.“

Svavar vill ekki draga ályktanir um í vasa hvers mismunurinn rennur að mestu en bendir þó á skýrslu Samkeppniseftirlitsins um dagvöruverslanir. Þar kemur fram að arðsemi matvöruverslana hér á landi sé meiri en gengur og gerist. Meðalarðsemi í Evrópu sé þrettán prósent og ellefu prósent í Bandaríkjunum. Á Íslandi sé arðsemi matvöruverslana aftur á móti 35 til 40 prósent. „Ef við tölum út frá staðreyndum þá hefur eftirlitið sagt að það sé fákeppni á dagvörumarkaði og fyrirtækin skila miklu meiri arðsemi en sambærileg fyrirtæki í öðrum vestrænum ríkjum.“

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins kemur fram að framlegð verslananna af vörum sem framleiddar eru hér á landi sé nítján prósent.

snaeros@frettabladid.is






# Telur sig svikinn um skaðabætur

**SAMGÖNGUR** Magnús Gunnarsson, óánægður farþegi Icelandair, telur flugfélagið svíkja sig um skaðabætur. Hann segir að samkvæmt reglugerðum Evrópusambandsins beri flugfélaginu að greiða honum fjögur hundruð evrur þar sem flug hans var lengra en 1.500 kílómetrar og seinkunin meiri en þrír klukkutímar. Magnús flaug með flugi FI 451 frá Lundúnum til Keflavíkur þann fjórða nóvember síðastliðinn.

Magnús segir flugið hafa átt að fara í loftið 12.30, það hafi hins vegar farið í loftið um þrjú en þá var vélinni snúið við vegna bilunar. Því var þá aflýst og flaug Magnús heim með kvöldvélinni.

Þá hafi hann farið að skoða rétt sinn og haft samband við Icelandair. Flugfélagið svaraði honum hins vegar því að það teldi sig ekki skaðabótaskylt þar sem um óviðráðanlegar aðstæður hafi verið að ræða og vísaði til reglugerðar Evrópusambandsins um slíkt.



**Magnús Gunnarsson, óánægður farþegi Icelandair**

Magnús vísaði þá í niðurstöðu Evrópudómstólsins í máli Wallentin-Hermann gegn flugfélaginu Alitalia frá 2008 þar sem niðurstaðan var sú að flugfélög gætu ekki flokkað tæknileg vandamál flugvéla sem óviðráðanlegar aðstæður.

Icelandair benti á móti á ákvörðun Samgöngustofu frá því í fyrra vegna sambærilegrar kvörtunar þar sem Samgöngustofa komst að þeirri niðurstöðu að óviðráðanlegar aðstæður hafi skapast vegna ófullnægjandi flugöryggis. Því hafi seinkunin í því tilfelli verið vegna óviðráðanlegra aðstæðna og viðkomandi flugfélag ekki skaðabótaskylt.




Magnús segir hins vegar að sú ákvörðun hafi ekkert með mál hans að gera. Hann hyggist jafnframt fara í hart ef hann fær sínu ekki framgengt.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir fluginu hafa verið snúið við vegna bilunar, það flokkist undir óviðráðanlegar aðstæður. „Ég átta mig ekki á því hvort þessi einstaklingur hefur leitað til Samgöngustofu eða hvar hann umkvörtun stendur,“ segir hann. **–þea**


30% afsláttur af öllum húsgögnum og gjafavöru
Opið til kl. 20 í kvöld
BLACK FRIDAY
SALE
Ilmkerti Riverdale
kr. 2.400-, nú kr. 1.680,-
LSA sósukanna m/skeið
kr. 7.800,-, nú kr. 5.460,-
LSA skál
kr. 8.600,-, nú kr. 6.020,-
LSA kökudiskur
kr. 9.900,-, nú kr. 6.930,-
LSA karafla
kr. 7.900,-, nú kr. 5.530,-
LSA rauðvínsglös 4 stk/pk
kr. 12.900,-, nú kr. 9.030,-
idp Sphera leðursófar og sófasett
Stærð: 3ja 215 x 85 cm, stóll 80 x 85 cm. Litir; svart, grátt og dökkbrúnt.
Verð 3+1+1 995.000,- nú 696.500-,
3ja sæta sófi 475.000,- nú 332.500,-, stóll 260.000,-, nú 182.000,-
PB home sófaborð 90x90x45 cm,
verð frá kr. 68.000,- , nú frá 47.600,-
PB home sófaborð 90x90x45 cm,
verð frá kr. 68.000,- , nú frá 47.600,-
Motta (ull) 60x140 cm DAY Home,
kr. .49.000,-, nú kr. 34.300,-
Camerich lazytime tungusófi í áklæði
Stærð: 275 x 175 cm. Litir: brúnt.
Verð kr. 542.000,-. nú kr. 379.400,-
Mikið úrval af púðum,
verð frá kr. 7.400,-, nú frá kr. 5.180,-
Luktir Day Home,
frá kr. 7.900,-, nú frá kr. 5.530,-
KAK 5237 tungusófi m/hvíldarsæti í leðri
Litir; svart, mokka og dökkbrúnt. Stærð 258 x 173 cm.
Verð kr. 498.000,-, nú kr. 348.600,-
HEIMAHÚSIÐ
Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18 og laugardaga 11 -16.

## Nám veitir rétt til dvalar

**SVÍÞJÓÐ** Sænsk stjórnvöld hafa orðið ásátt um lagabreytingu sem veitir fylgdarlausum flóttabörnum, sem átt hafa á hættu að vera vísað úr landi þegar þau verða 18 ára, rétt til dvalar í Svíþjóð stundi þau nám í framhaldsskóla. Þau fá þar með tímabundið dvalarleyfi í fjögur ár.

Um er að ræða hóp flóttabarna sem ekki eru talin þurfa á vernd að halda en eiga ekki öruggt skjól í heimalandi sínu. Hingað til hafa þau oftast fengið dvalarleyfi til frambúðar en í kjölfar ákvörðunar sænsku útlendingastofnunarinnar í sumar fá fylgdarlausu flóttabörnin tímabundið dvalarleyfi þar til þau verða 18 ára. Sænska sjónvarpið greindi frá. **- ibs**

## Minni velta í fataverslun

**VIÐSKIPTI** Velta í fataverslun dróst saman í október síðastliðnum miðað við október í fyrra þótt verð á fötum hafi verið 5,9 prósentum lægra en fyrir ári. Ef borin er saman velta í fataverslun síðustu þrjá mánuði við sama tímabil í fyrra sést að nánast engin breyting var á veltunni milli ára. Bent er á að um síðustu áramót hafi tollar á fatnaði verið felldir niður.

Greiðslukortavelta Íslendinga erlendis í október síðastliðnum var 19 prósentum meiri í október síðastliðnum en í sama mánuði í fyrra. Það þykir gefa vísbendingu um að innkaup landsmanna erlendis hafi aukist og að fatakaup séu líklega þar innifalin. **- ibs**

## Með grænmetið á höfðinu



Í borginni Port-au-Prince á Haítí mátti sjá þessa konu flytja grænmeti á höfði sér um götur. Þar í landi voru kosningar haldnar um síðustu helgi en ekki er búist við úrslitum fyrr en á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA









# Íbúar geta vart lagt í öll stæðin fyrir graseyjum

**Bæjaryfirvöld í Garðabæ segja íbúa í Akrahverfi sjálfa geta kostað breytingar á graseyjum sem íbúarnir telja hindra aðgang að bílastæðum. Eyjarnar séu samkvæmt skipulagi. Íbúi segir skipulagið vera klúður sem bærinn eigi að lagfæra.**

**SKIPULAGSMÁL** „Þetta er skipulagsklúður og bærinn á bara að laga þetta,“ segir Kristján Ólafsson, vélfræðingur og íbúi við Frjóakur í Garðabæ, sem árangurlaust hefur reynt að fá bæinn til að lagfæra graseyjar í Frjóakri.

Að sögn Kristjáns hefta graseyjarnar ekki aðeins aðkomu að stæðum á lóðum húsanna heldur fækki þær líka stæðum sem gætu verið í götunni.

„Í flestum þessum húsum er tveir bílar og jafnvel þrír og stundum koma gestir,“ segir hann. Og þá er ekki allur vandinn upptalinn. „Lögreglan hefur verið að koma á nóttunni í hverfið til þess að sekta þá sem lagt hafa bílum með kannski eitt hjól uppi á gangstétt – þetta er fáránlegt.“

Bæjaryfirvöld benda á að graseyjarnar séu í samræmi við deiliskipulag í Akrahverfi. Kristján segir ekki um það deilt. Vandamálið sé hins vegar skipulagið sjálft. Eyjarnar séu rangt staðsettar um allt Akrahverfi, þær séu fyrir bílastæðum og jafnvel fyrir inngangi húsa.

„Menn geta ekki notað stæðin og íbúarnir hafa sjálfir verið að skera þetta burt en það verður ljótt þegar hver og einn er að gera þetta fyrir sig. Þess vegna vildum við að bærinn gerði þetta svo þetta væri heilsteypt,“ segir Kristján.

Nú síðast sendi Kristján bænum bréf þar sem hann sagði bæjarverkfræðinginn hafa lagt til að íbúar mættu sjálfir leggja grassteina í staðinn fyrir gras í eyjunum og að þeir gætu síðan ekið yfir eyjarnar.

„Litlir bílar komast ekki upp á þetta, þeir bara rekast í og skemmast, þeir eru svo lágir,“ segir Kristján.



Kristján Ólafsson segir graseyjar í Frjóakri og reyndar í Akrahverfinu öllu vera skipulagsklúður sem fækki bílastæðum og hindri aðgang að stæðum við húsin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Lögreglan hefur verið að koma á nóttunni í hverfið til þess að sekta þá sem lagt hafa bílum með kannski eitt hjól uppi á gangstétt – þetta er fáránlegt.**
>
> Kristján Ólafsson, íbúi við Frjóakur í Garðabæ

Bæjarráð Garðabæjar tók bréf Kristjáns fyrir á þriðjudaginn og ítrekaði þá frá því áður að frágangur götunnar sé í samræmi við deiliskipulag en að það taki jákvætt í einstaka breytingar á vegum íbúa í samráði við tækni- og umhverfissvið bæjarins. Að auki var bæjarstjóranum falið að ræða við Kristján.

gar@frettabladid.is

# SVARTUR FÖSTUDAGUR

*...eða þannig*





Lutool veltisög 1800W
255mm blað
~~54.990~~
**43.900**

Lutool Borðsög 1800W
250mm blað 54x50cm
~~28.990~~
**21.900**



Drive Bílskúrsryksugan
1200W, 20 lítrar
~~9.790~~
**5.990**

LuTool Pússivél 560W
m/hjámiðju snúning
~~11.990~~
**8.990**



MARTINELLI harðparket, planki,
hvít eik 2200x240x12mm AC4
~~2.690~~ pr.m²
**1.890** pr.m²



VITRA postulínsflísar 10x30 cm
~~2.990~~ pr.m²
**2.390** pr.m²



Spandy 1200W Cyclone
heimilsryksuga
~~9.790~~
**7.490**

WC með stút fyrir gólf
ÁN SETU
~~16.990~~
**11.900**



CERAVID
Þýsk gæði



3-6 lítra
hnappur

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur
og hæglokandi seta.
Þýsk gæðavara
~~39.990~~
**29.900**

Hæglokandi seta

Skál:
„Scandinavia design"



Búkki – Vinnuborð
stillanlegt (E)
~~3.690~~
**2.790**



Áltrappa 3 þrep
~~3.990~~
**2.990**

A0118-104 4 þrep
~~10.900~~
**7.990**

LLA-308
PRO álstigi 3x8 þrep
2,27-5,05 m
~~18.990~~
**13.990**

VERÐ GILDA
25. OG 26. NÓV.
MEÐAN BIRGÐIR
ENDAST

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

# TÆKNI

## Tesla og SolarCity sjá heilli eyju fyrir rafmagni

Ákveðið hefur verið að fagna 300 milljarða króna kaupum rafbílarisans Tesla á sólarorkufyrirtækinu SolarCity með því að sjá öllum íbúum eyjunnar Ta'u, einnar Bandarísku Samóa-eyja, fyrir rafmagni. Íbúar hafa hingað til framleitt rafmagn með dísilrafölum en undanfarið hefur Tesla sett upp fjölda sólarsella og rafgeyma til þess að sjá íbúunum 600 fyrir rafmagni.

Með þessu eiga að sparast um fjögur hundruð þúsund lítrar af dísilolíu ár hvert að viðbættri þeirri olíu sem þarf til að flytja olíuna til Ta'u. Sólarorkunetið á Ta'u á jafnframt að geta séð eynni fyrir rafmagni í þrjá sólarlausa daga og getur það hlaðið rafhlöðurnar að fullu á sjö klukkutímum.

Verkefninu er ætlað að sýna fram á kosti samrunans en Elon Musk, eigandi Tesla, hefur sætt gagnrýni fyrir kaupin þar sem SolarCity er ekki nálægt því að skila hagnaði. Samkvæmt frétt The Verge eyðir SolarCity sex Bandaríkjadölum fyrir hvern einn sem fyrirtækið aflar. Musk hefur hins vegar sagt samrunann nauðsynlegt skref í svokallaðri „Master Plan"-áætlun sinni um notkun grænnar orku.

Þá greindi Musk einnig frá því á dögunum að verkfræðingar SolarCity sæju fram á að geta framleitt og selt svokallaðar sólarþakplötur, þakplötur sem jafnframt söfnuðu sólarorku sem viðkomandi heimili gæti nýtt. Þær plötur sagði Musk að yrðu ódýrari en venjulegar þakplötur jafnvel áður en sparnaður vegna ókeypis orkunotkunar væri tekinn með í reikninginn. – þea



Tæknijöfurinn Elon Musk sér heilli eyju fyrir rafmagni. NORDICPHOTOS/AFP

## Vísindavæða líkamsrækt

Kanadíska fyrirtækið Athos hyggst framleiða líkamsræktarklæðnað með innbyggðum tölvubúnaði svo að hægt sé að mæla áreynslu vöðva, hjartslátt og fleiri þætti meðan á líkamsrækt stendur. Upplýsingarnar yrði svo hægt að skoða í þar til gerðu forriti fyrir snjallsíma en gögnin yrðu send í gegnum Bluetooth.

„Stór hluti líkamsræktar byggist nú á upplýstum ágiskunum. Með okkar tækni gætu einkaþjálfarar virkilega skilið og séð hvernig og hvar reynir á íþróttamenn. Þeir gætu séð hvað virkar og hvað virkar ekki og nýtt upplýsingarnar til að fá íþróttamenn til að skila meiri árangri," sagði Don Faul, forstjóri Athos, í viðtali við CNN Tech í gær.

Faul sagði jafnframt að vandamálið væri ekki að fá tæknina til þess að virka. Erfiðara væri hins vegar að setja upplýsingarnar fram á skiljanlegan hátt fyrir neytendur svo þeir gætu skilið hvað þær þýddu. – þea

## Shazam fyrir skófatnað

Breska fyrirtækið Happy Finish vinnur að útgáfu snjallsímaforrits að nafni Shoegazer sem mun gera neytendum kleift að beina myndavél síma sinna að skóm og fá þá upplýsingar um viðkomandi skó.

Shoegazer minnir að því leyti á tónlistarforrit á borð við Shazam sem nota hljóðnema síma til þess að hlusta á tónlist og segja neytandanum hvaða lag er verið að spila og hver flytjandi þess er.

Forritið nýtir gervigreindarbúnað sem á að læra um fleiri og fleiri skó eftir því sem það er notað meira.

Cnet greinir frá því að Happy Finish vilji að forritið geti í framtíðinni tjáð notendum hverju þeir skuli að klæðast til að líta sem allra best út. – þea



# Gervigreind Google betri í varalestri en atvinnumenn

**Gervigreind DeepMind, sem er í eigu Google, horfir á sjónvarpsþætti til að læra varalestur. Slík kunnátta gagnast við raddstýringu ýmissa tækja. Áður vann sama gervigreind einvígi við heimsmeistarann í Go. Önnur gervigreind Google þróar eigið tungumál til að notast við þýðingar í forritinu Google Translate.**

Fyrirtækið DeepMind, sem er í eigu tæknirisans Google, hefur í samstarfi við Oxford-háskóla látið gervigreind sína horfa á fimm þúsund klukkutíma af sjónvarpsþáttum til þess að læra varalestur. Um er að ræða sex mismunandi sjónvarpsþáttaraðir sem sýndar voru á árunum 2010 til 2015.

Eftir að hafa horft á sjónvarpsefnið gat gervigreindin lesið um helming orða sem tvö hundruð varir, valdar af handahófi, mæltu án þess að gera villu. Til samanburðar réð DeepMind varalesara til þess að lesa sömu orð af sömu vörum og náði hann einungis að lesa 12,4 prósent orðanna án þess að gera villur.

Notagildi slíkrar gervigreindar felst til að mynda í því að auka nákvæmni raddstýrðrar tækni sem og að gera notendum kleift að stýra slíkri tækni með varahreyfingunum einum ef aðstæður koma í veg fyrir að notandinn geti talað upphátt.

Gervigreindarframfarir Google undanfarið eru eftirtektarverðar en fyrr á árinu tókst sömu gervigreind DeepMind að hafa betur í spilinu Go gegn heimsmeistaranum Lee Sedol. Hafði gervigreindin betur með fjórum sigrum gegn einum.

Sá sigur þótti einkar merkilegur þar sem mögulegir leikir í spilinu eru sagðir fleiri en fjöldi atóma í alheiminum.

Wired greindi frá öðrum framförum Google á sviði gervigreindar á miðvikudag. Sú gervigreind, sem Google notar til þess að þýða hin ýmsu tungumál með forritinu Google Translate, hefur nú þróað sitt eigið tungumál.

Google tók í notkun svokallað tauganet í september til þess að bæta Google Translate og sjálfvirknivæða forritið í stað þess að reiða sig um of á notendur. Tauganetið lærir að þýða með því að líta á setningar í heild sinni fremur en stök orð og kemur það sér vel vegna þess hve málfræði tungumála getur verið frábrugðin.

Nú hafa umsjónarmenn tauganetsins tekið eftir því að netið getur þýtt tungumál sem það hefur aldrei lært að þýða úr áður. „Gervigreindin getur þýtt úr kóresku á japönsku þrátt fyrir að hafa aldrei séð dæmi um slíkar þýðingar," sagði Mike Schuster, einn umsjónarmanna, í samtali við Wired.

Schuster segir það mikilvægasta við framfarir tauganetsins ekki það að það geti þýtt úr málum sem það hafi ekki séð áður heldur aðferðina sem tauganetið notar. Það hefur búið til eigið tungumál, eins konar millitungumál, sem notast er við til að útskýra hvernig sé hægt að þýða orð og setningar úr málum sem tauganetið hefur ekki þýtt úr áður.

Því má búast við að þýðingargeta Google Translate muni aukast eftir því sem fram líða stundir og tauganetið að baki forritinu lærir meira.

thorgnyr@frettabladid.is



Lee Sedol laut í lægra haldi fyrir gervigreind DeepMind í hinu ævaforna og flókna spili Go. NORDICPHOTOS/AFP

**» Tauganetið að baki Google Translate getur þýtt úr málum sem því hefur ekki verið kennt að þýða úr.**

**» Gervigreind DeepMind les varir betur en atvinnumenn í varalestri.**



# BLACK FRIDAY

## TILBOÐIN GILDA 25.-27.11

SPARIÐ ALLT AÐ

# 70%

## Á VÖLDUM VÖRUM!

FULLT AF FLOTTUM **BLACK FRIDAY** TILBOÐUM Í VERSLUNUM OKKAR




**OPNUNARTÍMI 25.11.:** Smáratorg, Korputorg: 10:00-22:00 Glerártorg: 10:00-24.00

Toys R Us®


50% afsláttur
LANGESKOV SKRIFBORÐ
B110 x H75 x D60 sm.
Vnr. 3692306
FULLT VERÐ: 24.950
12.450
60% afsláttur
KRONBORG OF DENMARK
HALDI KODDI
Góður koddi sem minnir í flesta staði á góðan dúnkodda. Fylltur með 800 gr. af sílikonhúðuðum polyesterholtrefjum. Áklæði úr 100% bómull. Stærð: 50 x 70 sm. Þolir þvott við 60°C.
Vnr. 4217604
FULLT VERÐ: 4.995
1.995
2 FYRIR 1
NÚ 2 PÖR
2.995
MEMORY FOAM INNISKÓR
Nokkrar stærðir. Litur: Grár.
1 par 2.995
nú 2 pör 2.995
Vnr. RL-1601
VIVA LA VIDA PÚÐI
Fæst í nokkrum gerðum. Vnr. ASH301750
50% afsláttur
FULLT VERÐ: 1.995
995
50% afsláttur
DALMOSE SKRIFBORÐSSTÓLL
Skrifborðsstóll á krómfæti með lágu baki. Þverband er í bakinu sem gefur stuðning. Hægt að rugga. Litur: Svartur.
Vnr. 3620061
FULLT VERÐ: 12.950
6.450
60% afsláttur
NÚ VERÐ FRÁ:
265
BREEZE HANDKLÆÐI
Efni: 100% bómullarfrotté. Fáanleg í nokkrum fallegum litum. Stærðir: 50 x 90 sm. 695 nú 265 65 x 130 sm. 1.495 nú 598
Vnr. 43003007
50% afsláttur
12 STK.
VÍNGLÖS
12 stk. í pakka.
Vnr. VER000940
FULLT VERÐ: 3.495
1.745
60% afsláttur
196 X 135 SM.
FULLT VERÐ: 29.950
11.950
RAGNAR SPEGILL
Stærð: 196 x 135 sm.
Vnr. 329-15-1029
50% afsláttur
FULLT VERÐ: 399
199
MEUZHILI NÆRBUXUR
Vnr. 25000350
50% afsláttur
2 STK.
FULLT VERÐ: 6.995
3.495
SANDBJERG INNSKOTSBORÐ
Efni: MDF og járn.
B38/35 x L38/35 x H41/38 sm.
Vnr. 3617240
RENNINGAR
Stærð: 80 x 200 sm.
Vnr. 48416037080200, 47113053080200
FULLT VERÐ: 7.995
3.195
60% afsláttur
SALT
HOME
PEPPER
WC SETT
Ruslafata og WC bursti saman í setti. Vnr. VER000931
50% afsláttur
60% afsláttur
FULLT VERÐ: 2.495
995
CHARLOTTE STÓLL
Stílhreinn stóll með PU áklæði og króm-fótum. Vnr. 8880000698
FULLT VERÐ: 12.950
6.450
50% afsláttur
FULLT VERÐ: 1.995
695
65% afsláttur
10 PÖR
ÖKKLASOKKAR
10 pör í pakka.
Vnr. 27000335
JÓLA-PAPPÍR
20 metra rúlla.
Vnr. 1003-15-1009
20 METRAR
FULLT VERÐ: 1.295
645
OPIÐ Í ÖLLUM BÚÐUM
TIL KL. 20:00
TIL KL. 24:00
Á AKUREYRI

# BLACKFRIDAY

## SPARIÐ ALLT AÐ 75%

50% afsláttur

FÆTUR OG BOTN FYLGJA

Royal Dream
a dream come true

**ROYAL DREAM DÝNA**
Góð, miðlungsstíf dýna með MEMORY FOAM í efsta lagi. Stærðir:
90 x 200 sm. **79.950** nú **39.950**
120 x 200 sm. **99.950** nú **49.950**
Vnr. 8880000700, 8880000703

NÚ VERÐ FRÁ:
**39.950**

Mjúk / Meðalstíf / Stíf – Stífleiki | Svæðaskipt | Memory svampur | Yfirdýna | Pokagormar | 2 ára ábyrgð | 10 ára ábyrgð
MEMORY FOAM

**BLANDARI**
Einfaldur í notkun. Nokkrar könnur fylgja. 218 vött.
Vnr. VER000948

75% afsláttur

21 STK.

FULLT VERÐ: 7.995
**1.995**

50% afsláttur

BÓMULLARSATÍN

NÚ VERÐ FRÁ:
**1.995**

**PRAGA OG PERLA SÆNGURVERASETT**
Efni: 100% bómullarsatín.
140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.
**3.995** nú **1.995**
140 x 220 sm. og 50 x 70 sm.
**4.995** nú **2.495**
Vnr. 131-1113, 131-1114

70% afsláttur

TAXI

NÚ VERÐ FRÁ:
**2.995**

**TAXI FERÐATÖSKUR**
Flottar, gular ferðatöskur með góðu handfangi og hjólum. Fást í 3 stærðum: Lítil **10.950** nú **2.995**
Miðst. **16.950** nú **5.085** Stór **24.950** nú **7.485**
Settið **44.950** nú **13.485** Vnr. K120000700

60% afsláttur

1 STK. 199
**79**

**WER DISKAMOTTUR**
Glæsilegar diskamottur með steinaáferð.
Vnr. CY2701410

70% afsláttur

FULLT VERÐ: 695
**199**

**HERRANÆRBUXUR**
Fáanlegar í mörgum stærðum og litum á frábæru verði! Stærðir: S - XXL.
Vnr. 25000333

50% afsláttur

GOLD
EINSTÖK GÆÐI

**MICROFILL TREFJASÆNG**
Góð trefjasæng fyllt með 1100 gr. af sílikonhúðuðum polyester holtrefjum. Má þvo við 60°C. Stærð: 135 x 200 sm.
Vnr. 4032450

FULLT VERÐ: 7.995
**3.995**

50% afsláttur

**OPLEV KOMMÓÐA**
Efni: Fura og MDF. Stærð: B46 x H70 x D38 sm.
Vnr. 3674108

FULLT VERÐ: 16.950
**8.450**

55% afsláttur

FULLT VERÐ: 3.995
**1.795**

**BAÐVOG**
Digital baðvog. Vnr. DH2000120

**WOLF HÚFA**
Ein stærð. Vnr. 48110015

75% afsláttur

FULLT VERÐ: 1.995
**499**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**GILDIR AÐEINS 25.11**

# MARKAÐURINN



Donald Trump var kjörinn forseti 8. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Hagkerfið blómstrar eftir kjör Trumps

Útlit er fyrir að fjórði ársfjórðungur verði góður fyrir bandaríska hagkerfið en það virðist vera að styrkjast í aðdraganda forsetatíðar Donalds Trump.

Reuters greinir frá því að pantanir á vörum framleiddum í Bandaríkjunum hafi aukist í október, vegna aukinnar eftirspurnar eftir vélum og öðrum tólum. Þetta sé ein vísbending um að fjórði ársfjórðungurinn verði góður vestan hafs.

Væntingavísitalan jókst samkvæmt nýjustu tölum. Neytendur virðast telja að sigur Trumps verði jákvæður fyrir persónulegan fjárhag þeirra og framgang í efnahagslífinu.

Þeim sem sóttu um atvinnuleysisbætur fjölgaði milli vikna, sem er í takt við aukið aðhald á vinnumarkaði. Talið er líklegt að stýrivextir verði hækkaðir núna í nóvember í ljósi þessarar aðstæðna. – sg

## Indverska rúpían nálægt sögulegu lágmarki



Í gær kyrrsetti indverska lögreglan meðlim kommúnistaflokks Indlands í kjölfar mótmæla gegn indverska forsætisráðherranum, Narendra Modi. Hópur fólks kom saman fyrir utan banka í Chennai til að mótmæla því að bankaseðlar með hárri upphæð voru teknir úr umferð. Gengi indverska gjaldmiðilsins, rúpíu, gagnvart Bandaríkjadal fór nálægt sögulegu lágmarki í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Tækifæri á markaðnum

„Markaður með fyrirtækjaskuldabréf er mjög lítið notaður í augnablikinu af fyrirtækjum á Íslandi. Það er mun minni útgáfa og skráning en við sjáum í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Ef maður undanskilur sértilfelli eins og Lúxemborg og Írland þá eru allir markaðir sem við viljum bera okkur saman við tvisvar til tíu sinnum stærri,“ segir Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallar Íslands. Kauphöllin hélt fund um framtíðarsýn markaðar með fyrirtækjaskuldabréf í gær.

„Ég held að það hafi verið ágætis samhljómur í þessu hjá fundarmönnum. Við erum ekki absólút stór né í hlutfalli af landsframleiðslu þar sem fyrirtækjaskuldabréfamarkaðurinn er 24 prósent. Mjög fá hefðbundin rekstrarfélög eru í þessu, bankar hafa borið þennan markað, 64 prósent fyrirtækja sem skrá skuldabréf eru í fjármálastarfsemi,“ segir Magnús. „Það er kannski ekki skrítið að við höfum byrjað að byggja þetta kerfi upp á bréfum fasteignafélaga og sértryggðum bréfum bankanna. Það vantar kannski traustið og svo má kannski segja að það sé tiltölulega nýlega tilkomið að félög standi á svo föstum grunni að þau geti skráð sig á skuldabréfamarkaðinn,“ segir Magnús.

Hann telur einnig tækifæri á markaðnum í bættri umgjörð. – sg

> **Markaður með fyrirtækjaskuldabréfum er mjög lítið notaður.**



Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallarinnar

# Vilja borga íslenskum Instagram-stjörnum

**Sprotafyrirtækið Takumi tengir saman fyrirtæki og íslenska áhrifavalda á samfélagsmiðlum. Gengið hefur vel í Bretlandi og hefst íslensk herferð fyrir jólin. Hlutafé fyrirtækisins var aukið nýlega og stefnir það næst til Bandaríkjanna.**

„Appið okkar er hannað þannig að við viljum að áhrifavaldar (e. influencers) velji sér fyrirtæki til að vinna með en ekki öfugt. Þú átt aldrei að vera að auglýsa vöru sem þú fílar ekki,“ segir María Jonný Sæmundsdóttir hjá Takumi.

„Við förum af stað á Íslandi í desember. Þá geta allir með þúsund fylgjendur á samfélagsmiðlinum Instagram náð í appið okkar á iOS/Android. Við förum svo yfir alla reikningana og hleypum þeim inn sem eru með flottar myndir og hafa ekki keypt sér fylgjendur,“ segir hún.

Takumi er íslenskt frumkvöðlafyrirtæki sem vinnur að því að tengja saman áhrifavalda á samfélagsmiðlum og fyrirtæki. Áhrifavaldar sem taka þátt í herferð Takumi fá að lágmarki fimmtíu evrur, 6.000 krónur, fyrir mynd sem auglýsir vöru. „Svo fylgja oft vörur með og þá fá notendur að lágmarki fimmtíu evrur og vöruna,“ segir María.

Íslendingar hafa verið að auglýsa í gegnum kostaðar bloggfærslur og Snapchat. María segir þó þróunina ekki vera komna á sama stað á Instagram. Í Bretlandi sé þetta hins vegar komið á alvöru skrið. Duldar auglýsingar á samfélagsmiðlum og bloggum hafa sætt nokkurri gagnrýni, en lagt er upp úr því hjá Takumi að auglýst sé að umfjöllun sé kostuð. „Hjá okkur verður þú að nota myllumerkið ad og myllumerki fyrirtækisins sem og myllumerki herferðarinnar svo að auglýst sé að um auglýsingu er að ræða. Fólk á líka að velja vörur sem það fílar og er stolt af að auglýsa og þá er ekkert



Íslendingar með yfir 1.000 fylgjendur á Instagram geta fengið greitt fyrir að auglýsa vörur í gegnum Takumi. MYND/TAKUMI

> **Við förum af stað á Íslandi í desember. Þá geta allir með þúsund fylgjendur á samfélagsmiðlinum Instagram náð í appið okkar.**



María Jonný Sæmundsdóttir hjá Takumi

að því að fá borgað fyrir það,“ segir María.

Takumi-appið kom fyrst út í Bretlandi í nóvember í fyrra og í Þýskalandi í október síðastliðnum. „Við erum búin að vera með yfir 300 herferðir í Bretlandi en erum rétt að fara á skrið í Þýskalandi. Það fór svolítið hægt af stað í Bretlandi en hefur gengið mjög vel frá því í vor,“ segir María.

Stefnt er að því að koma öllu í gang um miðjan desember hérlendis. „Það er íslensk herferð sem fer í gang fyrir jól. Þannig að þetta verður farið í gang þá,“ segir María. Instagram-stjörnur geta því náð í appið og auglýsendur geta haft samband við Takumi áður.

Takumi hefur vaxið ört á síðustu misserum, sjö manns vinna hjá Takumi í Reykjavík, tólf í London og einn í Berlín. Fyrirtækið tilkynnti um 162 milljóna hlutafjáraukningu í haust. Næst er stefnt á Bandaríkjamarkað. saeunn@frettabladid.is




VIÐ ERUM MEÐ ÞÉR TIL ÖRYGGIS

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

Eldvarnarpakki 1

14.526 kr.

Tilboðsverð í vefverslun

Listaverð: 22.521 kr.

ELDVARNIR

Mikið úrval reykskynjara, slökkvitækja og eldvarnarpakka í vefverslun á oryggi.is.

Öryggismiðstöðin | Sími 570 2400 | oryggi.is


SPORTS FRIDAY
AÐEINS Í DAG, 25. NÓVEMBER
Opið 10:00-20:00 á Bíldshöfða
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM!
24% AFSLÁTTUR
12.990
fullt verð 16.990
YAMAHA STÝRISSLEÐI
Stýrissleði.
29% AFSLÁTTUR
4.990
fullt verð 6.990
KAWASAKI SKÍÐISBRETTI
50% AFSLÁTTUR
9.990
fullt verð 19.990
NIKE AIR ZOOM WINFLO 3 SHIELD
Hlaupaskór, vatnsfráhrindandi. Herra stærðir: 42-47. Dömustærðir: 36-41
45% AFSLÁTTUR
5.490
fullt verð 9.990
NIKE HYPERVENOM PHELON
Gervigrastakkaskór.
Stærðir: 30-38,5
45% AFSLÁTTUR
2.490
fullt verð 4.490
PUMA TECHSTRIPE WINDBREAKER
Vindjakki. Herrastærðir: S-2XL.
45% AFSLÁTTUR
5.990
fullt verð 10.990
DIDRIKSONS SHAWN
Úlpa. Barnastærðir: 130-170
2.490
fullt verð 4.490
45% AFSLÁTTUR
CAMELBAK BRÚSI
Vatnsbrúsi. 0,6 lítra.
39% AFSLÁTTUR
19.990
fullt verð 32.990
MAMMÚT RIDE
30 lítra bakpoki með plássi fyrir snjóflóðavarnar loftpúða, loftpúðinn fylgir ekki með. Aðeins á Bíldshöfða
AÐEINS ÞENNAN EINA DAG!
SJÁ FLEIRI TILBOÐ Á INTERSPORT.IS
INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 18. SUN. 13 - 17.
INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
SPORT TO THE PEOPLE
INTERSPORT

# Leiðir Katrínar til ríkisstjórnar flestar lokaðar

Útilokað er að Katrín Jakobsdóttir nái að mynda fimm flokka ríkisstjórn með Framsóknarflokki í stað Viðreisnar ef marka má orð þingmanns Pírata.

**STJÓRNMÁL** Úti er um tilraunir Katrínar Jakobsdóttur til að mynda fimm flokka stjórn frá vinstri og yfir miðju. Fréttablaðið greindi frá því í gær að Vinstri græn vildu skoða hvort skipta mætti á Viðreisn og Framsóknarflokknum í fimm flokka ríkisstjórn en hugmyndin strandar á Bjartri framtíð og Pírötum.

Þingmenn Bjartrar framtíðar funduðu fyrir hádegi í gær og með stjórn flokksins, sem í eru um áttatíu manns, í gærkvöldi. Á stjórnarfundinum var framtíð samstarfs flokksins við Viðreisn ekki á formlegri dagskrá.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Óttari Proppé, formanni Bjartrar framtíðar, seinni partinn í gær sagði hann að ekki hefði verið rætt annað en að samstarfinu við Viðreisn yrði haldið áfram. Samstarf við Framsóknarflokkinn hafi ekki verið rætt.

„Við höfum ekki sett það á borðið einu sinni. Það er bara eins og hver önnur fræðilega útreiknuð pæling. Við erum lítill flokkur og jafnvel í bandalagi við Viðreisn tiltölulega lítill hluti af þinginu.“

Óttarr hafði í gær rætt við flesta formenn annarra flokka, þar á meðal Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins. Engar formlegar þreifingar hafa þó átt sér stað.

Fari svo að það glitni á milli Bjartrar framtíðar og Viðreisnar á enn eftir að sannfæra Pírata um samstarf við Framsóknarflokkinn. Píratar funduðu stíft í gær um þann möguleika en hljóðið var þungt eftir fundahöldin.

„Við lendum alltaf á þeim stað að þjóðin kallaði eftir þessum kosningum út af Panamaskjölunum. Í Framsóknarflokknum er þingmaður sem var í skjölunum og tók að sér að semja við kröfuhafa um það hvernig kakan myndi skiptast á milli kröfuhafanna og þjóðarinnar, þegar konan hans var kröfuhafi. Við lendum alltaf þar,“ segir Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata.

> Við lendum alltaf á þeim stað að þjóðin kallaði eftir þessum kosningum út af Panamaskjölunum. Í Framsóknarflokknum er þingmaður sem var í skjölunum og tók að sér að semja við kröfuhafa.
>
> Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata



Heimildir Fréttablaðsins herma að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrum formaður flokksins sem var í Panamaskjölunum, sé algjörlega einangraður innan hans og á meðal þingmanna sé talað um Framsóknarflokkinn sem sjö manna þingflokk í stað átta. Píratar hafa velt því upp hvort afstaða þeirra væri önnur ef Sigmundur væri ekki fyrir á fleti.

„En þá horfum við á önnur mál sem flestir flokkar töluðu um, sem er að fara markaðsleið með útboði á aflanum. Vinstri græn í þessum stjórnarviðræðum voru búin að opna á markaðsleiðina en við sjáum bara ekki möguleikann á að Framsóknarflokkurinn sé tilbúinn að gera það. Hann er sérhagsmunagæsluflokkur fyrir sjávarútveginn,“ segir Jón Þór. **– snæ**



Mikið hefur gengið á við gerð Vaðlaheiðarganga. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Gangaloftið hrundi

**SAMGÖNGUMÁL** Litlar sem engar tafir urðu á vinnu Ósafls við gerð Vaðlaheiðarganga þegar tugir rúmmetra af grjóti hrundu úr gangaloftinu í byrjun vikunnar. Rúm tíu tonn af efni hrundu úr loftinu og skemmdu tæki.

Mildi þykir að engir starfsmenn voru nærri þegar loftið gaf sig með þessum afleiðingum. Borvagninn sem notaður er við gangagröftinn skemmdist talsvert við hrunið.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hrynur úr lofti ganganna. Bergið virðist vera mjög laust í sér á stöku stað.

Unnið er nú að því að styrkja bergið þar sem hrunið varð áður en farið verður í frekari gröft. Um 700 metrar eru eftir af sjálfum gangagreftrinum. **– sa**

## Þeir slösuðu tryggðir

**SLYS** Tveir björgunarmenn slösuðust í fyrrakvöld við leit að bónda skammt frá Hvammstanga. Voru þeir báðir fluttir til Reykjavíkur með þyrlu. Annar var útskrifaður stuttu eftir komuna til Reykjavíkur en hinn undirgekkst frekari skoðanir í gær.

Þorsteinn Gunnarsson segir það hafa verið til happs að þyrla gæslunnar hafi verið á staðnum. Bóndinn fannst kaldur og hrakinn seinna um kvöldið.

Þorsteinn bendir einnig á að allir björgunarsveitarmenn landsins eru tryggðir samkvæmt lögum, bæði í útköllum og öðrum störfum á vegum björgunarsveitanna.

Um 50 manns tóku þátt í leitinni að bóndanum. **– sa**



Síðustu fimm ár hefur fækkað um 6 prósent í byggðakjarnanum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Sárvantar uppbyggingu í Húnavatnssýslum

**BLÖNDUÓS** Raforkuflutningar á Norðvesturlandi hafa hamlað uppbyggingu stóriðju í og við Blönduós á síðustu árum. Gagnaver þurfti frá að hverfa vegna ónógrar orku og fyrirhugað álver á Hafursstöðum mun ekki geta fest kaup á orku í bráð.

Arnar Þór Sævarsson segir byggðarlagið vera í vörn, fækkað hafi á síðustu áratugum bæði í sveit og í byggðarlaginu og því þurfi að koma til aðgerða til að spyrna við fótum. „Hefðbundnir atvinnuvegir hafa átt undir högg að sækja hér á svæðinu á síðustu áratugum, það er sjávarútvegur og landbúnaður. Hér eru mun færri sem gera út báta en gerðu fyrir nokkrum áratugum og einnig er fólki að fækka í hefðbundnum landbúnaði,“ segir Arnar.

Að hans mati þarf stóran vinnustað í Húnavatnssýslur til að sporna gegn fólksflutningi af svæðinu. „Það er gremjulegt að gagnaver sem vildi koma til okkar þurfti frá að hverfa vegna þess að ekki er hægt að fá raforku til okkar. Á sama tíma horfir maður á Blöndu renna fram hjá eldhúsglugganum okkar. Hér er næg orka sem við viljum nýta sem næst okkur,“ segir Arnar Þór. **– sa**









# BLACK FRIDAY

# 40% AFSLÁTTUR



Föstudaginn 25. nóvember

Aðeins 25. nóvember

DREAMLINE - Heilsudýnur

Laugardaginn 26. nóvember

SCANDINAVIAN DESIGN



Aðeins 26. nóvember

40% AFSLÁTTUR

WINNER sófi

Sunnudaginn 27. nóvember



Aðeins 27. nóvember

40% AFSLÁTTUR

MINTJENS - Borðstofuborð og stólar

## Gæða vínglös frá RIEDEL



RIEDEL

THE WINE GLASS COMPANY

GRAPE VARIETAL SPECIFIC®

NÝ VARA Í VOGUE

**20%**

**Kynningarafsláttur**

Rúmteppi - Gjafavara - Sængurver



20-40% AFSLÁTTUR

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar

Opnunartímar

| | |
|---|---|
| Föstudag | 10-18 |
| Laugardag | 11-16 |
| Sunnudag | 13-16 |

Vogue

FYRIR HEIMILIÐ

**Síðumúla 30** - Reykjavík | Sími 533 3500

**Hofsbót 4** - Akureyri | Sími 462 3504









**Hluti íbúa Bakkafjarðar telur að nábýlið við sorpurðunina geti haft slæm áhrif á byggðina.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Íbúar ósáttir við sorpurðun

## Hluti íbúa Bakkafjarðar er óánægður með að fá sorpurðun sveitarfélagsins í túngarð byggðarinnar. Deila um urðunina hefur staðið í nokkur ár.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vísaði á dögunum frá kæru íbúa á Bakkafirði þar sem þess var krafist að nefndin felldi úr gildi undanþágu Langanesbyggðar fyrir sorpurðun á Bakkafirði. Málinu var vísað frá sökum þess að ákvörðunin var tekin af umhverfisráðuneytinu.

Urðunarstaður hefur verið á Bakkafirði undanfarna tvo áratugi en þá þjónaði hann aðeins Skeggjastaðahrepp hinum forna. Árið 2006 sameinuðust Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðahreppur undir merkjum Langanesbyggðar.

Fyrir fjórum árum rann starfsleyfi urðunarinnar út og sótti sveitarstjórnin um endurnýjun á starfsleyfi. Sú umsókn sætti kæru íbúa sem töldu að framkvæmdin væri háð mati á umhverfisáhrifum. Í upphafi þessa árs komst áðurnefnd úrskurðarnefnd að þeirri niðurstöðu að það væri óþarft. Í kjölfarið sótti Langanesbyggð um undanþágu frá starfsleyfi sem ráðuneytið veitti í ágúst.

Óánægju hefur gætt hjá ýmsum íbúum Bakkafjarðar vegna málsins. Í Langanesbyggð búa rúmlega fimm hundruð manns. Þar af býr um einn af hverjum fimm á Bakkafirði. Þær raddir hafa heyrst meðal Bakkfirðinga að með málinu sé verið að hygla íbúum Þórshafnar með því að urða sorpið í „túngarði íbúabyggðar“ á Bakkafirði. Urðunin geti haft ýmis áhrif, flest neikvæð, á byggð í Bakkafirði.

> Það er ofboðslega dýrt að urða annars staðar.
>
> Elías Pétursson, sveitarstjóri Langanesbyggðar



„Það hefur verið lagst í töluverða vinnu til að hugsa upp nýja staðsetningu. Sú vinna hefur ekki skilað öðru en því að það er ofboðslega dýrt að urða annars staðar,“ segir Elías Pétursson, sveitarstjóri Langanesbyggðar.

Kostnaðurinn hefur verið umtalsverður því síðustu ár, frá því að starfsleyfið rann út, hefur sorpi sveitarfélagsins verið ekið á Vopnafjörð til urðunar þar. Elías segir ekkert hæft í því að íbúar Þórshafnar séu að nýta sér fjölmennið til að níðast á Bakkfirðingum.

„Við erum ekki að gera þetta að gamni okkar. Ég skil gremju og áhyggjur Bakkfirðinga en það er ekki sanngjarnt að stilla málinu upp á þennan veg,“ segir Elías. „Þetta er ekki þannig að íbúar horfi ofan í urðunina og með réttum aðferðum þá ætti þetta ekki að skapa ónæði.“
johannoli@frettabladid.is

# Blanda fundin í Skotlandi

**NÁTTÚRA** Gæsin Blanda, sem hafði verið saknað frá 11. nóvember síðastliðnum, er komin til vetrardvalar á Skotlandi með millilendingu í Færeyjum. Jón Sigurðsson, gæsapabbi ef svo mætti að orði komast, er himinlifandi yfir að hún skilaði sér til Skotlands.

„Nokkrir fuglar voru merktir í sumar með GSM-sendum. Blanda fór yfir til Skagafjarðar í nóvember og hætti svo að senda merki frá sér. Við vorum orðnir örlítið vonlitlir og héldum að hún hefði verið skotin í Skagafirðinum,“ segir Jón. „Við vorum því himinlifandi þegar hún sendi okkur merki frá Skotlandi.“

Blanda virðist ekki hafa farið hefðbundnar leiðir yfir hafið. Hún millilenti í Færeyjum og tók flugið fyrir hana þaðan til Skotlands aðeins sex klukkustundir. Meðalhraði hennar var þá um 60 km á klukkustund.

En nú er Blanda komin til vetrardvalar og hleður þar batteríin. „Við munum fylgjast grannt með henni í vetur og hlökkum til að fá hana aftur heim á Blönduós næsta vor,“ segir Jón. **– sa**



**Gæsin Blanda tignarleg eftir merkingu í sumar.** MYND/JÓN SIGURÐSSON


Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana. Gildir ekki af
„Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar eða tilboðsvörum. Gildir 25. nóvember á meðan birgðir endast.
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
Skoðaðu tilboðin á husa.is
Opið til 21:00 í Skútuvogi í kvöld
BLACK
FRIDAY
BRJÁLUÐ TILBOÐ AÐEINS Í DAG
weber
Q 3200
74.900 KR.
89.990 KR.
TAKMARKAÐ MAGN, 60 STK.
AÐEINS Í SKÚTUVOGI, GRAFARHOLTI,
SELFOSSI OG AKUREYRI
Electrolux
ÞURRKARI,
BARKALAUS
49.760 KR.
79.990 KR.
TAKMARKAÐ MAGN,
80 STK.
1860171
RUBIKS
BLUETOOTH
HÁTALARI
5.870 KR.
9.950 KR.
TAKMARKAÐ MAGN, 100 STK.
AÐEINS Í SKÚTUVOGI
THOMSON
BLUETOOTH
HÁTALARAR STÓR
13.180 KR.
22.350 KR.
TAKMARKAÐ MAGN, 50 STK.
AÐEINS Í SKÚTUVOGI
Allir pottar og pönnur
30%
afsláttur
Allar bökunarvörur
40%
afsláttur
Öll matarstell og glös
30%
afsláttur
Öll raftæki frá
Russel Hobbs
30%
afsláttur
Allir hnífar og hnífapör
30%
afsláttur
nordlux
Öll inni- og útiljós
40%
afsláttur
Allar ryksugur
30%
afsláttur
Öll George Foreman
heilsugrill
30%
afsláttur
HITACHI
Inspire the Next
Öll Hitachi verkfæri
30%
afsláttur
Allir örbylgjuofnar
30%
afsláttur
BLACK & DECKER
Öll Black & Decker
verkfæri
35%
afsláttur
TRUENORTH
Allur True North
útivistafatnaður
30%
afsláttur
Byggjum á betra verði
www.husa.is



Hópur kvenna og barna notaði tækifærið til að flýja þegar hlé varð á átökum íraskra sérsveita við vígamenn Íslamska ríkisins í Mosúl fyrr í mánuðinum. NORDICPHOTOS/AFP

# Konum á flótta komið til hjálpar

**Frá því vígasamtökin Íslamskt ríki náðu Mosúl og nágrenni á sitt vald fyrir meira en tveimur árum hafa konur þar mátt þola gróft ofbeldi og mikla einangrun. UN Women á Íslandi efna nú til neyðarsöfnunar til að aðstoða þær konur, sem flúið hafa ofbeldið.**

**ÍRAK** Rúmur mánuður er síðan íraski herinn hóf ásamt hersveitum Kúrda sókn sína gegn vígasveitum Íslamska ríkisins svonefnda í Mosúl. Nærri sjötíu þúsund manns hafa flúið átökin og margir þeirra leitað á náðir hjálparstofnana sem hafa sett upp flóttamannabúðir á nálægum svæðum.

Frá því vígasamtökin náðu Mosúl og nágrenni á sitt vald, fyrir meira en tveimur árum, hafa hundruð þúsunda manna flosnað upp af heimilum sínum og eru á vergangi.

Allan þennan tíma hafa konur á þessum slóðum verið einangraðar og mátt þola gróft ofbeldi. Margar þeirra hafa verið teknar í gíslingu og notaðar sem kynlífsþrælar, en margar hafa horfið sporlaust.

Þessar konur flýja nú borgina og eru allslausar. Samtökin UN Women á Íslandi efna af þeim sökum til neyðarsöfnunar fyrir konur í Írak.

„Konur í Mosúl eru í hræðilegri stöðu,“ segir Inga Dóra Pétursdóttir, framkvæmdastýra UN Women á Íslandi. „Þær hafa verið innilokaðar heima hjá sér undanfarin tvö ár og hvorki mátt eiga né nota síma, snjallsíma, internet, horfa á sjónvarp né eiga í samskiptum við umheiminn á nokkurn hátt. Þær hafa verið sviptar lífsviðurværi sínu, reisn sinni og valdi yfir eigin lífi.“

Hún hvetur Íslendinga til að taka þátt í söfnuninni með því að senda sms-ið KONUR í 1900. Það kostar 1.490 krónur og verður andvirðið notað til þess að útvega konum í Írak svonefnd sæmdarsett, en þau innihalda dömubindi, sápu og vasaljós.

„Neyðin er gífurleg,“ segir Inga Dóra. „Nú er mikilvægara en nokkru sinni að hlúa að þessum hópi.“

UN Women hafa sett á fót sérstaka griðastaði í búðum suðaustur af Mosúl. Samtökin tryggja að þar sé veitt kvenmiðuð neyðaraðstoð þar sem tekið er tillit til þarfa kvenna á svæðinu.

Inga Dóra segir að þar sé konum veitt áfallahjálp vegna kynferðisofbeldis. Þær fái sálrænan stuðning, vernd og öryggi.

„Fyrsta skrefið er að veita þeim sæmdarsett með helstu nauðsynjum sem gera konum kleift að halda í virðingu sína. Aftur á móti skortir fjármagn til að geta brugðist við neyðinni og haldið því áfram,“ segir hún. **gudsteinn@frettabladid.is**

## Vígamenn á undanhaldi

Vígasamtökin, sem nefna sig Íslamskt ríki, náðu írösku borgunum Mosúl og Tíkrit á sitt vald í júní árið 2014. Í lok mánaðarins lýsti leiðtogi þeirra, Abu Bakr al Baghdadi, yfir stofnun kalífadæmis á yfirráðasvæði vígasveitanna í Sýrlandi og Írak.

Fyrr á árinu höfðu vígasveitirnar hertekið borgina Rakka í Írak og í lok ársins 2013 náðu þær Fallúdsja í Írak á sitt vald. Næstu mánuðina stækkaði yfirráðasvæði þeirra hratt.

Kúrdar í norðurhluta Íraks og Sýrlands sýndu strax harða mótspyrnu og tókst að stöðva sókn Íslamska ríkisins og ná til baka frá þeim mikilvægum svæðum í báðum löndunum.

Bandaríkjaher hóf, ásamt fleiri löndum, loftárásir á bækistöðvar þeirra í Írak í ágúst 2014 og í Sýrlandi í september. Ári síðar, í september 2015, hófu Rússar síðan loftárásir á vígasamtökin.

Smám saman hefur saxast á það landsvæði, sem vígasamtökin réðu yfir. Í júní 2015 náði íraski stjórnarherinn borginni Fallúdsja og nágrenni á sitt vald. Um miðjan október síðastliðinn hófst síðan sókn Írakshers ásamt Peshmarga-hersveitum Kúrda að borginni Mosúl, sem er næststærsta borg Íraks.




Heimild: IHS Conflict Monitor, ISW

**2014**

**náðu vígasamtökin Íslamskt ríki Mosúlborg og héraðinu í kring á sitt vald.**

# Liðsmenn vígasamtakanna sagðir hefna sín á almenningi

**ÍRAK** Sameinuðu þjóðirnar eru meðal þeirra sem varað hafa við mikilli neyð meðal almennings vegna átakanna í Mosúl. Þar í borg bjuggu eitthvað á aðra milljón manna þegar vígamennirnir náðu henni á sitt vald.

Hundruð þúsunda manna eru á vergangi á þessum slóðum og tugir þúsunda hafa flúið síðan átökin hófust fyrir meira en mánuði.

Borgin er nú umkringd og hjálparsamtök óttast að átökin muni dragast mjög á langinn, með tilheyrandi eymd fram á vor.

> **Íslamska ríkið er vísvitandi að beina spjótum sínum að almennum borgurum.**
>
> Lisa Grande, yfirmaður mannúðaraðstoðar Sameinuðu þjóðanna í Írak

Flóttafólk frá Mosúl segir vígamennina óspart láta reiði sína og vonbrigði bitna á íbúum borgarinnar.

„Íslamska ríkið er vísvitandi að beina spjótum sínum að almennum borgurum. Skotið er beint á fólk,“ segir Lisa Grande, sem er yfirmaður mannúðaraðstoðar Sameinuðu þjóðanna í Írak, samkvæmt frásögn í The New York Times.

„Tugir manna, þar á meðal ung börn og konur, koma á hverjum degi á sjúkrahúsin. Sár þeirra eru skelfileg. Hinir særðu ferðast klukkutímum saman til að fá almennilega meðferð.“

Hún segir engan vafa leika á því að mannfall meðal almennra borgara muni aukast mikið ef íraski herinn fer að beita þungavopnum.



Konur og börn á flotta frá Mosúl, nýkomin yfir brú á ánni Tigris. NORDICPHOTOS/AFP

Bergstaðir
Kolaport
Ráðhúsið
Stjörnuport
Traðarkot
Vesturgata
Vitatorg

# Föstudagur til fjár

## FÖSTUDAGINN 25. NÓVEMBER

Slepptu desemberstressinu og kláraðu jólaundirbúninginn snemma. Gerðu frábær kaup í miðborginni. Afsláttur af völdum vörum víða um miðborgina.

**Næg bílastæði og munið bílastæðahúsin!**

**GEYSIR**
3 fyrir 2 af ullarsokkum frá Geysi. Teppi á tilboði: 14.800 kr. og 12.800 kr.
Skólavörðustíg 7 og 16

**iglo+indi**
25% afsláttur af völdum vörum.
Skólavörðustíg 4a

**SIGURBOGINN**
20% afsláttur af fatnaði.
Laugavegi 80

**GK REYKJAVIK**
20% afsláttur af öllum vörum.
Skólavörðustíg 6

**eva**
15% afsláttur af öllum vörum.
Laugavegi 26

**FLÓ & FRANSÍ**
10% afsláttur af öllum barnaskóm. 20% afsláttur af öllum dömuskóm.
Klapparstíg 44

**Kjólar & Konfekt**
20% afsláttur af öllum vörum. Opið til kl. 21.
Laugavegi 92

**DIMMALIMM**
15% afsláttur.
Laugavegi 53b

**GullBúðin BANKASTRÆTI**
25–30% afsláttur af öllum vörum.
Bankastræti 6

**GÞ**
25–40% afsláttur af öllum vörum.
Bankastræti 12

**kvosin MATVÖRUMARKAÐUR**
Góður afsláttur af völdum vörum.
Aðalstræti 6–8

**aurum LÍFSTÍLL**
15–50% afsláttur af völdum vörum.
Bankastræti 4

**hrím**
20% afsláttur af öllu. Opið til kl. 18.
Laugavegi 25

**BEST OF ICELAND**
20% afsláttur af völdum vörum.
Aðalstræti 6–8

**Ullarkistan**
20–50% afsláttur af völdum vörum.
Laugavegi 25

**Café HAÏTI**
Matur og gjafakörfur. Opið 8–22 frá 19. des. til jóla. Opið til 12 á aðfangadag.
Geirsgötu 7b

BÍLASTÆÐASJÓÐUR
ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ

**MIÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!**
**WWW.MIDBORGIN.IS**

MIÐBORGIN OKKAR



Sinfóníuhljómsveit Íslands lék tónlist Tsjaíkovskíjs á meðan dansararnir athöfnuðu sig á sviðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Uppsetningin á Hnotubrjótnum er ekki sú fyrsta en verkið var frumflutt í Mariinsky-leikhúsinu í St. Pétursborg árið 1892. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hnotubrjótur í Hörpu

St. Petersburg Festival Ballet og Sinfóníuhljómsveit Íslands sýndu Hnotubrjótinn eftir Tsjaíkovskíj í Hörpu í gær. Verkið er einn vinsælasti ballett sögunnar og létu ljósmyndarar Fréttablaðsins sig ekki vanta.



Áhorfendur fylgdust spenntir með sjónarspilinu sem fram fór á sviðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Dansari lítur í spegil baksviðs áður en gengið er á svið til að sýna einn vinsælasta ballett sögunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Dansarar úr St. Petersburg Festival Ballet léku listir sínar á sviðinu. Það gerðu þeir einnig árið 2014 þegar sýningin var haldin á sama stað, í Eldborgarsal Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Einn dansaranna klæðir sig í búning. Aðaldansarar ballettsins hafa unnið til alþjóðlegra verðlauna og hefur dansflokkurinn ferðast til fjölmargra landa. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# BLACK
## ALVÖRU VERKFÆRI
# FRIDAY

**OPIÐ TIL KL. 20:00 Í KVÖLD**

## SJÁ TILBOÐ Á SINDRI.IS/BLACKFRIDAY

### VERKFÆRASETT 42 STK


BLACK FRIDAY 8.900
Fullt verð 17.182

### SMÁHLUTABOX STANLEY



BLACK FRIDAY 590
Fullt verð 1.058

### HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI



BLACK FRIDAY 36.599
Fullt verð 48.829

### HOLUSAGARSETT + BORASETT COBALT + BORASETT STÁL + DRÓNI


16 STK + 19 STK + 80 STK +

BLACK FRIDAY 26.900
Fullt verð 37.894

### SKRÚFJÁRNSETT 1000V



BLACK FRIDAY 1.159
Fullt verð 2.490

### PRO PLUS SERIA

7 SKÚFFUR

**320 verkfæri**

TOPTUL®






BLACK FRIDAY 128.835
Fullt verð 194.511

**www.sindri.is / sími 575 0000**
Viðarhöfða 6 - Reykjavík I Skútuvogi 1 - Reykjavík I Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

# Tveir hinna yngstu bítast um tignina

Augu skákmanna um heim allan hafa undanfarna daga einblínt á Nýju-Jórvík. Þar fer fram um þessar mundir einvígi ríkjandi heimsmeistara, Magnusar Carlsen, og áskorandans frá Rússlandi, Sergeys Karjakín. Farið er að síga á síðari hlutann í viðureigninni sem boðið hefur upp á óvænta afleiki, dramatík en samtímis leiðindi. Fréttablaðið fór yfir stöðu mála og einvígið hingað til.




Sé aðeins horft á stigalista FIDE var Carlsen sigurstranglegri fyrir einvígið enda verið stigahæsti skákmaður heims samfleytt í rúm fimm ár. Karjakín nýtur hins vegar dyggrar aðstoðar og hefur ekki látið undan. Dramatískir afleikir hafa átt sér stað og náði Rússinn að nýta sér einn slíkan til að komast í forystu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Jóhann Óli Eiðsson
johannoli@frettabladid.is

Magnus Carlsen fæddist í Tönsberg í Noregi en fyrstu æviárin elti hann foreldra sína, sem báðir eru verkfræðingar, um Evrópu. Bjó hann til að mynda í eitt ár í Finnlandi og síðar í Belgíu. Faðir hans kenndi honum mannganginn þegar sá stutti var fimm ára en til að byrja með hafði Magnus meiri áhuga á að leggja þjóðfána, höfuðborgir og íbúafjölda ríkja heimsins á minnið.

Þegar Carlsen var átta ára hóf hann að sinna Caissu af alvöru. Stórmeistarinn Simen Agdestein, og fyrrverandi landsliðsmaður Noregs í knattspyrnu, sá að Carlsen var mikið efni og hóf að kenna honum. Norðmaðurinn varð stórmeistari á vormánuðum 2004, sá þriðji yngsti í sögunni á eftir Sergeij Karjakin og Indverjandum Parimarjan Negi.

Í árslok 2010 varð Carlsen stigahæsti skákmaður heims en þeim titli hefur hann haldið nær sleitulaust síðan. Indverjinn Viswanathan Anand er sá eini sem hefur skákað honum á listanum um stutta stund. Carlsen hirti heimsmeistaratignina, nokkuð auðveldlega, af Anand í einvígi þeirra árið 2013 og varði titilinn ári síðar.

### Yngsti stórmeistarinn

Líkt og Carlsen var Sergey Karjakín sannkallað undrabarn í skák. Árið 2002 var hann Ruslan Ponomariov, sem þá var átján ára, innan handar í heimsmeistaraeinvígi hans og Vasily Ivanchuk sem Ponomariov vann. Þá var Karjakín aðeins tólf ára gamall og enn landi Ponomariovs.

Karjakín fæddist í Simferopol, höfuðborg Krímskaga-Úkraínu. Fyrstu æviárin tefldi hann fyrir hönd fæðingarlandsins en árið 2009 veitti Dimitry Medvedev, forseti Rússlands, honum ríkisborgararétt. Ástæðan fyrir breytingunni var sú að í Rússlandi átti hann greiðari aðgang að þeim styrktaraðilum og þjálfun sem hann taldi sig þurfa til að bæta sig í íþróttinni. Líkt og alþekkt er hefur Vladimír Pútín gert sitt besta undanfarin ár til að gera Krím hluta af Rússlandi. Hugsanlegt er, ef hann sigrar, að uppruni Karjakíns gæti nýst í áróðursstríði Moskvu.

Í upphafi árs fór Karjakín í fyrsta skipti yfir 2.700 ELO-stig og hefur haldið sig þar síðan þá. Árið 2014 var hann aðeins einum vinningi frá því að skora Carlsen á hólm þegar hann lenti í öðru sæti, á eftir Anand, á áskorendamótinu. Þau mistök endurtóku sig ekki í mars á þessu ári þegar hann bar höfuð og herðar yfir aðra á áskorendamótinu sem fram fór í hans núverandi heimaborg, Moskvu.

### Skrattinn gegn ömmu sinni

Vinskapur Karjakíns og stjórnvalda í Rússlandi þýðir að hann hefur getað seilst djúpt í rússneska ríkiskassann til að sækja sér fjármagn fyrir undirbúning einvígisins. Heimsmeistaratitillinn tapaðist árið 2007 og nú skal hann sóttur til baka. Í undirbúningsteymi hans má finna elítuþjálfarana Vladimír Potkín, Júrí Dokhoian og Alexander Motylev og aserska ofurstórmeistarann Shakhriyar Mamedyarov. Fyrir hinn almenna lesanda, sem ekki hefur brennandi áhuga á skák, er það sambærilegt því að hafa Pep Guardiola, José Mourinho, Alex Ferguson og Neymar í sínu teymi þegar þú sjálfur ert Lionel Messi. Þá á eftir að minnast á Önnu Chakvetadze en hún var um skeið ein allra besta tenniskona heims. Hún sér um þrekþjálfun stórmeistarans.

Bæði Carlsen og Karjakín vita að til þess að endast klukkustundum saman við borðið þurfa bæði líkami og hugur að vera í toppstandi. Sjálfur ver Carlsen löngum stundum á hlaupabrettinu til að tryggja hámarkseinbeitingu.

Sitjandi heimsmeistara hefur oftar en ekki verið lýst sem „svíðara“. Í því felst að hann á það til að skipta upp mönnum og þreyta andstæðinginn í krefjandi endatafli. Minnsti afleikur eða örlítil ónákvæmni mótherjans getur kostað skákina og stundum er erfitt fyrir andstæðinginn að benda á hvar hann fór út af sporinu.

Skákstíll Karjakíns er að vissu leyti svipaður Carlsens. Hann forðast það að hleypa hlutum í háaloft, mætir vel undirbúinn og reynir að ná frumkvæði í miðtaflinu. Þá er hann annálaður fyrir að ná að halda í horfinu í erfiðum stöðum og finnur oftar en ekki bestu leiðina þegar andstæðingar hans brydda upp á nýjungum. Á móti kemur að hann á það til að leika af sér í tímahraki.

### Sjaldséð mistök Magnusar

Eftirvæntingin fyrir einvíginu var mikil. Um víða veröld sátu skákáhugamenn sveittir á efri vörinni og búnir að poppa, þegar klukkan var sett af stað. Óhætt er að segja að fyrstu tvær skákirnar hafi verið vonbrigði og sú þriðja virtist stefna sömu leið. Meira að segja menn með brennandi áhuga á skák minntust á þornandi málningu.

Dramatíkin hófst í þeirri þriðju eftir rúmlega fimm klukkustunda langa setu. Carlsen hafði juðast á Karjakín sem varðist fimlega í erfiðri stöðu. Tveir ónákvæmir leikir urðu til þess að staða Rússans varð næsta vonlaus en Norðmaðurinn launaði greiðann. Heima sátu áhugamenn, með „ógeðin“ mallandi við hlið sér og trúðu ekki eigin augum.

Næstu skákir voru næsta rólegar en í þeirri áttundu dró til tíðinda. Þegar tímamörkin nálguðust lék Carlsen sjaldséðum afleik og sat uppi með vonlausa stöðu. Karjakin launaði hins vegar greiðann nær samstundis. Síðar í skákinni lék Carlsen af sér á ný, Karjakín gekk á lagið og settist í bílstjórasæti einvígisins.

Níunda skákin fór fram í fyrradag og þegar tímamörkin nálguðust virtist flest benda til þess að Karjakín myndi landa öðrum sigrinum í röð. Ónákvæmni undir lokin, og fimleg vörn heimsmeistarans, varð til þess að í áttunda sinn í einvíginu sættust menn á skiptan hlut.

Tíunda skákin var telfd í gærkvöld en henni var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

## 120 milljóna verðlaunapotti skipt á milli

Karjakín vann sér inn einvígið gegn Carlsen með því að vera hlutskarpastur á áskorendamótinu svokallaða. Meðal annarra á mótinu má nefna Viswanathan Anand, Fabiano Caruana, Peter Svidler og Anish Giri.

Einvígið er tólf skákir og hafa keppendur 100 mínútur hvor til að leika fyrstu 40 leikina. Þá bætast 50 mínútur við og aðrar fimmtán eftir 60 leiki. Að auki bætast 30 sekúndur við í hvert sinn sem ýtt er á klukkuna. Alls má gera ráð fyrir um þremur klukkutímum á mann.

Gömlu reglunni um að ríkjandi heimsmeistari haldi titlinum á jöfnu hefur verið kastað fyrir borð. Verði jafnt eftir tólf skákir verða tefldar fjórar 25 mínútna atskákir, þá tvær fimm mínútna hraðskákir og að lokum stutt „Armageddon-skák“ sé enn jafnt. Þá fær hvítur meiri tíma en svartur sigrar endi skákin með jafntefli. Auk heimsmeistaratignarinnar hlýtur sigurvegarinn bróðurpartinn af 120 milljóna króna verðlaunafénu.

Keppendur skiptast á að hafa hvítt en röðin snýst við þegar einvígið er hálfnað.

## Fjórar lykilstöður úr einvíginu CARLSEN ER MEÐ HVÍTT Á ÖLLUM STÖÐUM



**3. SKÁK - 14. NÓVEMBER**
Carlsen hafði juðast á áskorandanum sem hafði varist eins og hershöfðingi. Hér brást Karjakín bogalistin. **70. - Kxf5?** *70. - Hc3!* (nær ómannlegur leikur) hefði haldið jafntefli. **71. Ra5! Hh1 72. Hb7?** Carlsen launar greiðann. *72. Hf7+ Ke4 73. Kg4 h3 74. Hf4+* vinnur nokkuð örugglega. Karjakín fann einu vörnina með lítinn tíma á klukkunni. **72. - Ha1! 73. Hb5+ Kf4 74. Hxb4+ Kg3 75. Hg4+ Kf2 76. Rc4 h3** Svarta h-peðið varð ekki stoppað nema með þráleik.



**5. SKÁK - 17. NÓVEMBER**
Ótrúlegt atvik átti sér stað í 5. skákinni. Heimsmeistarinn gerði þau mistök að gleyma að skrá niður leik. Hann lék snöggt **41. Kg2?** til að ná tímamörkum. Leikurinn gaf Karjakín færi á h-línunni sem hann nýtti sér ekki. **41. - hxg4 42. hxg4 d4 43. Dxd4 Bd5** Vélarnar segja þetta afleik en það er ómannlegt að gefa peð til að opna línu og nýta það ekki. Tölvuleikurinn *43. - Hh8* hefði sett Carlsen í þrönga stöðu. Skákinni lauk með jafntefli skömmu síðar.



**8. SKÁK - 21. NÓVEMBER**
Í upphafi skákarinnar átti Karjakín áhugaverða möguleika í *19. - Dg5* en ákvað að stýra skákinni í rólegri farveg. Þegar tímamörkin nálguðust lék hann af sér í jafnri stöðu. Síðustu leikir voru **35. c5? Hxd8 36. Rxd8 Rxc5 37. Dd6.** Hér færir *37. - Da4* svörtum umtalsvert betri stöðu. Með minna en mínútu á klukkunni lék Karjakín hins vegar **37. - Dd3??** sem Carlsen svaraði samstundis með **38. Rxe6+! fxe6 39. De7+ Kg8 40. Dxf6** og allt stefndi í enn eitt jafnteflið.



Með hið versta að baki ákvað Carlsen að tefla áfram og berjast fyrir sigri. Eftir á að hyggja hefði hann betur látið það ógert. Í stöðunni hér að ofan lék hann skákinni í tap. **51. De6?? h5!** Eini leikurinn sem færir svörtum heilan punkt. Hvítur getur ekki varist máthótunum og a-peðinu samtímis með góðu móti. **52. h4 a2** og hvítur gafst upp.
Frídagur er í dag en lokaskákirnar fara fram á morgun og hinn. Staðan var 5-4 fyrir Karjakín þegar blaðið fór í prentun.

# FORD FOCUS BLACK FRIDAY EDITION

**-500.000 kr. frá listaverði!**




## + 50% AFSLÁTTUR AF VETRARDEKKJUM OG AUKAHLUTUM!

Staðalbúnaður Ford Focus er á pari við margan lúxusbílinn. Hann er með loftkælingu og upphitanlegri framrúðu, fékk fimm stjörnur í öryggisprófi EURO NCAP, er sítengdur með Bluetooth og búinn nýjustu tækni eins og íslensku leiðsögukerfi og átta tommu snertiskjá. Þú færð framúrskarandi þjónustu hjá Brimborg og við tökum gamla bílinn þinn upp í nýjan Focus.

Þetta tilboð gildir föstudaginn 25. og laugardaginn 26. nóvember.
Miðað er við Ford Focus Trend Edition sem til eru á lager og afhendast fyrir næstu mánaðarmót.
50% afsláttur af vetrardekkjum og aukahlutum
á bara við selda bíla með þessu tilboði.

OPIÐ TIL **20.00 Í DAG!**
REYKJAVÍK OG AKUREYRI

Ford

**Komdu og tryggðu þér glænýjan**
**Ford Focus með 500.000 kr. afslætti!**

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



Herdís kenndi með hljóðlestraraðferð í fjörutíu og fimm ár. Gleðin er mikilvæg, segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



# Við getum unnið þennan ójafna bardaga

**„Gleði og leikur er lykill að læsi,“ segir Herdís Egilsdóttir kennari. Með það að leiðarljósi sé hægt að vinna ójafnan bardaga við tækni og afþreyingu. Hún vonar að íslensk þjóð verði ekki ólæs og hefur gefið út kennsluhandbók í lestri sem byggir á hljóðlestraraðferð sem hún kenndi í fjörutíu og fimm ár.**

„Herdís, Herdís! Það kemur saga út úr mér!“ Þetta hrópaði eitt sinn sex ára drengur í tíma hjá Herdísi Egilsdóttur, kennara í lestrarkennslu í Ísaksskóla. „Þetta er svo mögnuð stund, þegar þessi heimur lýkst upp fyrir börnum. Þau verða frá sér numin af gleði. Gleðinni megum við ekki gleyma,“ segir Herdís sem hefur gefið út kennsluhandbók í lestri. Bókina kallar hún einmitt: Það kemur saga út úr mér! Handbók sem er ætluð þeim sem vilja stuðla að læsi barna. Herdís tileinkar bókina Ísaki Jónssyni, stofnanda Ísaksskóla. Í Ísaksskóla kenndi Herdís mörg hundruð börnum að lesa með hljóðlestraraðferðinni í fjörutíu og fimm ár með gleðina að leiðarljósi. „Ég var átján ára gömul þegar ég útskrifaðist úr Kennaraskólanum og hóf störf við skólann. Ég lærði aðferðina hjá Ísaki sem var brautryðjandi í kennslu yngri barna.“

Í hljóðlestri eru orð ekki slitin í sundur, það eru tengsl milli hljóða sem verður lestur með æfingu. Hljóðlestraraðferðin byggir á því að börn læri hljóðin og þekki táknin þeirra. „Ég hef mikla trú á hljóðlestraraðferðinni því með henni renna börn svo auðveldlega inn í lesturinn,“ segir Herdís.

Hún segir lestrarvanda barna mikla áskorun. „Það er vegna þess að við eigum við ofurefli að etja, sem er tæknin og innreið hennar í líf okkar,“ segir Herdís. „ Nú til dags veit ég að það er erfiðara að gera lestur spennandi vegna keppinauta í afþreyingu og tækni. En það er nú samt hægt. Því ekkert kemur í stað þess að lesa. Við megum samt ekki fyllast vanmætti, verðum að halda áfram starfi okkar hægt og rólega. Án niðurrifs. Fullorðið fólk verður að vera tilbúið þegar börn sýna lestri áhuga. Grípa það eins og brothættan dýrgrip og fara vel með.




Kennsluhandbók Herdísar, Það kemur saga út úr mér! Þarna má líka sjá stafablöðin sem hægt er að hengja upp á vegg. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Ekki neyða börn til að klára leiðinlegar bækur. Það er vís leið til þess að fá þau til að hætta að finnast skemmtilegt og undravert að kunna að lesa.**
>
> Herdís Egilsdóttir

Kennarar sá fræjum og svo fylgjumst við með vextinum. Sum börn þurfa meiri tíma en önnur, þetta hefur allt sinn gang. Við bætum við næringu, hlúum að. Gerum það með jákvæðni og uppörvun en ekki gagnrýni,“ segir Herdís. „Það að kunna að lesa er dýrmætt. Leikur og gleði nær til ungra barna og þau vilja læra.“

## Ekki neyða börn

Herdís segir mikilvægt að leyfa börnum að skynja getu sína þegar þau hafa lært að lesa. „Segjum sem svo að barnið þitt sé búið að læra alla stafina. Það vill lesa stóra fullorðinsbók. Þá megum við ekki segja nei, þetta er ekki fyrir þig. Þetta er fyrir fullorðna. Við eigum bara að hvetja þau til að prófa að lesa en segja þeim að ef þeim finnist þetta ekki spennandi sé til fullt af öðrum skemmtilegum bókum. Heimur bókmennta sé stór og spennandi. Þau geti lesið allar bækur sem til eru, af því að stafirnir eru ekki fleiri í fullorðinsbókunum heldur koma þeir bara oftar fyrir. Börnum á að finnast þau vera með undraverða hæfileika. Því það er rétt. Við eigum frekar að segja við börn að það sé alls ekki víst að allar bækur séu skemmtilegar fyrir þau. Séu þau að lesa bók sem þeim finnst ekki spennandi eigi þau bara að fara og fá sér nýja bók. Ekki neyða börn til að klára leiðinlegar bækur. Það er vís leið til þess að fá þau til að hætta að finnast skemmtilegt og undravert að kunna að lesa. Forvitnin er mikilvæg þessi fyrstu ár í lestri,“ segir Herdís. „Ekki myndum við láta kúga okkur til að klára bækur. Af hverju ætti það að vera öðruvísi fyrir börn?“

## Söngur og leikur

Með bókinni fylgja stafaspjöld sem Herdís hengdi upp á vegg um leið og stafurinn hafði verið kenndur. Hún notaði gælunöfn yfir stafina. S var slöngustafur, Ó var óhappastafur, D var dropastafur til að mynda. Þá rifjast upp sögur og hljóð tengd stafnum. Herdís lét börnin teikna, syngja, leika sögur um stafi, dansa, klippa og líma og föndra. „Það fer eftir þroska og áhuga barnanna. Ef þau vilja hlusta þá er gullið tækifæri. Ef kennara tekst að fá börn í alvörunni til að hlusta, þá gengur vel. Bæði læs og ólæs börn hafa gaman af sögum og leikjum í kringum stafi og hljóð. Oft var ég með fluglæs börn sem vildu alls ekki missa af leikjunum. Mér finnst leiðinlegt þegar ég heyri fullorðið fólk eða kennara segja við börn: Þú átt að vera búinn að læra þetta! Sumir staglast á þessu þegar þeim finnst börnum ganga hægt og illa að læra að lesa. Það má alls ekki segja þetta við börn. Það brýtur þau niður og það hefur engan tilgang.“

## Ekki ólæs þjóð

Herdís vonar að Íslendingar verði aldrei meðal ólæsra þjóða. „Jú, þetta er ójafn bardagi. En ég held að við getum unnið hann og legg mitt af mörkum og ég trúi að við þurfum að koma til móts við barnið fyrr. Strax og barnið vill líta á bók. Allt niður í tveggja ára,“ segir Herdís.

Hún gefur út bókina orðin áttatíu og tveggja ára gömul. Hún hlær og segir marga forviða yfir því hvað henni gangi til á gamals aldri að stússast svona. „Það kemur engum við hvað ég er gömul og síst af öllum sjálfri mér, ég bý enn að gleðinni og trúi á hljóðlestraraðferðina. Ég vona að bókin mín komi til góða í kennslu og ég vona að við verðum ekki ólæs þjóð,“ segir Herdís.

Saman gefum við

# 5 krónur

af lítranum í dag
og styrkjum

STYRKTARFÉLAG
KRABBAMEINSSJÚKRA BARNA

PIPAR\TBWA • SÍA • 165036

GEFUM & GLEÐJUM

Meira á olis.is

olís
síðan 1927

# Matís þátttakandi í risavöxnu verkefni

Þekkingarfyrirtækið Matís hefur tryggt sér þátttöku í gríðarstóru samevrópsku verkefni – annað tveggja frá Norðurlöndunum. Er í fríðum flokki leiðandi fyrirtækja, rannsókna- og menntastofnana. Fjárfestingar í heild nema 1.200 milljörðum króna.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Þekkingarfyrirtækið Matís, sem sinnir fjölbreyttu rannsókna-, þjónustu- og nýsköpunarstarfi í matvæla- og líftækniiðnaði, hefur tryggt sér þátttöku í umfangsmiklu samevrópsku verkefni. Þar koma saman tugir leiðandi fyrirtækja, rannsókna- og menntastofnana til að finna leiðir til nýsköpunar á heimsmælikvarða og ýta undir frumkvöðlastarf innan álfunnar. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu (EIT) fjárfestir í verkefnunum fram til ársins 2020 fyrir 2,4 milljarða evra eða 290 milljarða íslenskra króna. Heildarfjárfestingin mun stappa nærri tíu milljörðum evra, eða 1.200 milljörðum íslenskra króna en þátttakendur fjármagna 75% af rannsóknunum sjálfir.

**Evrópa er á eftir**

Hörður G. Kristinsson, rannsókna- og nýsköpunarstjóri Matís, segir áætlunina byggjast á nýrri hugsun og snúa að átta sértækum verkefnum (Knowledge Innovation Community – KIC), og þar af eitt sem snýst um matvæli og nýsköpun í matvælaiðnaðinum í Evrópu (EIT Food). Þar er snertipunktur Matís við áætlunina, en tilurð hennar er sú staðreynd að Evrópa hefur verið að dragast aftur úr í nýsköpun og mikil áhersla sé lögð á að snúa þeirri þróun við. Verkefnin átta (KIC) séu lykiltól til þess; þau eru sjálfstæðar einingar með forstjóra og framkvæmdastjórn og ráða því hvernig fénu er ráðstafað innan hópsins, eftir ákveðnum reglum sem hópurinn setur sér.

Í hnotskurn er hlutverk KIC-verkefnanna að auka samkeppnis- og nýsköpunarhæfni Evrópu. Stuðla að auknum vexti efnahagslífsins með þróun og uppbyggingu nýrra fyrirtækja, og fjölga störfum með því að þróa nýjar vörur og þjónustu. Eins, og ekki síst, að þjálfa næstu kynslóð frumkvöðla.

„Matís er einn af aðeins tveimur þátttakendum frá Norðurlöndunum sem eru meðlimir í EIT Food og er litið sérstaklega til okkar hvað varðar þekkingu og hæfni þegar kemur að rannsóknum og þróun á afurðum og efnum úr hafinu og ferlum tengdum þeim, eða bláa lífhagkerfinu. Þetta er gríðarlega mikil viðurkenning fyrir Matís og þá vinnu sem okkar frábæra starfsfólk hefur unnið síðustu ár, sem og Ísland. Það má segja að þetta hafi lyft okkur úr fyrstu deild yfir í meistaradeildina,“ segir Hörður og bætir við að umsóknarferlið fyrir einstök verkefni sé afar umfangsmikið og samkeppnin um styrkféð sé gríðarleg.

**Án fordæma**

„EIT Food er verkefnið sem vann eftir mikla vinnu og mjög stranga síu. Það er til sjö ára. Fimmtíu aðilar frá þrettán löndum koma að því; allt fyrirtæki, háskólar og rannsóknastofnanir eða fyrirtæki sem eru fremst á sínu sviði í Evrópu og heiminum,“ segir Hörður og nefnir tvö stærstu matvælafyrirtæki heims, Nestlé og PepsiCo. Einnig Givaudan sem er stærsti bragðefnaframleiðandi heims, fyrirtækin DSM, Roquette, Nielsen, Siemens og Bosch. Einnig taka háskólarnir í Cambridge, ETH Zürich og Tækniháskólinn í München þátt. Önnur öflug rannsóknafyrirtæki, eða stofnanir, í verkefninu ásamt Matís eru m.a. VTT í Finnlandi, Fraunhofer í Þýskalandi og Azti á Spáni.

EIT mun á næstu sjö árum setja allt að 48 milljörðum króna í verkefnið gegn 145 milljarða mótframlagi þátttakenda. „Heildarfjárfestingin er því allra stærsta aðgerð sem farið hefur verið í í Evrópu á sviði matvælarannsókna,“ segir Hörður.

**Þungamiðja umbyltinga**

En hvaða áskoranir ætla þátttakendur, og Matís þeirra á meðal, að takast á við?

„Það verður sett saman sjö ára viðskiptaáætlun á næsta ári til að móta hvernig við sem hópur ætlum að takast á við nokkrar stórar áskoranir sem Evrópa er að kljást við hvað varðar matvælageirann og neytendur. Við ætlum okkur að gera Evrópu að þungamiðju umbyltinga í nýsköpun og framleiðslu á matvælum og fá neytendur beint að borðinu í þessu ferli og þróa 290 nýjar eða bættar afurðir, þjónustu og ferla. Við ætlum einnig að styðja við og skapa 350 ný fyrirtæki, þjálfa yfir 10.000 nemendur í framhaldsnámi og fagaðila í matvælafræði og tengdum greinum fyrir 2024 auk þess að draga um 40% úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda í evrópska matvælageiranum fyrir 2030,“ segir Hörður og nefnir dæmi.

„Matís mun taka virkan þátt í öllu verkefninu en við verðum með sérstaklega stórt hlutverk hvað varðar sjávarfang og innihaldsefni unnin úr sjávarfangi og vannýttu hráefni úr hafinu. Það eru mikil tækifæri í matvælaiðnaðnum hvað varðar notkun á hráefnum og innihaldsefnum úr hafinu til að mæta þörfum framtíðarneytenda. Neytandinn verður miðpunkturinn í þessu mikla verkefni en við munum draga hann að borðinu til að hjálpa okkur að umbylta evrópska matvælageiranum. Þetta verkefni opnar gríðarleg tækifæri fyrir okkur og Ísland og tengir okkur föstum böndum við afar öflugan hóp fyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnana,“ segir Hörður.



Hörður G. Kristinsson og Rósa Jónsdóttir, sérfræðingar hjá Matís, safna vannýttri auðlind á Reykjanesi – íslensku þangi. MYND/TORFI AGNARSSON

## Risavaxið verkefni í hnotskurn

- Sjö ára viðskiptaáætlun sett upp á næsta ári.
- Þróa á 290 nýjar eða bættar afurðir, þjónustu og ferla.
- Styðja á við og skapa 350 ný fyrirtæki, þjálfa yfir 10.000 nemendur í framhaldsnámi og fagaðila í matvælafræði og tengdum greinum fyrir 2024.
- Stefnt á að draga um 40% úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda í evrópska matvælageiranum fyrir 2030.
- Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu (EIT) fjárfestir í verkefnunum fram til ársins 2020 fyrir 2,4 milljarða evra eða 290 milljarða íslenskra króna.
- Heildarfjárfestingin nemur 1.200 milljörðum íslenskra króna en þátttakendur fjármagna 75% af rannsóknunum sjálfir.
- Matís starfar beint og óbeint með Nestlé og PepsiCo, Givaudan sem er stærsti bragðefnaframleiðandi heims, fyrirtækjunum DSM, Roquette, Nielsen, Siemens og Bosch.
- Háskólarnir í Cambridge, ETH Zürich og Tækniháskólinn í München taka þátt.
- Önnur öflug rannsóknafyrirtæki, eða stofnanir, í verkefninu ásamt Matís eru m.a. VTT í Finnlandi, Fraunhofer í Þýskalandi og Azti á Spáni.

> Matís mun taka virkan þátt í öllu verkefninu en við verðum með sérstaklega stórt hlutverk hvað varðar sjávarfang og innihaldsefni unnin úr sjávarfangi og vannýttu hráefni úr hafinu.



Hörður G. Kristinsson, rannsókna- og nýsköpunarstjóri Matís

# Framleiðendur hangikjöts ættu að skipa mestan virðingarsess

**STJÓRNMÁL** Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi í Eyjafirði, segir hart sótt að sauðfjárrækt hérlendis, verslunin reki harðan áróður fyrir innflutningi og gegn stuðningi við landbúnaðinn.

„Margir eru sjálfskipaðir talsmenn neytenda og tala harkalega gegn íslenskri framleiðslu. Minna er spurt hvað íslenskir neytendur vilja í raun. Vilja þeir ekki fá sitt hangilæri á jólum?“ spyr Þröstur í pistli á vef Grýtubakkahrepps.

Þröstur sér ófriðarblikur á lofti. „Fjölgun mannkyns nær sögulegum hæðum og við nálgumst nú ár frá ári endimörk getu jarðar til framleiðslu matar í þann ógnarfjölda.

Við þessar ótryggu aðstæður ætti að vera forgangsmál stjórnmálaafla sem vilja leiða þjóðina inn í óvissa framtíð, að hlúa að innlendri framleiðslu og gæta að öryggi landsmanna,“ skrifar sveitarstjórinn. „Ef við molum niður okkar matvælaframleiðslu í þágu stundargróða viðskiptalífsins, kann það að vera styttra en margur heldur í það að Íslendingar kynnist aftur þeirri skelfilegu tilfinningu, að hafa ekki mat fyrir sig og sína.“

Þá segir sveitarstjórinn hangikjötið vera sögulegan þjóðarrétt. Hangikjötið skipi jafnan heiðurssess á stærstu hátíð landsmanna, jólunum.

„Þeir sem framleiða slíka vöru sem byggir á ævagömlum hefðum, þróuðu ræktunarstarfi og vinnslu undir strangasta gæðaeftirliti, sauðfjárbændur, ættu að skipa mestan virðingarsess í okkar samfélagi,“ segir Þröstur sem ráðleggur öllum þeim, sem telja sauðfjárbændur vera beiningamenn, að hugsa vel sitt ráð upp á nýtt:

„Góð byrjun gæti þá verið að spyrja sjálfan sig; hvað legg ég til samfélagsins með mínu lífi og starfi, er það þjóðinni til jafn mikils gagns og starf bóndans, hvert er mitt hangilæri?“ – gar

> Hvað legg ég til samfélagsins með mínu lífi og starfi, er það þjóðinni til jafn mikils gagns og starf bóndans, hvert er mitt hangilæri?



Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi

# VINSÆLASTA ÆVISAGAN

*„Það er þekkt staðreynd að Sigríður er alveg gríðarlega fyndin og skemmtileg.“* Sigurður G. Valgeirsson / Kiljan

*„Ofboðslega heillandi … sjarmaði mig alveg upp úr skónum …“* Sunna Dís Másdóttir / Kiljan








*„Vigdís og Sigríður sjarmera mann alveg í gegnum þessa bók … Bráðskemmtileg bók.“*

Egill Helgason / Kiljan

*„Mannbætandi bók … Hér er á ferð fullkomið fóður.“*

Guðríður Haraldsdóttir / Vikan

**1.**
**Metsölulisti Eymundsson**
Ævisögur vika 46

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

# Pólarnir og límið í þeim



Hafliði Helgason
haflidi@frettabladid.is

Engum þarf að koma á óvart að ekki tækist að koma saman þeim tveim ríkisstjórnum sem mögulegar voru án þess að flokkar settust niður með þeim sem þeir höfðu útilokað fyrirfram í samstarfi.

Meirihluti Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar vegur salt á einum manni. Fimm flokka ríkisstjórn þarf að sameina mörg ólík sjónarmið og því þarf afar ríkur vilji að vera fyrir samstarfi til að það gangi.

Það hefur lengi verið ljóst að enginn sterkur meirihluti er í kortunum nema að saman komi stjórnmálaöfl sem hafa afar ólíka sýn á hvaða þjóðfélagsgerð sé æskilegust. Annar ásinn, sem stjórnmál dagsins í dag hverfast um, er auðvitað hinn hefðbundni hægri vinstri ás, þar sem umfang og hlutverk ríkisins og viðhorf til hlutverks skattkerfisins skipta meginmáli.

Afstaðan til skattkerfisins mótast af því hvort litið er á það sem tekjuöflunarkerfi eða tekjujöfnunarkerfi. Afstaðan til hlutverks ríkisins snýst um að hve miklu leyti það er heppilegt að ríkið reki starfsemi sem einkaaðilar geta sinnt. Þessar línur eru óbreyttar og þrátt fyrir allt tal um úreldingu vinstri og hægri pólsins er ekkert sem bendir til þess að hann sé úr sögunni.

Hinn ásinn sem hefur mikið vægi er íhalds- og frjálslyndisásinn. Þar takast á opnunar- og lokunarmenn varðandi umheiminn og varðmenn óbreytts kerfis annars vegar og baráttufólk fyrir nýjum vinnubrögðum og opnara og gagnsærra kerfi.

Á þessa póla hefur reynt í fyrstu umferð stjórnarmyndunarviðræðna. Segja má að slitnað hafi upp úr milli Sjálfstæðisflokks annars vegar og Viðreisnar og Bjartrar framtíðar hins vegar á málefnum sem tekist er á um á grundvelli íhaldssemi og frjálslyndis.

Átakalínur í viðræðum fimm flokka undir forystu Katrínar Jakobsdóttur strönduðu hins vegar á klassískri hægri og vinstri pólitík. Sýn á skattkerfið virðist hafa ráðið þar mestu.

Framhaldið verður fróðlegt fyrir áhugafólk um stjórnmál og stjórnmálaþróun. Næstu kostir í stöðunni munu að einhverju leyti leiða í ljós í hvorum ásnum er meiri spenna. Það hefur ekki farið leynt að öfl innan bæði Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna horfa til fordæmis sögunnar í nýsköpunarstjórn Sjálfstæðisflokks, Alþýðuflokks og Sósíalistaflokks sem keypti togara fyrir stríðsgróðann á árunum 1944 til 1946.

Svo skemmtilega vill til að hörðustu stuðningsmenn slíkrar stjórnar eru einmitt fæddir nálægt valdatíma þessarar stjórnar.

Enn þá sér ekki til lands í stjórnarmyndunarviðræðum, en á endanum mun koma í ljós hvort er sterkara lím í stjórnmálum dagsins; lím íhaldsseminnar eða lím sem byggir á sýn á hlutverk ríkis og skatta.

> **Það hefur lengi verið ljóst að enginn sterkur meirihluti er í kortunum nema að saman komið stjórnmálaöfl sem hafa afar ólíka sýn á hvaða þjóðfélagsgerð sé æskilegust.**




## Halldór




## Frá degi til dags

### Útskýrarinn

**Formaður Viðreisnar fullyrti í kvöldfréttum á miðvikudag að í stjórnarmyndunarviðræðum hefði steytt á skatta-, sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum. Píratinn Smári McCarthy hrakti þetta stuttu síðar og sagði að landbúnaðarmálin hefðu ekki verið rædd og stutt hafi verið eftir í sjávarútvegsmálunum. Þá standa eftir skattamálin sem óumdeilanlega steytti á. Í grein í gær sagði Benedikt svo að hann hefði fyrst heyrt af skattatillögum VG í frétt Fréttablaðsins daginn sem upp úr slitnaði. Þingmenn VG vilja meina að þessar tillögur hafi allan tímann verið á borðinu. Jóhannes Þór Skúlason, jafnan kallaður Jóhannes útskýrari, er atvinnulaus sem stendur og gæti allt eins átt von á símtali frá vinstriblokkinni sem vill láta útskýra sig betur eða Benedikt sem þarf að láta útskýra fyrir sér.**

### Heimsendingarþjónusta

**Benedikt viðurkenndi í gær að hafa átt fund með Guðmundi Kristjánssyni, forstjóra Brims, daginn áður en upp úr viðræðunum slitnaði. Hann hefur sagt það ómerkilegar dylgjur að fundurinn hafi haft nokkur áhrif á stjórnarmyndunarviðræðurnar. Heimsóknin hafi hreinlega verið til að útskýra fyrir Guðmundi áherslur Viðreisnar í sjávarútvegsmálum. Benedikt talar fyrir nýjum vinnubrögðum í stjórnmálum. Heimsendingarþjónusta með kosningaloforð er það sannarlega.**

**snaeros@frettabladid.is**

# Óásættanlegur málflutningur forseta ASÍ



Þórður Hjaltested
formaður Kennarasambands Íslands

Kennarar hafa fengið sitt," var haft eftir Gylfa Arnbjörnssyni, forseta ASÍ, þegar hann var spurður út í yfirstandandi kjarabaráttu grunnskólakennara. Með öðrum orðum – kröfur kennara eru óraunhæfar og engin ástæða til að leiðrétta laun þeirra á þessari stundu.

Þarna stingur Gylfi enn einu sinni höfðinu í sandinn og neitar að horfast í augu við stöðu kennarastéttarinnar og skólastarfs í landinu. Kennarastéttin eldist hratt og allt of fáir kennarar útskrifast úr háskólum landsins til að fylla í skarð þeirra sem hætta.

Álagið á starfandi kennara er allt of mikið, sem skilar sér í auknum veikindum og atgervisflótta. Verði ekkert að gert blasir við alvarlegur kennaraskortur innan fárra ára eða jafnvel strax eftir áramót miðað við fjölda þeirra sem þegar hafa sagt upp störfum eða hyggjast gera það á næstu dögum. Við þessu þarf að bregðast strax því það er með öllu ólíðandi að eitt einasta barn fái ekki þá menntun sem það á skilið, hvað þá heilu kynslóðirnar eins og í stefnir.

Það er á ábyrgð ráðamanna að tryggja skólastarf til framtíðar. Það verður aðeins gert með því að hækka laun og bæta starfsaðstæður kennara. Það er algjörlega óásættanlegt hversu illa fimm ára háskólamenntun kennara er metin til launa. Það er ekkert eðlilegt við að þurfa að treysta á að ungt fólk velji kennarastarfið af hugsjón og sé tilbúið að sætta sig við að geta ekki lifað af launum sínum. Það sýnir sig líka að unga fólkið segir einfaldlega nei – og hópast þess í stað í nám í lögfræði, viðskiptafræði og hagfræði. Okkur vantar kennara til að mennta komandi kynslóðir og við því þurfa ráðamenn að bregðast við strax.

Ég verð að viðurkenna að það er, sannast sagna, afar lýjandi að þurfa aftur og aftur að taka slaginn við forystu systursamtaka okkar á vinnumarkaði þegar kennarar setja fram réttmætar og vel rökstuddar kröfur sem landsmenn taka undir. Menntun barna okkar og barnabarna er í húfi.

> **Ég verð að viðurkenna að það er, sannast sagna, afar lýjandi að þurfa aftur og aftur að taka slaginn við forystu systursamtaka okkar á vinnumarkaði.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Handan sannleikans



Bergur Ebbi

Oxford-orðabókin hefur valið orð ársins á alþjóðavettvangi. Orðið er „post-truth“. Það hefur mikið verið notað af fjölmiðlum í tengslum við pólitík. Sem dæmi má nefna rakalausar lygar Donalds Trump um að Barack Obama sé fæddur utan Bandaríkjanna eða málflutning Brexit-stuðningsmanna um að vera Bretlands í Evrópusambandinu hafi kostað skattgreiðendur þar í landi 350 milljónir punda vikulega. Þetta er í sjálfu sér rétt. Það er óumdeilanlegt að stjórnmálamaður eins og Donald Trump hefur gengið miklu lengra í að beygja sannleikann og ljúga blákalt heldur en fyrirrennarar hans á hinu stóra sviði. Það hefur orðið eðlisbreyting á því hvað telst boðlegt í stjórnmálaumræðu.

**Rosalegur fyrirvari**

En horfum á þetta í stærra samhengi. Fjölmiðlar eru iðnir við að spyrja spurninga eins og hvers vegna staðreyndir skipti ekki lengur máli. Nefndir hafa verið hlutir eins og rof milli pólitískrar elítu og vinnandi fólks, bitleysi hefðbundinnar stjórnmálaumræðu og hin langa hefð fyrir gráu svæði og hálfsannleika. Það er búið að daðra svo lengi við lygina að kannski þykir sumum hreinlega hressilegt að fá hana ómengaða. Þetta eru ágætar pælingar en mér finnst þær ekki svara réttu spurningunni.

Rétta spurningin, að mínu mati, er hvers vegna leiðsögn fjölmiðla hafi ekki tekist að stýra fólki frá ýkjum og útúrsnúningum stjórnmálamanna. Það er spurning sem fjölmiðlar geta ekki spurt því hún varðar þá sjálfa. Hvað eru fjölmiðlar að gera vitlaust? Ég ætla að gerast svo djarfur að segja að hugtök eins og „post-truth“ séu sjálf hluti af vandamálinu, hugtök sem fjölmiðlar nota óspart en hafa takmarkaða þýðingu.

**Að standa með sannleikanum**

Hvað þýðir „post-truth“? Að eitthvað sé handan sannleikans, ekki andstæða sannleikans heldur uppfyllingarefni sem kemur í hans stað? Að tími sannleikans sé liðinn? Eða er hugtakið bara einn stór fyrirvari sem felur í sér að lygar séu að sigra sannleikann? Að skilgreina samtíma sinn sem tímabil „handan sannleika“ er bara eilítið fallegri leið til að segja „ég gefst upp“. Hugtakið er leið til að afsala sér ábyrgð á ástandinu.

Heimurinn er stútfullur af lygum, rétt eins og hann hefur alltaf verið. Það er hlutverk þeirra sem greina heiminn að finna þessar lygar. Ef lygar eru orðnar aðgengilegri en áður og léttara að dulbúa þær þá þurfa fjölmiðlar að kanna hvers vegna svo sé. Þeir þurfa að kanna og greina heiminn en ekki gefa sér þann gríðarlega fyrirvara að við lifum á tímum sem séu handan sannleika. Sannleikurinn getur nefnilega leynst víða og hann er oft þversagnakenndur. Að leita sannleikans er ekki heldur aðeins fólgið í því að elta rökin og staðreyndirnar. Sannleikurinn býr líka í tilfinningum okkar. Að standa með skoðun sinni og vera óhræddur við að kalla lygar sínu rétta nafni, er líka leiðin að sannleikanum. „Post-truth“ er aum leið til að horfast í augu við lygina.

**Lífsleiðir aristókratar**

Að mínu mati ætti ekki að nota óljós hugtök eins og „post-truth“ til að skilgreina samtímann. Það sem skilgreinir okkar tíma frekar en nokkuð annað er áberandi skortur á að taka ábyrgð á meiningu hluta. Fjölmiðlar ættu ekki að vera undanskildir því. Ábyrgðinni á túlkun frétta og staðreynda er sífellt skotið til lesenda. Fyrirsagnir með beinum tilvitnunum verða algengari. Málefni eru sögð „umdeild“ í stað þess að afstaða sé tekin um hvað sé rétt. Lesendur eiga að mynda sér sína eigin skoðun en varpa ábyrgðinni einnig frá sér með því að snúa fréttum upp í hálfkæring. Niðurstaðan er sú að það er eins og annar hver maður sé orðinn að lífsleiðum aristókrata. Margir jafnaldrar mínir gætu varla myndað sér skoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu án þess að hljóma eins og Oscar Wilde, fullir af djúpstæðum efa um eiginlegan tilgang skoðana sinna. Ég finn þennan dofa sjálfur. Ég hef sjaldan djúpar skoðanir á hlutum, en þó koma einstaka sinnum skýrar glætur í kollinn. Einstaka sinnum þekki ég allavega lygi þegar ég sé hana.

„Post-truth“ er lygi. Það er lygi fjölmiðlanna sjálfra. Við lifum ekki handan sannleikans. Við lifum bara ekki á sömu tímum og fyrir tuttugu árum og það þarf öðruvísi vinnubrögð til að vinsa lygina frá. Það er ekki nóg fyrir fjölmiðla að hringja í sérfræðinga til að finna sannleikann. Það er ekki heldur nóg að þylja upp staðreyndir, fá álit fjöldans eða pikka upp athugasemdir af samfélagsmiðlum. Til að finna sannleikann þarf greiningar sem setja fréttir í samhengi, gefa þeim meiningu og standa með þeirri meiningu. Það er offramboð á hér um bil öllu öðru.

> **Til að finna sannleikann þarf greiningar sem setja fréttir í samhengi, gefa þeim meiningu og standa með þeirri meiningu. Það er offramboð á hér um bil öllu öðru.**



netto

# Sparaðu fyrir jólin!



-40%

AÐVENTUSTEIK GRÍSABÓGUR FYLLTUR M/KANEL OG EPLUM
ÁÐUR: ~~2.498 KR/KG~~
**1.499 KR KG**

KJÖTSEL



-25%

HAMBORGARHRYGGUR
ÁÐUR: ~~1.585 KR/KG~~
**1.189 KR KG**

markhönnun ehf



NAUTALUNDIR ERLENDAR - FROSIÐ
ÁÐUR: ~~3.998 KR/KG~~
**3.398 KR KG** ❄

Opal Seafood



-40%

OPAL LAX 1/2 FLAK - REYKTUR EÐA GRAFINN
ÁÐUR: ~~4.449 KR/KG~~
**2.669 KR KG**

KJÖTSEL



LAMBALÆRI FERSKT MEÐ SALT OG PIPAR
ÁÐUR: ~~1.698 KR/KG~~
**1.494 KR KG**

KJARNAFÆÐI




HANGIFRAMPARTUR - ÚRBEIN
ÁÐUR: ~~2.698 KR/KG~~
**2.293 KR KG**

SS



LAMBALÆRI - FROSIÐ
ÁÐUR: ~~1.394 KR/KG~~
**1.199 KR KG** ❄



-30%

GOÐI

UNGNAUTAHAMBORGARAR 4X90 GR.MEÐ BRAUÐI
ÁÐUR: ~~1.398 KR/PK~~
**979 KR PK**

## Góðar klementínur á frábæru verði!



KLEMENTÍNUR
**99 KR KG**




-20%

TRADIZIONALE PIZZA - 3 GERÐIR
ÁÐUR: ~~749 KR/STK~~
**599 KR STK** ❄

-20%

Nestlé
Barnamatur







ANNAS PIPARKÖKUHÚS 300 G
**599 KR PK**

**Tilboðin gilda 24. – 27. nóvember 2016**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## Franskur gæðakalkúnn á frábæru verði



KALKÚNN HEILL - FROSINN
STÆRÐ: 4,6 KG, 5,4 KG, 6,6 KG, 7,2 KG
**998 KR/KG** ❄



-25%

ÍSFUGL KALKÚNABRINGA - FERSK
ÁÐUR: ~~3.957 KR/KG~~
**2.968 KR/KG**



GÆS HEIL 4 KG. - FROSIN
**1.749 KR/KG** ❄




B&J 500 ML. AÐEINS: **998 KR/STK**

*Fjölbreytt úrval af ís*



TAKMARKAÐ MAGN!

*Verum fín um jólin*

JÓLAPEYSA
4 GERÐIR
**2.998 KR/STK**

SCHLEICH
JÓLADAGATAL
**3.989 KR/STK**







ANNA'S
PIPARKÖKUR - 375 G
**498 KR/PK**




ÓDÝRT
JÓLAPIPARKÖKUR 300 GR.
**269 KR/PK**




ONLY JÓLADAGATAL
**199 KR/PK**

# Happy Thanksgiving




EKTA AMERÍSK KALKÚNAFYLLING

## Kalkúnafylling:

1 skorpulaust brauð, skorið niður
1 laukur, saxaður
3 sellerí stönglar, skornir smátt
250 g. ferskir sveppir niðurskornir
1-2 egg
1/2 ltr mjólk (ca), hafa frekar blautt
50g. Brætt smjör
Salvía ca 1/2 staukur
Smá salt

Brauði, mjólk og salti blandað saman
Næst er bætt við lauk, sellerí, sveppum og salvíu
Smjörið brætt og því blandað saman við og svo að lokum eggjum.

Bakað við 175gráður í ca.60 mín.

# Grunnlífeyrir almannatrygginga lagður af



**Halldór Gunnarsson**
formaður kjararáðs EB í Rangárvallasýslu

Nýsamþykkt lög án mótatkvæða á Alþingi um breytingar á almannatryggingum, að leggja af grunnlífeyri og láta lífeyrissjóðina taka yfir skyldur almannatrygginga, er ekkert annað en eignaupptaka ríkisins á lögþvinguðum skyldusparnaði þeirra einstaklinga, sem ættu að njóta óskerts grunnlífeyris og lífeyrissjóðsgreiðslna til viðbótar, til að geta lifað efri ár með sæmd.

**Aðför þingsins að eignarrétti**

Aðför að eignarrétti einstaklinga, hlýtur að kalla á dómsmál einstaklings, sem brotið er á, gegn þessum lögum, sem verkalýðsforystan og stjórnendur lífeyrissjóða ættu með réttu að fjármagna, en ekki standa gegn. Stjórnunarkostnaður um 30 lífeyrissjóða upp á að minnsta kosti 10 milljarða á ári, ætti að geta borið þann viðbótarkostnað við lögsókn, um svo sjálfsagðan rétt einstaklinga, sem hafa greitt eftir lagaboði í lífeyrissjóði, sem ætti að jafngilda lögmætri inneign en ekki lögum um eignaupptöku.

Lífeyrisgreiðslur til eldri borgara, sem eiga að njóta almannatrygginga, eru skertar krónu á móti krónu á móti greiðslum frá lífeyrissjóðum, þannig að þessi eignarréttur einstaklinga á eigin lífeyri frá lífeyrissjóðum er hirtur af ríkisjóði. Að auki lætur ríkissjóður lífeyrissjóðina vera með skatt ríkissjóðs til ávöxtunar eða taps frá réttmætri inngreiðslu til einstaklings. Auðvitað hefði hver einstaklingur átt að fá til sín hlut atvinnurekanda, sem hann hefði við þá greiðslu, átt að viðbættri eigin greiðslu að greiða skatt af til ríkisins, en viðkomandi lífeyrissjóður átt að fá mismuninn, sem viðkomandi lífeyrissjóður greiddi síðan út til hans, sem eldri borgara, skattlaust og án nokkurrar skerðingar.

Þetta fyrirkomulag um að lífeyrissjóðir geymi skattfé ríkissjóðs þekkist hvergi annars staðar í heiminum og hefur komið fram að ríkisjóður hefur tapað háum fjárhæðum á þessu fyrirkomulagi. Eldri borgarar sem fá lífeyrissjóðsgreiðslur erlendis frá, sem þeir hafa greitt skatt af, verða skertir um þessar greiðslur eftir nýju lögunum um 45% umfram kr. 25.000,- á mánuði. Hugsið ykkur, hvílíkt óréttlæti, samþykkt samhljóða með lögum.

**Greiða kostnaðinn sjálfir**

Sagt er að lagabreytingin muni kosta ríkissjóð 11 milljarða. Hið rétta er, að eldri borgarar með hærri lífeyrissjóðsgreiðslur, greiða þennan kostnað sjálfir með afnámi grunnlífeyris almannatrygginga og lækkun frítekjumarks úr kr. 109.000,- á mánuði í kr. 25.000,- á mánuði. Þessi lækkun þýðir að þeir eldri borgarar sem unnu sér til bjargar fyrir um 100 þús. á mánuði og greiddu skatt af þeim launum fá 45% skerðingu á 75 þús. krónurnar og halda því eftir af þeim kr. 13.500.

Hver lætur bjóða sér upp á að vinna fyrir þennan afrakstur af vinnu? Hver er raunverulegur tilgangur þessara laga, þar sem stendur skrifað í 1. grein þeirra: „... skal stuðlað að því, að þeir sem lögin taka til, geti framfleytt sér og lifað sjálfstæðu lífi“? Er tilgangurinn að loka þennan hluta eldri borgara, um 5 til 6 þúsund einstaklinga, inni án lífsbjargar, til að deyja? Þessari spurningu verða nýkjörnir alþingismenn að svara og verðandi ríkisstjórn að takast á við.

> **Hver er raunverulegur tilgangur þessara laga, þar sem stendur skrifað í 1. grein þeirra: „... skal stuðlað að því, að þeir sem lögin taka til, geti framfleytt sér og lifað sjálfstæðu lífi“? Er tilgangurinn að loka þennan hluta eldri borgara, um 5 til 6 þúsund einstaklinga, inni án lífsbjargar, til að deyja? Þessari spurningu verða nýkjörnir alþingismenn að svara og verðandi ríkisstjórn að takast á við.**

# Áminning til stjórnmálamanna – fjármagn til heilbrigðismála



**Jakob S. Jónsson**
leiðsögumaður

Fyrir nokkru sá læknirinn minn að ég þyrfti að fara í einfalda aðgerð sem framkvæmd er í Hjartagáttinni á Landspítalanum. Þegar verið var að búa mig undir aðgerðina uppgötvaði að vantaði blóð í kappann og nauðsynlegt að bregðast við því, sem starfsfólk Hjartagáttar og gerði, en sem kallaði á flóknara ferli. Sjúklingurinn skyldi magaspeglaður til þess að reyna að komast fyrir um ástæður blóðlekans og síðan blóði bætt á kerfið; tók sú aðgerð um það bil sólarhring allt með öllu. Svo var hin upphaflega aðgerð framkvæmd samkvæmt áætlun og alls stóð heimsókn mín á Hjartagáttina í tæpa tvo sólarhringa. Komandi eftirlit mun leiða í ljós hvort þessi saga fái ekki hamingjusamlegan endi.

Ef það veltur á starfsfólki Landspítalans, þá er lítið að óttast. Þar er að finna atvinnumann í hverju rúmi, hvort sem litið er til starfsfólks í býtibúri, sjúkraliða, hjúkrunarfræðinga eða lækna. Um það bil tuttugu til þrjátíu starfsmenn komu að mér þá tvo sólarhringa sem ég lá inni og hver einasti þeirra mætti mér af alúð og metnaði til að gera vel.

Ég fékk þá bestu þjónustu sem hugsast gat, en starfsfólkið var að niðurlotum komið vegna álags. Það var á hlaupum, að flýta sér frá einum sjúklingi til annars, frá einu verkefni til hins næsta. Og reyndi hvað það gat að láta ekki á asanum bera. Þetta var álag sem hefði ekki talist boðlegt á neinum vinnustað, hvað þá þar sem þiggjendur þjónustu eru háðir því að starfsfólki líði vel og finnist það hafa tíma og aðbúnað til að sinna starfinu eins og sæmir metnaði þess og fagmennsku.

**Blygðunarlaus árás**

Það þarf greinilega að minna á hve mikilvæga þjónustu starfsfólk Landspítalans innir af hendi. Þarna komum við, sjúklingar, með eymsli okkar og áhyggjur – svo ekki sé talað um ótta við að vera í lífshættu! – og starfsfólkið mætir okkur af fagmennsku, umhyggjusemi og lipurð. Það gefur sér tíma til að hlusta, það mætir hverjum sjúklingi á hans eigin forsendum, því er umhugað um að skapa öryggi og frið í sál sjúklingsins og búa hann þannig undir að takast á við að ná heilsu.

Starfsumhverfi fagfólks Landspítalans hefur nánast verið rústað með stöðugum niðurskurði í fjárveitingum hins opinbera – í fjárhagsáætlun ríkisins eru framlög til heilbrigðismála enn skorin niður, sem er ekkert nema blygðunarlaus árás á þetta frábæra fagfólk!

Er til of mikils mælst að stjórnmálamenn sjái til þess að heilbrigðiskerfið fái það fjármagn sem þarf til að það geti staðið undir væntingum starfsmanna og þörfum sjúklinga? Hvað þarf til að stjórnmálamenn sýni af sér sömu fagmennsku og starfsfólkið okkar í heilbrigðiskerfinu?

# Vítahringur veikinda og vannæringar



**Ingibjörg Hjaltadóttir**
sérfræðingur í hjúkrun aldraðra á Flæðisviði Landspítala

Nýlegar rannsóknarniðurstöður sýna að 66% aldraðra sem dvelja á Landspítala eru annaðhvort vannærðir eða í hættu á vannæringu. Því miður kemur þetta ekki á óvart þar sem hópur sem dvelur á Landspítala á jafnan við alvarleg veikindi að stríða. Þessi hópur aldraðra er oft með tvo eða fleiri langvinna sjúkdóma og hefur lengi átt við vaxandi slappleika og orkuleysi að stríða. Þegar vannæring bætist við eykst hætta á ýmsum sjúkdómum og dauðsfalli.

Sá hópur sem dvelur á hjúkrunarheimilum er einnig í mikilli hættu á vannæringu en góðu heilli hafa íslensk hjúkrunarheimili staðið sig vel í að koma í veg fyrir þyngdartap íbúanna en um 5% þeirra eru að tapa þyngd sem er langt innan við þau gæðamarkmið sem sett eru fyrir íslensk hjúkrunarheimili og er betri árangur en þekkist víða erlendis.

**Vannæring vegna lystarleysis**

Erlendar rannsóknir sýna að á bilinu 30-60% aldraðra sem leggjast á spítala eru vannærðir eða í hættu á vannæringu og rannsókn á Landspítala frá árinu 2005 sýndi að 58,3% aldraðra sjúklinga voru vannærðir. Flestir þessara einstaklinga komu inn á Landspítala vannærðir eða í hættu á vannæringu. Vannæringin stafar ekki af því að fólk eigi ekki mat eða að matur sé ekki í boði heldur er ástæðan fyrst og fremst lystarleysi, orkuleysi og lítill áhugi á mat sem hindrar fólk í því að hafa til mat og borða. Þessi hópur aldraðra býr við alvarlegan heilsuvanda en þó ber að hafa í huga að rannsóknir sýna að flestir þeir sem eru komnir á efri ár búa við ágæta færni og heilsu.

Aldraðir sem eru fjölveikir og búa einir eða jafnvel með heilsuveilum maka hafa oft ekki orku til að elda og nærast þá á því sem er auðvelt að hafa til. Oft er um að ræða brauðmeti og mjólkurmat sem ekki uppfyllir þörf fyrir hitaeiningar eða orku og inniheldur lítið af próteini. Þannig mataræði leiðir síðan til þess að vöðvar fara að rýrna, fólki er kalt, það er orkulaust og slappt sem síðan leiðir til enn meira lystarleysis. Þá er einstaklingurinn kominn inn í vítahring veikinda og vannæringar.

**Prótein- og orkurík fæða**

En hvað er hægt að gera? Jú, byrjum á einhverju einföldu og viðráðanlegu. Hægt er að fá heimsendan mat auk þess sem fjölbreyttur matur fæst í verslunum sem aðeins þarf að hita. Þá er einnig til fjölbreytt úrval af drykkjum sem innihalda prótein. Ráðleggingar mínar til þeirra sem eru vannærðir, dvelja heima og geta ekki fylgt almennum ráðleggingum um hollt mataræði er að reyna að borða kjöt eða fisk daglega, gjarnan tilbúinn mat sem hægt er að hita eða að fara í hádegismat í nálæga þjónustumiðstöð, ef heilsan leyfir. Þessu til viðbótar er gott að eiga til próteindrykki sem henta bragðlaukum hvers og eins.

Úrval tilbúinna próteindrykkja er orðið mikið í venjulegum matvöruverslunum og má þar nefna Hámark, Hleðslu og Skyrdrykki með viðbættu próteini, auk fjölbreytts úrvals drykkja sem fást í lyfjaverslunum. Gott er að bæta svona drykk við það sem borðað er á matmálstímum eða 2-3 sinnum á dag, á morgnana með morgunmatnum og síðan um miðjan daginn eða á kvöldin. Auk þessa er gott að eiga eitthvað sem gefur hitaeiningar og orku sem auðvelt er að borða t.d. á kvöldin þegar horft er á sjónvarp. Það getur jafnvel verið niðurskorin lifrarpylsa eða súkkulaði. Einfalt og fljótlegt, það er það sem þarf ef maður er slappur og veikur.

**Við berum öll ábyrgð**

Ekkert stöðvar framgang tímans og við vitum að elli kerling vitjar okkar allra. Hins vegar er vitað að lykillinn að því að tefja eða fyrirbyggja þennan vítahring veikinda og vannæringar er að hreyfa sig, borða fjölbreyttan mat og taka D-vítamín. Meiri fjölbreytni í heimsendum mat og meiri aðstoð við að matbúa og borða er mikilvæg fyrir þá sem eru farnir að heilsu. Afleiðingarnar af vannæringu aldraðra eru að öll veikindi verða alvarlegri, sár gróa illa, endurhæfing er tilgangslítil og líkur á því að þurfa að flytja á hjúkrunarheimili aukast verulega. Ábyrgðin á að bregðast við þessum vanda liggur ekki eingöngu hjá heilbrigðisyfirvöldum heldur einnig hjá hverjum og einum enda afleiðingarnar alvarlegar bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið.

# Kerfisbreyting Heilsugæslunnar



**Ingveldur Ingvarsdóttir**
deildarstjóri hjá Sjúkratryggingum Íslands



**Óskar Reykdalsson**
svæðisstjóri og fagstjóri lækninga hjá Heilsugæslunni í Árbæ



**Oddur Steinarsson**
sérfræðingur í velferðarráðuneyti

Undanfarin tvö ár hafa velferðarráðuneytið, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Sjúkratryggingar Íslands og Embætti landlæknis unnið að kerfisbreytingum á heilsugæslunni. Fyrirmynd þessara breytinga er sænsk og í samræmi við það sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) boðar. Markmið breytinganna er að auka aðgengi að heilsugæslunni, bæta gæði og skapa fjölbreyttara starfsumhverfi innan heilsugæslunnar sem er ætlað að skila sér síðan í betri mönnun.

Greiðslukerfið er sett þannig upp að allir sitja við sama borð og dreifing fjármuna er gegnsæ. Áður hafa verið fjögur ólík greiðslukerfi fyrir heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu. Greiðslurnar eru samsettar úr nokkrum þáttum, en mestir fjármunir eru ætlaðir í að sinna börnum, öldruðum og fjölveikum. Sett eru fram fjölmörg gæðamarkmið sem heilsugæslustöðvum er ætlað að ná og greitt er fyrir.

Til að auka aðgengi almennings að heilsugæslu er ráðgert að tvær til þrjár nýjar heilsugæslustöðvar verði opnaðar á næsta ári. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins er jafnframt að ljúka töluverðum skipulagsbreytingum til þess að mæta þessum nýju áskorunum. Hver heilsugæslustöð mun áfram sinna ákveðnum svæðum, en skjólstæðingum verður heimilt að færa sig á aðrar stöðvar eða halda áfram hjá sama lækni á sömu stöð þó þeir flytji í annað hverfi. Hjá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) verður miðlægur gagnagrunnur sem heldur utan um skráningar einstaklinga á heilsugæslustöðvar. Hver og einn getur breytt skráningu sinni á heilsugæslustöð rafrænt í gegnum Réttindagátt á heimasíðu SÍ www.sjukra.is. Einnig er hægt að breyta skráningu með því að fara á viðkomandi stöð. Fjármagni til stöðvanna er síðan dreift í samræmi við skráningu. Þannig flyst fjármögnunin með skjólstæðingnum, sem byggir meðal annars á aldri, kyni, sjúkdómsgreiningum og gæðaþáttum. Þetta er gert til þess að skapa hvata fyrir bætt aðgengi og betri þjónustu.

Þegar eru farnar að sjást breytingar varðandi bætt aðgengi á seinni hluta þessa árs miðað við fyrra ár, hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins vegna þessara kerfisbreytinga. Auknir fjármunir hafa verið settir í heilsugæsluna og er því fé vel varið miðað við þann árangur sem er að byrja að sjást. Það er okkar von að heilsugæslan styrkist áfram og samhliða því verði áfram settir auknir fjármunir í hana enda er það í samræmi við það sem alþjóðastofnanir mæla með. Heilsugæslan getur því farið að standa undir nafni sem fyrsti viðkomustaðurinn í kerfinu og verið sá hornsteinn í heilbrigðisþjónustu sem henni er ætlað að vera.

# SVARTUR FÖSTUDAGUR!

## 40% VILDARAFSLÁTTUR
## af ÖLLUM ferðatöskum






VILDARVERÐ:
**4.199.-**
Verð:
6.999.-

Aflausn

## 30% VILDARAFSLÁTTUR
## ÖLL erlend tímarit







VILDARVERÐ:
**2.699.-**
Verð:
4.499.-

Vonda frænkan




VILDARVERÐ:
**2.159.-**
Verð:
3.599.-

Harry Potter
and The Cursed Child




VILDARVERÐ:
**4.199.-**
Verð:
6.999.-

Philips - Atlas of the World




VILDARVERÐ:
**4.199.-**
Verð:
6.999.-

Svarti galdur

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða og vildarverða 25. nóvember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Útrýmum fátækt



**Petrína Ásgeirsdóttir**
félagsráðgjafi og í stjórn Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi




Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun tóku gildi í byrjun árs 2016. Þetta eru víðtækustu markmið sem ríki heims hafa komið sér saman um og stefnt er að því að tryggja velmegun og mannréttindi um allan heim fyrir árið 2030. Heimsmarkmið númer eitt kveður á um að útrýma fátækt í allri sinni mynd. Nú búa 700 milljónir manna við sárafátækt, en sárafátækir eru taldir þeir sem lifa á undir 1,90 dollurum á dag. En hvernig útrýmum við fátækt?

Fjölbreytt atvinnutækifæri og sterkir innviðir eru undirstaða velmegunar, en fleira þarf að koma til. Jöfn tækifæri og jafnrétti er grunnurinn að friðsamlegu samfélagi þar sem allir fá að njóta sín og rækta hæfileika sína. Fátæk samfélög nýta ekki mannauð sinn og ná því ekki að þróast og dafna. Til að tryggja jöfnuð, frið og frelsi þarf að vera til staðar aðgangur að menntun og heilbrigðisþjónustu fyrir alla, öflugt almannatryggingakerfi sem tryggir félagslegan jöfnuð, öflug heilbrigðis- og menntakerfi og réttlát löggjöf, réttarkerfi, skattkerfi og stjórnsýsla.

Á ráðstefnu sem haldin var í Istanbúl árið 2014 um nýju heimsmarkmiðin kom fram hjá Dr. Thomas Kesselring, fræðimanni frá Sviss, að til að útrýma fátækt þurfi beina og óbeina stefnu. Bein stefna er m.a. valdefling og menntun kvenna og karla, en óbein stefna felst í því að fjarlægja hindranir sem koma í veg fyrir að fátækir geti bætt lífskjör sín. Bil milli fátækra og ríkra þjóða eykst stöðugt, en bilið var 35:1 árið 1950, 72:1 árið 1992 og 658:1 árið 2014. Bil milli ríkra og fátækra innan landa hefur jafnframt aukist á þessu tímabili.

**Gleymum ekki þeim gildum sem skapa réttlátt samfélag og leggjum okkar af mörkum til að aðstoða fátækar þjóðir við að byggja upp friðsamleg samfélög þar sem allir ná að blómstra.**

### Úr greipum fátæktar

Ekki eru margir áratugir síðan Ísland komst úr greipum fátæktar. Mér verður oft hugsað til ömmu minnar sem fæddist í byrjun síðustu aldar og ólst upp við kröpp kjör. Hún fluttist til Reykjavíkur á fjórða áratugnum og við tók erfiður tími hjá henni sem bláfátækri einstæðri móður í húsnæðishraki. Ekki vantaði dugnaðinn hjá ömmu, hún vann mikið en bar lítið úr býtum. Hærri laun, framsækin lög um almannatryggingar árið 1947 og aðgangur að félagslegu húsnæði breyttu miklu til hins betra fyrir ömmu og börnin hennar. Jafnframt áttu börnin kost á ókeypis grunnmenntun. Þannig fengu þau og síðar afkomendur þeirra tækifæri til að mennta sig og komast í góð störf, og þar með að losna úr viðjum fátæktar. Hefði amma búið í landi sem ekki hefði brotist úr fátækt og misskiptingu hefði hlutskipti afkomenda hennar orðið allt annað.

Ísland komst í tölu ríkra þjóða með hjálp frá alþjóðasamfélaginu og með eigin áherslu á jöfnuð og jafnrétti. Þær áherslur má þakka baráttu fjölmargra karla og kvenna í gegnum áratugina, baráttu sem lýkur seint eða aldrei. Gleymum ekki þeim gildum sem skapa réttlátt samfélag og leggjum okkar af mörkum til að aðstoða fátækar þjóðir við að byggja upp friðsamleg samfélög þar sem allir ná að blómstra.

Upplýsingar um heimsmarkmiðin má finna á www.un.is.




# Um Símann og Gagnaveitu Reykjavíkur



**Ingólfur Bruun**
framkvæmdastjóri Betri farskipta ehf., ráðgjafarþjónustu

Fróðlegt var að fylgjast með skrifum framkvæmdastjóra Gagnaveitu Reykjavíkur (GR), Erlings Freys Gíslasonar, og Orra Haukssonar, forstjóra Símans, í Fréttablaðinu í liðinni viku.

### Blekkingar Símans/Mílu

Erling reið á vaðið og Orri svaraði um hæl. Eftir að hafa lesið svargrein Orra þá varð mér að orði: „Margur heldur mig sig.“ Í upphafi greinar sinnar sakar Orri Erling um ótta við aukna samkeppni. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að vinsældir ljósleiðaratenginga GR voru orðnar svo miklar að Síminn bjó til orðskrípið „Ljósnet“ þegar arftaki ADSL-koparlínutenginga var kynntur af hálfu Símans/Mílu. Þessi tækni heitir VDSL og er tækni sem byggir á gagnaflutningum yfir koparlínur og hefur ekkert með ljósleiðara að gera. Síminn/Míla átti einfaldlega ekki svar við ljósleiðaratengingum GR og þess vegna var búið til þetta orð, „Ljósnet“. Fyrirtækin leyfðu sér að beita blekkingum gagnvart viðskiptavinum sem margir hverjir töldu að þeir væru komnir með ljósleiðara og ég hef hitt margt fólk sem taldi raunverulega að það væri komið með ljósleiðara heim í hús, það var jú komið með „Ljósnet“. Það sætir furðu að fyrirtækin hafi komist upp með það árum saman að blekkja fólk að því er virðist vísvitandi. Hvernig er hægt að taka mark á fyrirtækjum sem beita viðskiptavini sína blekkingum?

Orri nefnir að Síminn hafi byrjað að leggja ljósleiðara fyrir rúmum þrjátíu árum. Það sem Orri gleymir að nefna er að þeir ljósleiðarar sem fyrirtækið hefur lagt um landið hafa verið svokallaðir stofnar, ekki heimtaugar heim til fólks. Síminn/Míla lagði fyrstu ljósleiðaraheimtaugarnar í nýbyggingasvæði sunnan við Selfoss fyrir fáeinum árum síðan og svo í Leirvogstunguhverfinu í Mosfellsbæ og í Úlfarsárdal. Síminn/Míla vanrækti árum saman að hefja lagningu ljósleiðaraheimtauga nema í nýbyggðum hverfum. Í dreifbýli hafa íbúar ítrekað óskað eftir því að fá að tengjast með eigin ljósleiðurum við ljósleiðarakerfi Símans/Mílu en ekki fengið.

### Gagnaveita Reykjavíkur stórt framfaraskref

Það voru framsýnir stjórnmálamenn hjá Reykjavíkurborg sem sáu fyrir að lagning ljósleiðara til íbúa er afar arðbær framkvæmd þegar til skemmri og lengri tíma er litið. Ef að Síminn/Míla hefði staðið plikt sína og fylgst með þróun Internetsins og hlustað eftir óskum viðskiptavina sinna hefði stofnun GR ekki komist á blað, hvað þá orðið að veruleika. Það er nefnilega svo að það er Síminn/Míla sem óttast samkeppnina og þess vegna svíður sárt þegar GR tók fyrir mörgum árum forystu á sviði ljósleiðaraheimtauga á höfuðborgarsvæðinu og raunar utan þess einnig. Þannig rauf GR einokun Símans/Mílu á gagnaflutningum á höfuðborgarsvæðinu og raunar víðar.

### Einokunarfyrirtækið Síminn/Míla

Í millifyrirsögn í grein Orra segir svo: „Einokunarfyrirtæki takmarkar aðgang“. Með þessum orðum á forstjóri Símans/Mílu væntanlega við GR. Sjaldan hef ég séð betra dæmi um að steini sé kastað úr glerhúsi þegar forstjóri Símans kallar GR einokunarfyrirtæki. Staðreyndin er sú að Síminn/Míla hefur haft einokunaraðstöðu og kverkatak á fjarskiptum í landinu síðan Landsíminn var einkavæddur.

**Það voru framsýnir stjórnmálamenn hjá Reykjavíkurborg sem sáu fyrir að lagning ljósleiðara til íbúa er afar arðbær framkvæmd þegar til skemmri og lengri tíma er litið. Ef að Síminn/Míla hefði staðið plikt sína og fylgst með þróun Internetsins og hlustað eftir óskum viðskiptavina sinna hefði stofnun GR ekki komist á blað, hvað þá orðið að veruleika.**

Sá er þessar línur ritar hefur komið að byggingu tveggja ljósleiðarakerfa í dreifbýli þar sem íbúar höfðu frumkvæði að því að bæta fjarskipti sín, í Öræfum og í Mýrdal. Í báðum tilvikum var reynt að hafa samband við bæði Símann og Mílu og óskað eftir þjónustu og/eða samstarfi en undirtektir voru litlar sem engar. Sem betur fór fyrir íbúa þessara tveggja svæða tók Vodafone ljósleiðarakerfin í Öræfum og í Mýrdal undir sinn verndarvæng og þjónustar bæði kerfin með sóma. Það er rétt að halda því til haga að Síminn/Míla börðust með kjafti og klóm gegn því að Vodafone fengi leigðan ljósleiðara í svokölluðum NATO-ljósleiðara sem lagður var hringinn í kringum landið. Ef svo hefði ekki verið væru ljósleiðarakerfin í Öræfum og Mýrdal ekki til vegna einokunar Símans/Mílu. Tilfellið er að samkeppni er eitur í beinum Símans/Mílu.

# Að velja draumastarfið



**Jónella Sigurjónsdóttir**
grunnskólakennari, bókasafns- og upplýsingafræðingur og sveitarstjórnarfulltrúi

Ég man svo vel vorið þegar ég var 20 ára. Þetta var spennandi tími, ég var um það bil að ljúka framhaldsskólanum og velti því fyrir mér hvað tæki við. Mig langaði til þess að mennta mig meira og ákvað því að kynna mér alla valkosti með opnum huga. Ég fór á opinn dag í háskólunum og skoðaði allar þær kynningar sem ég gat ímyndað mér að ég hefði einhvern áhuga á. Fyrst í stað beitti ég útilokunaraðferðinni en að lokum féll ég fyrir vel heppnuðum kynningarbæklingi frá Kennaraháskóla Íslands þar sem mér var lofað að í skólastarfinu væri enginn dagur eins. Þetta hljómaði vel. Mér leist vel á námið og skólaumhverfið hafði svo sem alltaf höfðað til mín. Hvað gat farið úrskeiðis?

Þremur árum síðar útskrifaðist ég sem grunnskólakennari, réð mig stolt í fyrstu alvöru vinnuna mína og varð samstundis kennari af lífi og sál. Þetta var frábært starf. Álagið var reyndar mikið og starfið var öðruvísi en ég hafði haldið, stundum erfitt og talsvert mikið flóknara. En svo sannarlega voru engir tveir dagar eins. Síðan kom að fyrsta útborgunardegi. Jú, ég hafði verið kærulaus, hafði alveg heyrt af óánægju kennara með kjör sín og meira að segja upplifað verkföll kennara minna. En satt að segja hafði ég aldrei trúað þessum tröllasögum almennilega. Ég hafði ekki einu sinni haft fyrir því að athuga fyrirhuguð launakjör mín áður en ég hóf námið og ekki heldur meðan á náminu stóð. Sú smánarupphæð sem var lögð inn á bankareikninginn minn kom mér því gjörsamlega í opna skjöldu.

Hvernig gat ég verið svona vitlaus? Ef ég væri 20 ára í dag þá myndi ég auðvitað áfram reyna að velja mér nám sem félli að áhugasviði mínu. En ef ég ímynda mér örlítið skynsamari útgáfu af sjálfri mér þá myndi ég einnig athuga hvort ég gæti yfirleitt lifað af starfinu. Það hlýtur þó að vera lágmarkskrafa að langskólagenginn sérfræðingur geti séð sjálfum sér farborða með starfi sínu.

Skoðum þetta aðeins. Í dag er kennaranámið orðið 5 ár. Sem er hið besta mál. En það þýðir líka að ég yrði tveimur árum lengur á námslánum. Ef vel gengi gæti ég vonast til þess að útskrifast 25 ára með 7,8 milljóna króna lán á bakinu. Með árstekjur upp á 5 milljónir tæki það mig 52 ár að borga lánið upp samkvæmt reiknivél LÍN. Sem sagt, námslánin uppgreidd á 77 ára afmælisdaginn, frábært!

En hvers vegna segi ég að árstekjurnar verði aðeins 5 milljónir? Jú nýútskrifaður kennari getur vænst þess að fá 418.848 kr. í heildarlaun á mánuði. Með annaruppbótum er hægt að toga árstekjurnar upp í næstum 5,2 milljónir.

### Fátt breyst frá fyrsta áfalli

Þá er að skoða hvað ég get keypt mér sniðugt fyrir alla þessa peninga. Það er fljótlegt að sjá á neysluviðmiðum velferðarráðuneytisins að ég þarf um 225.000 kr. fyrir mánaðarlegum útgjöldum. Iss piss ekkert mál! Með útborguðu launin mín í vasanum, 299.730 kr., á ég nóg fyrir þeim. Úbbs ne,i þetta er víst fyrir utan húsnæðiskostnað. Jæja, gerum ráð fyrir smá heppni á húsnæðismarkaðnum og að ég fái leigða íbúð á 120.000 kr. Það gæti kannski gerst. En æ þetta er allt að fara í vitleysu! Nú er ég komin í 45.000 kr. mínus og á meira að segja eftir að borga af námsláninu. Sem betur fer þarf ég ekki að borga af því fyrstu tvö árin. En hvað svo?

Eftir þessa stuttu athugun sé ég að fátt hefur breyst frá því að ég fékk mitt fyrsta áfall yfir launaseðlinum. Líklega hefur ástandið bara versnað. En eitt hefur greinilega breyst. Ungt fólk er skynsamara í dag en ég var fyrir rúmlega 20 árum. Það leggur á sig að setja upp einföld reikningsdæmi og sér strax það sem ég sé nú: dæmið gengur ekki upp. Það borgar sig ekki að leggja á sig langt nám til þess að verða kennari. Satt að segja hafa fáir efni á því. Íslenskir grunnskólakennarar ná ekki meðallaunum í landinu og þeir ná ekki heldur miðgildi launa. Allt þetta veldur því að stéttin okkar er hægt og bítandi að deyja út. Hvað þarf til þess að samfélagið átti sig á þessum vanda og sameinist um að grípa til varanlegra aðgerða?


BMW EFFICIENTDYNAMICS.
LESS EMISSIONS. MORE DRIVING PLEASURE.
BMW X5 PHEV
www.bmw.is
Sheer Driving Pleasure
BMW
NÝR OG SPARNEYTINN
BMW X5 PLUG-IN HYBRID.
BMW X5 xDrive40e / VERÐ: 9.780.000 KR.
Nýi BMW X5 xDrive40e PLUG-IN HYBRID tengirafbíllinn sameinar nýjustu rafbílatækni og það besta sem völ er á í hefðbundinni vélartækni. Rafmótorinn er innbyggður í 8 þrepa sjálfskiptinguna sem tryggir fullkomna virkni xDrive fjórhjóladrifsins hvort sem bíllinn er í rafstillingu eingöngu eða knúinn bensínvél. Nýr BMW X5 xDrive40e skipar sér í hóp sparneytnustu jeppa í sínum stærðarflokki með eldsneytisnotkun upp á einungis 3,3 l/100 km* í blönduðum akstri. Samanlagt skila rafmótorinn og bensínvélin 313 hestöflum.
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L
*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SÍA / NM78371

# Blóðskimun til bjargar



Sigurður Yngvi Kristinsson
prófessor í blóðsjúkdómum við Háskóla Íslands

Nú er Blóðskimun til bjargar, þjóðarátak gegn mergæxlum hafið. Viðtökurnar hafa verið ótrúlega góðar og erum við þakklát fyrir það.

Framfarir í læknisfræði byggjast á samstarfi vísindamanna og almennings. Ástæða þess að nú er skimað fyrir brjóstakrabbameini og leghálskrabbameini er sú að stórar rannsóknir hafa sýnt fram á að ávinningur sé af því að greina sjúkdóminn snemma. Blóðskimun til bjargar gengur út á að rannsaka hvort ávinningur sé af því að skima fyrir forstigi mergæxlis. Markmiðið er algjörlega háð því að vel takist til og að þátttaka sé góð. Lífslíkur sjúklinga með mergæxli hafa gjörbreyst undanfarin ár og er ekkert annað krabbamein til þar sem jafn margar nýjar lyfjameðferðir hafa komið fram og eru á næsta leiti. Það er einfalt að greina forstigið. Ein blóðprufa.

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum skimana á lífsgæði og kvíða. Þess vegna leggjum við gríðarmikla áherslu á að rannsaka það. Sú vitneskja mun væntanlega nýtast almenningi og áhugafólki um skimanir fyrir öðrum tegundum krabbameina. Þannig benda flestar rannsóknir á að til langs tíma séu neikvæð áhrif vitneskju um forstig krabbameina lítil.

**Neikvæð áhrif lítil**

Við höfum sérstaklega rannsakað þetta hjá rúmlega 14.000 sjúklingum sem greindir voru með forstig mergæxlis í Svíþjóð og borið saman við næstum 60.000 einstaklinga án forstigs og kom þar í ljós að kvíði, þunglyndi og aðrir áhættusjúkdómar voru ekki auknir, sem bendir til þess að neikvæð áhrif séu lítil. Aftur á móti sáum við talsverð jákvæð áhrif, meðal annars á lífslíkur og fylgikvilla. Sumir telja að litlar líkur séu á því að upplýsingar um forstig lengi líf. Rannsóknir okkar benda til hins gagnstæða. Það er grundvöllur fyrir rannsókninni og fyrir leyfisveitingu og styrk frá virtustu mergæxlissamtökum heims.

**Sumir telja að litlar líkur séu á því að upplýsingar um forstig lengi líf. Rannsóknir okkar benda til hins gagnstæða. Það er grundvöllur fyrir rannsókninni og fyrir leyfisveitingu og styrk frá virtustu mergæxlissamtökum heims.**

Rannsóknin er kostuð af Black Swan Research Inititative, sem eru samtök sem styrkja eingöngu rannsóknir sem þau telja að geti verið liður í því að finna lækningu við mergæxlum og eru rekin án allra hagnaðarsjónarmiða.

Eftirlit þeirra sem greinast munu með forstig mergæxlis mun verða í höndum rannsakenda og því munu biðlistar spítalanna eða aðrar rannsóknir ekki lengjast. Rannsóknaráætlun verkefnisins er öllum opin og hægt er að nálgast hana á heimasíðu verkefnisins, Blodskimun.is

Ávinningur rannsóknarinnar er ótvíræður. Mikilvæg vitneskja um forstig mergæxlis og eftirfylgni þess sem og ávinningur þess að greina mergæxli fyrr mun verða til þess að sjúklingar framtíðarinnar fái bestu mögulegu greiningu. Og sjúklingar með mergæxli fá meðferð við sjúkdómi sínum.

# Norræn gildi skapa verðmæti



Dagfinn Høybråten
framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar

Nú þegar skammdegi sígur að og kólna tekur í veðri gerum við Norðurlandabúar nokkuð sem okkur lætur vel: við höfum það notalegt. Við setjumst að rjúkandi drykkjum og heitum máltíðum með fjölskyldu og vinum. Við kveikjum á kertum og sköpum notalegt andrúmsloft sem er svo sérstakt að fjallað er um það í erlendum fjölmiðlum og það notað sem þema í auglýsingum frá stóru, norrænu fyrirtæki þar sem skammdegið er boðið velkomið, því þá er kominn tími til að hafa það notalegt.

Margar af þeim samræðum sem nú fara fram við matarborð norrænna heimila hljóta að fjalla um þá þróun sem á sér stað í heiminum. Í ljósi ástandsins í stjórnmálum nær og fjær velta margir fyrir sér hvers konar heimur þetta sé sem við – og ekki síst afkomendur okkar – eigum að byggja í framtíðinni. Hvert stefnum við, íbúar þessarar jarðarkringlu? Hvað merkir þróunin í heiminum fyrir okkur á Norðurlöndum?

Hvað hið norræna samstarf snertir, þá deilum við Norðurlandabúar ekki aðeins sögu og landfræðilegri legu heldur einnig ýmsum sameiginlegum grundvallargildum. Við stöndum vörð um lýðræðið í samfélögum okkar, sem einkennast af trausti – bæði í samfélaginu almennt og í garð stjórnmálaleiðtoga. Velferðarkerfi okkar veita jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu, menntun og félagslegu öryggisneti. Þau tryggja jöfnuð á heimsmælikvarða í samfélögum þar sem stefnt er að því að „fáir eigi of mikið og enn færri of lítið“, eins og Grundtvig orðaði það. Við stefnum að því að tryggja sjálfbær samfélög þar sem hagsmunir komandi kynslóða eru hafðir til hliðsjónar við stjórnun náttúruauðlinda. Við virðum líka fjölbreytileika mannlífsins og viðurkennum jafnt manngildi allra, en þess sér meðal annars stað í markvissum aðgerðum til að tryggja jafnrétti kynjanna.

**Í heimi sem virðist æ ótryggari eigum við því að halda fast í norrænu gildin – traust, víðsýni, jafnrétti, jöfnuð og sjálfbærni.**

Í ljósi nýjustu þróunar á grannsvæðum okkar og annars staðar í heiminum getur virst tilefni til að velta því fyrir sér hvort unnt verði að viðhalda þessum gildum – trausti, víðsýni, jafnrétti, jöfnuði og sjálfbærni – eða hvort eitthvað beinskeyttara þurfi að koma í þeirra stað.

Geta Norðurlöndin spjarað sig í hinum stóra heimi með lífssýn, byggða á gildum, sem stundum kunna að virðast dálítið barnaleg?

**Opin samfélög heillandi**

Frá mínum bæjardyrum séð er svarið tvímælalaust JÁ. Norrænu löndin skipa iðulega efstu sæti í alþjóðlegum samanburði – þykja til að mynda bestu löndin til að eiga viðskipti í[1], lönd þar sem samkeppnisstaða[2] og nýsköpun[3] eru á heimsmælikvarða, og þykja jafnvel hamingjuríkustu lönd í heimi[4], en allt kemur þetta til af því að gildi okkar skapa verðmæti.



Það að traust skuli ríkja – einnig í garð stjórnmálamanna – er líka áhrifaríkt í þeim skilningi að viðhafa þarf minni eftirlitsráðstafanir í samfélaginu en ella. Traustið eykur samheldni innan samfélagsins. Það leggur grunninn að hagvexti og efnahagslegri framleiðni. Opin samfélög, þar sem traust ríkir og lítið er um spillingu, eru heillandi fjárfestingamarkaðir fyrir alþjóðleg fyrirtæki.

Um leið mynda vinnumarkaðslíkön okkar og hið félagslega öryggisnet góðan grundvöll fyrir hugvit og nýsköpun. Á Norðurlöndum er unnt að taka áhættu – skipta um starfsvettvang eða stofna fyrirtæki – án þess að leggja allt í sölurnar. Og hinn efnahagslegi jöfnuður, sem á undir högg að sækja nú um stundir en einkennir þó lönd okkar enn sem fyrr, á þátt í því að skapa öruggara samfélag auk þess að stuðla að því góða heilsufari og miklu lífslíkum sem tíðkast á Norðurlöndum.

Áherslu okkar á sjálfbærni fylgja auk þess miklir viðskiptamöguleikar fyrir norræn fyrirtæki, sem hafa gripið tækifærin til að selja grænar lausnir. Það er engin tilviljun að sex af tuttugu sjálfbærustu fyrirtækjum heims eru staðsett á Norðurlöndum.[5]

Eins og forsætisráðherra Svíþjóðar, Stefan Löfven, hefur margsinnis sagt: Við eigum að beita okkur fyrir aukinni sjálfbærni og gegn fátækt, vegna þess að það er siðferðislega rétt og efnahagslega skynsamlegt.

Í heimi sem virðist æ ótryggari eigum við því að halda fast í norrænu gildin – traust, víðsýni, jafnrétti, jöfnuð og sjálfbærni. Þannig tryggjum við að sú jákvæða þróun, sem norrænir borgarar hafa notið góðs af árum saman, haldi áfram. Og þannig verðum við áfram fremst í flokki á alþjóðavettvangi og eigum þátt í að tryggja jákvæða þróun hér eftir sem hingað til, bæði á grannsvæðum okkar og á heimsvísu. Eins og Gandhi komst að orði: ef við viljum sjá breytingar í heiminum verðum við að byrja á okkur sjálfum.

Þetta finnst mér við eiga að leggja áherslu á í spjalli okkar við matarborðið nú í skammdeginu.

**Heimildir:**
[1] World Bank "Ease of Doing Business"-index 2016
[2] World Economic Forum Global Competitiveness Index 2015-16
[3] Global Innovation Index 2016
[4] World Happiness Report 2016
[5] Global 100 index 2016





50% AFSLÁTTUR
SUNDAY ÞRIGGJA SÆTA SÓFI
Stærð: 238x90xH82 cm.
ÁÐUR: 149.900,-
NÚ AÐEINS 74.950,-
50% AFSLÁTTUR 50% AFSLÁTTUR
TAKMARKAÐ MAGN!
OPNUM KL. 8.00 Á KORPUTORGI
BLACK FRIDAY
25–30. NÓVEMBER
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
HAAG TUNGUSÓFI, FYRSTU 10 FÁ 30% AFSLÁTT = 160.930,-
HAAG TUNGUSÓFI
Stærð: 325x143x210 cm.
ÁÐUR 229.900,-
NÚ 172.425,-
25% AFSLÁTTUR
30% AFSLÁTTUR
25-30% AFSLÁTTUR
AF SÓFUM
30% AFSLÁTTUR
AF JÓLAVÖRU
the PIER
100 FYRSTU
SEM VERSLA FYRIR 10.000 kr.
EÐA MEIRA FÁ GJAFAPOKA
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is



**HANDBOLTI** Þjálfarinn farsæli Dagur Sigurðsson skrifaði undir mjög sérstakan samning í gær. Þá samdi hann við japanska handknattleikssambandið fram yfir Ólympíuleikana árið 2024. Það er samningur upp á sjö og hálft ár.

Dagur mun yfirgefa þýska handknattleikslandsliðið eftir HM í janúar og hefur störf sem þjálfari japanska landsliðsins í febrúar. Hann mun þess utan sjá um alla uppbygginguna á handboltanum í Japan.

**Í sambandi við Japan í tíu ár**

„Þetta er búið að eiga sér langan aðdraganda. Það eru tíu ár síðan ég fór vera í stöðugu sambandi við japanska sambandið og hef verið að aðstoða þá með þjálfara og leikmenn hér í Þýskalandi. Hef tekið leikmann hingað í eitt til tvö ár. Nú hef ég verið með japanskan þjálfara í Berlín sem hefur horft yfir öxlina á mér í tvö ár. Ég hef flogið til Japans einu sinni á ári og haldið fyrirlestur þar,“ segir Dagur um tengsl sín við japanska sambandið.

Viðræður á milli hans og japanska sambandsins hófust síðan eftir Ólympíuleikana í Ríó. Dagur var með klásúlu í samningi sínum um að hann mætti fara frá þýska sambandinu fyrir smá skaðabætur á þessum tímapunkti og þá klásúlu nýtti hann sér.

„Þetta er svolítið annað en að taka við þýska landsliðinu. Í Japan er ég líka að sjá um ráðgjöf, vera með fyrirlestra og hjálpa liðunum í deildinni. Ég mun koma með Sideline-leikgreiningarforritið til þeirra þannig að allir leikir verða greindir. Aðalatriðið er síðan að ég verð með liðið fram yfir tvenna Ólympíuleika,“ segir Dagur en Japan heldur Ólympíuleikana árið 2020 og Dagur segir að það taki lengri tíma að búa til gott lið.

„Þetta er langtímaverkefni. Ég geri mér grein fyrir því að ég er ekki að fara að búa til eitthvert ofurlið þarna fyrir 2020. Það er of skammur tími. Ég var til í að skoða þetta ef þeir vildu horfa á að lyfta boltanum upp í heild sinni í landinu. Ég mun nánast koma að öllu þarna.“

**Verður ótrúlega spennandi**

Handboltinn er ekki hátt skrifaður í Japan. Er enn jaðarsport þar en japanska handknattleikssambandið á sér framtíðarsýn og hefur skilning á því að það muni taka tíma að gera handboltann vinsælan, og öflugan, í landinu.

„Það er verið að horfa á svo margt. Meðal annars markaðssetninguna á boltanum. Ég þekki vel til þannig að ég veit að ég get hjálpað til með marga hluti. Þetta verður ótrúlega spennandi. Þeir sáu að þeir gátu fengið eftirsóttan þjálfara sem hefur líka þekkingu á japanska boltanum. Það eru verðmæti í því fyrir þá að fá mig því aðrir þjálfarar væru kannski í eitt til tvö ár að koma sér inn í hlutina þarna.“




**Skynsamleg og yfirveguð ákvörðun**

Það vakti mikla athygli um aldamótin er Dagur tók upp á því, á hátindi ferilsins, að fara til Wakunaga Hiroshima í Japan og gerast spilandi þjálfari þar. Því starfi sinnti Dagur í þrjú ár en sú ákvörðun er enn að gefa af sér í dag.




**Dagur Sigurðsson**
**Fæddur: 3. apríl 1973**

**Leikmannsferill:**
Uppeldisfélag: Valur
1996-2000: Wuppertal
2000-2003: Wakunaga Hiroshima
2003-2007: Bregenz

**Þjálfaraferill:**
2000-2003: Wakunaga (spilandi þjálfari)
2003-2007: Bregenz (spilandi þjálfari)
2008-2010: Austurríska landsliðið
2009-2015: Füchse Berlin
2014-2017: Þýska landsliðið

Fagnaði oft með Þjóðverjum. Dagur fagnar hér í leik með þýska landsliðinu á ÓL í Ríó. Eftir leikana fór hann að ræða við japanska sambandið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Sumum finnst þetta eflaust vera skrítin ákvörðun

Dagur Sigurðsson er á leið í annað Japansævintýri á nýju ári, þrettán árum eftir að hann yfirgaf landið á sínum tíma. Hann yfirgefur eitt besta landslið heims og afþakkaði tilboð frá ríkasta félagi heims til þess að stýra uppbyggingu handboltans í Japan næstu árin. Samningur Dags nær fram yfir næstu tvenna Ólympíuleika.

## Engir peningar að flækjast fyrir ákvörðuninni

Árangur Dags með þýska landsliðið hefur gert hann að einum eftirsóttasta þjálfara heims og var hermt í erlendum fjölmiðlum að bæði PSG og Veszprém vildu fá hann til sín.

Einnig var sagt að japanska sambandið væri að bjóða Degi miklu betri samning en hann er með hjá Þjóðverjunum.

Þjálfarinn segir að þær fréttir séu ekki alveg réttar.

„Ég get alveg sagt það með góðri samvisku að peningarnir voru nokkuð jafnir hjá öllum sem voru að falast eftir minni þjónustu. Það var því auðvelt að taka ákvörðun því það voru engir peningar að flækjast fyrir. Þetta var allt mjög svipað hjá öllum,“ segir Dagur en hann vill ekki staðfesta hvaða félög hafi boðið honum samning.

„Þetta voru ekki mörg félög en ég ætla ekkert að tjá mig um nein félög. Það eru þjálfarar hjá þeim liðum og ekki skemmtilegt að vera að trufla þeirra störf.“

„Það er alveg hægt að segja það. Sumum finnst þetta eflaust vera skrítin ákvörðun hjá mér en fyrir mér er þetta mjög svo skynsamleg og yfirveguð ákvörðun. Við stefnum á að fjölskyldan flytji heim næsta sumar og ég flýg svo á milli Íslands og Japans. Ég veit ekki alveg hvað ég verð mikið í Asíu en ætli ég eyði ekki helmingnum af hverju ári í Japan,“ segir Dagur og bætir við að þessi langtímasamningur sé stór ástæða fyrir því að hann ákvað að stökkva á tilboðið.

**Allir að hneigja sig og beygja**

Er Dagur tók við þýska landsliðinu á sínum tíma var stefnan sett á að toppa á ÓL í Japan árið 2020. Nú verður hann með annað landslið á þeim leikum. Það gekk mun hraðar hjá honum að búa til alvöru lið hjá Þýskalandi en búist var við og gerði Dagur þýska liðið að Evrópumeisturum í upphafi ársins. Þó svo það hafi gengið vel með liðið reyndist Degi það ekki erfitt að ganga frá borði.

**Það er svolítið erfitt að vera búinn að móta lið í þessu stóra handboltalandi og allir farnir að hneigja sig og beygja fyrir mér. Næstu árin hefðu getað orðið skemmtileg. Væntanlega með fleiri titlum og stuði.**

Dagur Sigurðsson

„Ákvörðunin sem slík var ekki erfið af því að ég er að fá starf í hendurnar sem ég get stillt upp eins og ég vil hafa það. Það verður samt erfitt að skilja við liðið. Það er annar hlutur finnst mér. Það er svolítið erfitt að vera búinn að móta lið í þessu stóra handboltalandi og allir farnir að hneigja sig og beygja fyrir mér. Það er hægt að byggja mikið ofan á þetta lið og næstu árin hefðu getað orðið skemmtileg. Væntanlega með fleiri titlum og stuði,“ segir Dagur sem getur þó svo sannarlega gengið stoltur frá borði.

„Áður en ég kom til þýska sambandsins var búið að gefa það út að stefna á sigur á Ólympíuleikunum árið 2020. Ég var sammála þeirri stefnu að byggja til langs tíma. Svo gekk þetta hraðar en það breytti því ekki að þessi klásúla var í mínum samningi. Öryggisventill fyrir báða aðila.“

**Gummi tróð ullarsokk í Dani**

Dagur sagði frá því í viðtali við íþróttadeild á dögunum að það hefði ekki bara verið dans á rósum að þjálfa þýska landsliðið. Það væru á stundum átök í bakherbergjum. Var umhverfið ein ástæða þess að hann ákveður að stökkva annað?

„Nei, það spilaði nú ekki inn í. Það mátti reikna með slíku er ég kem inn í svona stórt batterí. Við sjáum nú hvernig hlutirnir voru hjá Gumma. Það eru alltaf átök en minna þegar vel gengur. Það var búið að ganga betur okkar megin framan af ári en svo náði Gummi að setja ullarsokkinn upp í þá sem var auðvitað stórkostlegt. Svona átök fylgja svona starfi og ef maður vill breyta einhverju hjá stóru og þungu sambandi.“

**Langar að búa heima**

Sá kostur að geta flutt fjölskylduna heim til Íslands var ein af ástæðunum fyrir því að Dagur tók tilboði Japana. Hefði hann verið áfram í Þýskalandi þá hefði fjölskyldan líka verið áfram þar í landi.

„Við erum búin að búa úti í 20 ár og okkur langar að búa heima á Íslandi. Núna næ ég að stilla hlutunum upp eins og ég vil hafa þá. Það er mjög stórt að geta komið heim með fjölskylduna og svo er samningslengdin líka ákveðinn öryggisventill fyrir okkur. Svo erum við hrifin af Japan og við hlökkum til að geta hoppað á milli Reykjavíkur og Tókýó.“

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ 25. NÓVEMBER 2016 FÖSTUDAGUR





# ÍSLAND TOGAÐI Í HANA FRÁ BARNSALDRI

**Ana Stanicević, 31 árs, hefur haft áhuga á Íslandi og norrænni menningu frá unga aldri þrátt fyrir að vera alin upp í borginni Valjevo í Serbíu. Hún hlustaði á íslenska tónlist sem unglingur og nam síðan skandinavísk fræði í háskólanum í Belgrad. Ana lét draum sinn rætast fyrir fimm árum og flutti til Íslands. Núna kennir hún íslensku sem annað mál í Háskóla Íslands.**



BLACK FRIDAY
20% afsláttur
af öllum vörum

comma,

2. hæð - Smáralind

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Ana er félagslynd og söngelsk. Hún syngur með tveimur íslenskum kórum og kann flest helstu jólalögin. Ana verður með jólatónleika ásamt félögum sínum í Söngfjelaginu um aðra helgi í Langholtskirkju. „Ég kom hingað til að læra íslensku. Það hefur verið draumur minn frá því ég var barn að læra þetta tungumál. Einnig hef ég gríðarlegan áhuga á íslenskri menningu og bókmenntum. Eftir háskólanám í bókmenntum og skandinavískum fræðum í Belgrad kenndi ég um tíma norsku þar auk þess að vera í doktorsnámi. Ég fór líka í lýðháskóla í Noregi til að læra norskuna betur en langaði mikið til að læra íslensku og færeysku. Ég ákvað því að láta þann draum rætast,“ segir Ana.



Ana Stanicević hlustaði á íslenska tónlist þegar hún var unglingur og var alltaf ákveðin í að læra íslensku. MYND/EYÞÓR

## ÍSLENSKUR KÆRASTI

„Það var eitthvað sem heillaði mig við Norðurlönd þegar ég var barn. Maður ímyndar sér eitt og annað og ég sá snjó og ævintýri í hillingum. Tónlistin heillaði og ég las allar bækur sem ég komst í. Ég veit ekkert hvaðan þessi áhugi kemur. Ísland stóð sannarlega undir væntingum mínum og mér finnst mjög gaman að vera hér. Tungumálið þykir mér enn afar áhugavert þótt ég kunni það núna. Einnig er menningin í Reykjavík ótrúlega spennandi. Það er svo margt í boði. Þá er landslagið stórbrotið, náttúran og umhverfið allt,“ segir Ana sem hefur eignast íslenskan kærasta og er ekkert á leið úr landinu. „Mér þykir tilveran hér óvenjuleg miðað við þann heim sem ég kem frá og fólkið líka. Íslendingar eru ólíkir íbúum á meginlandinu. Þið eruð eyjarskeggjar og mér finnst ég vera orðin það líka. Ég er búin að læra miklu meira en ég bjóst við og er alltaf að uppgötva nýja hluti,“ segir hún.

„Ég hóf íslenskunám við Háskóla Íslands þegar ég kom hingað fyrst, lauk því og var í framhaldinu boðið að kenna íslensku sem annað tungumál. Mér finnst það ótrúlega skemmtilegt. Ég er bæði að kenna háskólafólki íslensku sem fer síðan heim aftur og svo þeim sem koma hingað til að setjast að. Þetta eru ólíkir hópar sem gerir starfið fjölbreytt og eftirsóknarvert. Auk þess læri ég sjálf mikið af samskiptunum og því er starfið bæði dýrmætt og gefandi. Eftir skólann fer ég síðan á kóræfingu,“ segir Ana og brosir. „Ég hef verið í kórum frá blautu barnsbeini, aðallega skólakórum en einnig skandinavískum kór í háskólanum í Belgrad. Þar sungum við Lúsíulög sem mér þykir mjög vænt um.“

## DANSANDI ÁTRÚNAÐARGOÐ

Ana fór á tónleika hér á landi fyrir tveimur árum þar sem margir kórar komu fram. „Þegar Söngfjelagið kom á svið fannst mér kórinn einstakur. Allir voru í litskrúðugum fötum og ég varð fyrir hugljómun. Ég fann að þau sungu með sálinni,“ segir Ana og segist hafa verið dáleidd af stjórnandanum, Hilmari Erni Agnarssyni. „Þegar hann stjórnaði var eins og hann dansaði fallegasta dans í heiminum,“ segir hún. Á þeim tíma vissi Ana ekki að Hilmar hafði verið í pönkhljómsveitinni Þey sem hún hlustaði mikið á sem unglingur.

„Svo skemmtilega vildi til að formaður kórsins var meðkennari minn í háskólanum og bauð mér að vera með. Ég fór á æfingu og þar með varð ekki aftur snúið. Jólatónleikarnir okkar verða með írsk/keltneskum blæ ásamt íslenskum jólalögum. Einnig verður frumflutt íslenskt jólalag eftir einn kórmeðlim, Olgu Guðrúnu Árnadóttur, sem er mjög spennandi og sérstakt. Núna er ég líka komin í Lúsíukórinn á Íslandi og mun syngja Lúsíu-lög með þeim um jólin. Ég hef kynnst menningunni á Íslandi vel í gegnum kórana. Kóramenningin á Íslandi er afar sérstök,“ segir Ana.

## ÞÝÐIR BÆKUR Á SERBNESKU

Til marks um lítið land er gaman að segja frá því að þegar blaðamaður hitti Önu á kaffihúsi í miðbænum sat skáldið Sjón þar ásamt fleirum. Ana var uppnumin enda er hún nýbúin að þýða bók hans,



Ana á ferðalagi um Kotor í Svartfjallalandi.

Mánastein, yfir á serbnesku. Bókin kemur út þar í landi um áramótin. „Svona er Ísland, maður rekst á ótrúlegasta fólk í bænum. Mig langar að þýða fleiri bækur og kynna íslenskar bókmenntir fyrir löndum mínum. Það væri gaman að búa til menningarbrú á milli Íslands og Serbíu. Næst langar mig að þýða skáldsöguna Síðasta ástarjátningin eftir Dag Hjartarson.“

## ÓLÍKAR JÓLAHEFÐIR

Ana ætlar að halda íslensk jól en heldur jafnframt í heiðri jól rétttrúnaðarkirkjunnar sem hún tilheyrir menningarlega. „Ég hef gaman af jólaskreytingunum hér á landi, þær lýsa upp skammdegið. Serbnesk jól eru ekki fyrr en 7. janúar og eru ólík ykkar jólum. Í minni trú eru ekki gefnar gjafir og við höfum ekki jólatré. Eikargrein er sett upp og jólin eru lágstemmd. Þau eru fyrst og fremst fjölskyldusamvera. Margar skemmtilegar hefðir eru þó ríkjandi á mínum jólum, fyrir utan að borða góðan mat. Pabbi náði í hey og breiddi á gólfið. Í því voru faldar örsmáar gjafir, til dæmis sælgæti eða hnetur. Foreldrar mínir léku hænu og hana á meðan börnin leituðu að gjöfunum. Sá sem finnur gjöf á hana. Mér fannst þetta alltaf mjög skemmtilegt. Mamma bakar ávallt sérstakt jólabrauð og felur inni í því eina mynt. Sá sem finnur myntina verður hamingjusamur á árinu. Allir vilja þess vegna finna myntina en þetta er ekkert ólíkt íslenskum möndlugraut,“ útskýrir Ana.

Annar siður sem tengist jólum í Serbíu er þannig að sá sem kemur fyrstur í húsið á jóladag kemur með hamingju, góða heilsu og ást fyrir fjölskylduna. „Ég reyndi alltaf að vakna snemma, hlaupa út og vera svo fyrst til að koma í húsið. Annar siður er að setja eikargrein í eldstæði þannig að hún neisti en neistarnir tákna hamingju og gott líf.“

## DÝRLINGUR Í ÆTTINNI

Langalangafi Önu, Petar Zimonjić, er dýrlingur í orþódoxakirkjunni eða rétttrúnaðarkirkjunni. Ana heldur mikið upp á sögur af honum en hann var í raun bróðir langalangömmu hennar og var ókvæntur prestur. Hann starfaði í Sarajevo í Bosníu-Hersegóvínu og er frægur þar í landi fyrir góðverk sín og hjálpsemi við þá sem minna máttu sín. Hann sameinaði fólk af ólíkum trúarbrögðum og tókst að varðveita kýrillíska stafrófið sem páfinn á þeim tíma vildi útrýma. „Langalangafi minn var líflátinn í seinni heimsstyrjöldinni. Ég tengi svolítið við rétttrúnaðarkirkjuna vegna sögu minnar. Amma mín bjó heima hjá okkur þegar ég var barn og sagði mér margar fallegar sögur af honum. Sjálf er ég nútímamanneskja, ekkert sérstaklega trúuð en tónlistin í rétttrúnaðarkirkjunni þykir mér falleg og áhrifarík.“

## Á HEIMASLÓÐUM

Borgin mín, Valjevo, er ein fallegasta borg í Serbíu en mér fannst gaman að flytja til Belgrad. Hún er sömuleiðis falleg borg og menningarlífið blómstrar þar. Serbía liggur inni í landi svo það var venja að fara til Svartfjallalands á sumrin til að fara á ströndina þegar ég var krakki. Ég ferðaðist mest um Balkanskagann með norskum samnemendum mínum þegar ég var í skólanum í Noregi og upplifði löndin með þeim. Ég hef ekki enn komið til Ítalíu þótt stutt sé að fara þangað,“ svarar Ana þegar hún er spurð um ferðalög á heimaslóðum. „En ég hef eignast ítalska vini hér á Íslandi,“ bætir hún við. „Þegar ég ferðast leita ég frekar í norður, til Finnlands, Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur.“

Ana segir að fjölskylda hennar skilji vel að hún vilji vera á Íslandi miðað við áhuga hennar á landinu alla tíð. „Systir mín hefur komið í heimsókn og foreldra mína langar mikið að koma. Vonandi verður það einn daginn,“ segir Ana sem hlakkar mikið til tónleikanna með Söngfjelaginu sem verða í Langholtskirkju 4. desember kl. 16 og 20. Ana er líka byrjuð að læra á selló eftir að hún kom til Íslands og þar rætist enn einn draumur hennar. „Ég er að upplifa íslenska drauminn,“ segir hún og brosir.




FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR: Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
SÖLUMENN: Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*


Fylgstu með á Facebook
– Lindex Iceland
#LindexIceland
Peysa,
4.595,–
Visit your Ultimate Gift Shop
LINDEX
we make fashion feel good

# ALDREI ORÐIÐ VITNI AÐ ÖÐRU EINS

Hamagangurinn er mikill í stærri verslunum og verslunarmiðstöðvum í Bandaríkjunum í dag þegar Svarti föstudagurinn (e. Black Friday) er haldinn. Anna María hefur búið í Bandaríkjunum í 25 ár en tekur því yfirleitt rólega þennan daginn.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Eftir að hafa búið í aldarfjórðung í Bandaríkjunum hefur Anna María Kárdal kynnst ýmsu þegar kemur að verslunardeginum stóra, Svarta föstudeginun (e. Black Friday). Upphaflega fluttu þau hjónin út þegar eiginmaður hennar hóf framhaldsnám í Maryland árið 1991. Stuttu síðar fluttu þau til Chicago og þar hafa þau komið sér vel fyrir ásamt börnum sínum þremur. Hún segist hafa þekkt aðeins til þessa dags áður en hún flutti út. „Ég kynntist honum svo fyrst almennilega eftir að við fluttum til Chicago 1993. Sennilega hef ég bara verið fátækur námsmaður fyrstu árin og því ekki náð að sinna þessu nógu vel.“



Mikil læti eru jafnan í stórum verslunum og verslunarmiðstöðvum í Bandaríkjunum á Svarta föstudeginum.

## RUDDIST EKKERT

Þótt Anna María hafi kynnst deginum betur eftir flutninginn til Chicago man hún lítið eftir fyrstu upplifunum sínum af honum en rifjar þó upp að eitthvað hafi hún fundið fyrir spennu, stressi og múgæsingi. „Þessi mikli verslunardagur hefur líka þróast gegnum árin þegar kemur að opnunartímum og tilboðum. Fyrst var opnunartíminn mjög snemma daginn eftir þakkargjörðarhátíðina. Þá var vaknað eldsnemma og beðið í röð eftir opnun. Ég tók tvisvar sinnum þátt minnir mig þegar börnin voru ung og keypti helst leikföng. Mér er minnisstæðast að sjá fullorðið fólk ryðjast inn í verslanir og þrífa til sín það sem það hafði haft augastað á. Fyrirgangurinn var slíkur að aldrei hef ég orðið vitni að öðru eins. Eitt augnablik hugsar maður: „Er ég að missa af einhverju?“


Anna María Kárdal hefur búið í Bandaríkjunum í 25 ár. Hún tekur því yfirleitt rólega á Svarta föstudeginum.

> Mér er minnisstæðast að sjá fullorðið fólk ryðjast inn í verslanir og þrífa til sín það sem það hafði haft augastað á. Fyrirgangurinn var slíkur að aldrei hef ég orðið vitni að öðru eins. Eitt augnablik hugsar maður: Er ég að missa af einhverju?
>
> Anna María Kárdal

Verslanir stunda það að auglýsa hluti á tilboði og reynast svo vera með aðeins fimm stykki af vörunni. Á sama tíma eru e.t.v. 50 manns í höttunum eftir þessum fáu hlutum. Þar fáum við þessar myndir af fólki að rífast og berjast um örfáa hluti. Mér tókst nú samt að kaupa það sem ég þurfti án þess að ryðjast og slást!“

## NÁÐI HÁMARKI FYRIR HRUN

Eftir því sem árin liðu fór dagurinn út í hreina vitleysu að hennar sögn. Verslanir voru opnaðar sífellt fyrr og á endanum var farið að hafa opið eftir kvöldmat á þakkargjörðarhátíðinni sem er haldin á fimmtudeginum. „Eitt árið fóru gestir úr matarboði hjá okkur á þakkargjörðarhátíðinni beint út að versla. Tveimur tímum síðar hringdu þau í mig og tilkynntu að þau væru ekki einu sinni nálægt verslunarmiðstöðinni, slíkt væri umferðaröngþveitið. Þetta brjálæði náði hápunkti einhvern tímann fyrir hrun. Sem betur fer eru nokkur fyrirtæki fjölskylduvænni í dag og auglýsa að þau ætli að gefa starfsfólki frí þennan dag til þess að njóta hátíðarinnar.“

Þróunin ytra virðist að sögn Önnu Maríu stefna í „Black November“ því mörg fyrirtæki eru farin að auglýsa tilboð í byrjun mánaðarins. „Skoðun mín er líka sú að með tilkomu netsins og þróun verslunar þar hefur þessi dagur færst mikið yfir á mánudaginn eftir helgina eða á „Cyber-Monday“ eins og hann er kallaður.“

## TEKUR ÞVÍ RÓLEGA

Dæmigerður Svartur föstudagur hjá fjölskyldunni verður því með rólegra móti hjá henni. „Frá og með þakkargjörðardeginum byrjar jólaösin og við forðumst verslunarmiðstöðvar eins og heitan eldinn. Í ár vorum við með rúmlega 30 manns í mat á þakkargjörðardaginn. Í dag, föstudag, ætlum við hins vegar bara að vera heima í rólegheitunum. Við erum með gesti frá Íslandi þannig að ef við kíkjum út verður það ekki til að versla heldur frekar til að kíkja niður í miðbæ og fá okkur heitt súkkulaði. Í raun svipar þessum degi til Þorláksmessu heima á Íslandi. Hver veit nema við bökum svo piparkökur í kvöld.“




# STYRKTARÞJÁLFUN GÓÐ FYRIR HEILANN

Möguleikinn á því að stöðva eða hægja á heilabilun er mun meiri ef fólk lyftir lóðum í stað þess að gera hugrænar æfingar, samkvæmt því sem fram kemur í nýrri ástralskri rannsókn. Þjálfun gerir heilanum gott.

Styrktarþjálfun er ekki bara góð fyrir vöðva heldur getur hún dregið úr heilabilun hjá eldra fólki. Þetta kemur fram í rannsókn sem gerð var við háskólann í Sydney. Eitt hundrað konur og karlar á aldrinum 55 til 68 ára tóku þátt í rannsókninni. Allt þetta fólk hafði væga skerðingu á minni og var í mikilli hættu á að fá heilabilun eða Alzheimer-sjúkdóminn. Teygjuæfingar gera ekki sama gagn fyrir heilann.

Þeim sem tóku þátt í rannsókninni var deilt í fjóra hópa. Einn hópurinn var í styrktarþjálfun undir stjórn þjálfara, annar hópurinn gerði sitjandi teygjuæfingar, sá þriðji fékk þrautir á tölvu og síðasti hópurinn horfði á heimildarmynd og þurfti að svara spurningum um myndina eftir að sýningu lauk.

Hópurinn sem gerði styrktaræfingar með lóðum sýndi umtalsverða breytingu á starfsemi heilans. Gerð voru ýmis próf og verkefni meðfram æfingum. Þeir sem lyftu lóðum tvisvar í viku sýndu miklar framfarir auk þess sem þeir urðu að sjálfsögðu sterkari. Reglulegar æfingar með lóðum eru greinilega mjög góðar, ekki bara fyrir bein og vöðva, heldur einnig fyrir heilann. Einn vísindamannanna sem unnu við rannsóknina segist ekki geta svarað hvers vegna styrktarþjálfun sé svona góð fyrir heilann en það sé ástæða til að rannsaka það betur.


Eldra fólk ætti að stunda styrktaræfingar að minnsta kosti tvisvar í viku.

Rannsóknir sem gerðar hafa verið í Kanada og í Svíþjóð á líkamsrækt og hreyfingu eldra fólks sýna allar jákvæða niðurstöðu hjá þeim sem hreyfa sig. Ekki bara líkamlega heldur einnig andlega.

Vísindamenn við Karolinska í Svíþjóð hafa sýnt fram á að hreyfing eins og hjólreiðar, sund, göngur bæta heilsu eldra fólks til muna. Hreyfing eykur blóðflæði til heilans og eykur kraft líkamsstarfseminnar. Eldra fólk sem hreyfir sig býr þess vegna við mun meiri lífsgæði en þeir sem hreyfa sig ekkert.

# MIÐNÆTUROPNUN Á GLERÁRTORGI
# DÚNDUR "BLACK FRIDAY"
# TILBOÐ FRÁ MORGNI TIL MIÐNÆTTIS
# FÖSTUDAGINN **25. NÓVEMBER 2016**




**FRÁBÆR TILBOÐ** í verslunum frá 10:00 – 24:00.

Allt að **70% afsláttur** af völdum vörum.

**16.30** Jólasveinar mæta á svæðið og gefa epli og mandarínur.

**17:00** Jólasveinar kveikja á jólatré Glerártorgs.

**17:10** Barnakór Akureyrarkirkju syngur jólalög við jólatréð.

**17:20** Lína Langsokkur tekur lagið og sprellar með krökkunum.

Allir krakkar fá „selfie" með Línu eða eiginhandaráritun.

**17:30** Myndataka með jólasveinunum.



### Kvölddagskrá

**20:30** Pétur Guð og lærisveinarnir. Jólatónar á þægilegu nótunum.

**21:30** Ívar Helgason syngur lög af jóladiskinum sínum Jólaljós.

**22:00** Ágústa Eva syngur fyrir gesti og gangandi.

**20%** afsláttur af öllum fylgihlutum – 66° NORTH

**15-20%** afsláttur af öllum vörum – Casa

**20%** afsláttur af verði allra vörutegunda – THE BODY SHOP

**25%** afsláttur af öllum vörum – Christa

**30%** afsláttur af DeLonghi Nespresso Inissia kaffivélum – nettó Ódýrt fyrir heimilið!

**20%** af öllum vörum – REXÍN

**50%** afsláttur ROYAL DREAM rúm 90x200 og 120x200sm – RÚMFATA LAGERINN

**25%** afsláttur af öllum vörum – Dressmann

**25% afsláttur** af Alan Mikli umgjörðum, **30% afsláttur** af Rayban sólgleraugum – Gleraugnasalan Geisli

**20%** afsláttur af öllum vörum – Halldór Ólafsson úr og skartgripir

**25%** af öllum vörum – IMPERIAL AKUREYRI

**20% afsláttur** af Hummel barnafatnaði og skóm. af Shiatsu nudd og heilsuvörum frá Eirberg af Cintamani fatnaði – SPORTVER

**20%** afsláttur af öllum vörum – CENTRO

**20-25%** afsláttur af öllum vörum – Heilsuhúsið

**20%** af öllum vörum – Levi's

**30%** af öllum vörum og 40% af jólavörum – Lín Design

**20 %** afsláttur af öllum vörum á Glerártorgi – LINDEX

Estée Lauder kynning og Opi lökkun á miðnæturopnun. 20% afsláttur og glæsilegur kaupauki. Jólailmkertin frá Wood Wick eru komin – MAKE UP GALLERY

**30-70%** afsláttur af völdum vörum – Toys R Us

**30-70%** afsláttur af völdum vörum – KÚNÍGÚND

**Klikkuð tilboð** – Heimilistæki

250 Black Friday tilboð á 10-70% afslætti – TÖLVULISTINN

Black Friday tilboð allt að 20 - 40% afsláttur – Kaffi Torg

25 þús. kr. afsláttur af allri iPhone S6 línunni. Aukahlutir 25% - 60 % afsláttur – Síminn

**20%** afsláttur af Vodafone spjaldtölvum og aukahlutum. – vodafone

Frábær Black Friday tilboð allan daginn – Ullarkistan

**20%** afsláttur af öllum vörum (gildir ekki af lyfjum) – Lyf & heilsa Við hlustum!

GLERÁRTORG
–af lífi & sál–

# GOTT SVAR VIÐ SAMKEPPNINNI

Formaður Samtaka verslunar og þjónustu segir Svartan föstudag hafa skotið rótum hér á landi og það sé jákvætt. Slíkar uppákomur haldi áfram svo lengi sem fólk svari þeim og þær séu góðar bæði fyrir neytendur og verslunarmenn.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá mörgum að verslanir hér á landi eru farnar að halda Svarta föstudaginn (e. Black Friday) hátíðlegan. Fyrirbærið er vel þekkt í Bandaríkjunum en frá 1932 hefur dagurinn, sem alltaf er haldinn daginn eftir þakkargjörðarhátíðina, markað upphaf jólaverslunar þar í landi. Svarti föstudagurinn hefur lengi verið mesti verslunardagur ársins í Bandaríkjunum en þá bjóða verslunareigendur vörur sínar með miklum afslætti. Að sögn Margrétar Sanders, formanns Samtaka verslunar og þjónustu, hefur Svartur föstudagur skotið rótum hér á landi. „Þetta varð fyrst að alvöru hér árið 2014. Í fyrra var gríðarlega mikil verslun í kringum Svartan föstudag eða svartan fössara eins og ég hef heyrt einhverja kalla hann og líst ekki illa á. Ég fagna þessu framtaki eins og öðrum viðburðum sem eru til þess að örva verslun á Íslandi.“




Svartur föstudagur hefur náð fótfestu hér á landi. NORDIC PHOTO/GETTY

### KAUPHEGÐUN HEFUR BREYST

Kauphegðun fólks hefur verið að breytast undanfarin ár, til dæmis vegna tilkomu netverslana. Margrét segir Svartan föstudag vera frábært svar við þeirri miklu samkeppni sem kaupmenn hér á landi eigi í við bæði verslun í útlöndum og á netinu. „Þetta ýtir við fólki varðandi verslun hér á landi, og jólainnkaupin sérstaklega. Það er ekki bara hér á Íslandi sem verslunarmenn eiga í bullandi samkeppni við útlönd og netverslun heldur er það tilfellið í öllum verslunum í allri Evrópu. Það er mikil breyting á kauphegðun og þá verða verslunarmenn að koma með nýjungar og þetta er ein góð nýjung sem hefur komið hér á landi,“ lýsir Margrét.

> Því meira sem Íslendingar versla hér á landi og við verslunarmenn stöndum okkur í samkeppninni því meira eykst úrvalið hér.
>
> Margrét Sanders, formaður Samtaka verslunar og þjónustu.



### LÆKKANIR AÐ UNDANFÖRNU

Hún segir að fleiri góðir hlutir hafi gerst hér á landi varðandi verslun. „Vörur sem báru vörugjöld hafa lækkað gríðarlega, eins og heimilistæki, bílavarahlutir og fleira. Meðal annars hafa tryggingafélög talað um að þetta hafi lækkað kostnað fyrir þau vegna tjóna. Og þetta hefur haft gríðarleg áhrif á vísitöluna en svo getur fólk rifist um það hvort vörurnar lækki nógu mikið.“

Margrét nefnir líka að það sé jákvætt fyrir verslunina að um næstu áramót falla niður tollar á flestum vörum sem koma frá ríkjum sem ekki eru með fríverslunarsamning. „Það verður mikil breyting. Þetta er fjöldi vara sem verið er að fella niður tolla af um áramótin, meðal annars snyrtivörur, leikföng, bleiur og margt fleira.“

Þróunin í verslun almennt hefur verið upp á við undanfarið og að sögn Margrétar hafa þeir sem fylgjast vel með verðlagi séð gríðarlegar verðbreytingar. „Þetta sést svo vel þegar maður horfir á sjónvörp. Flatskjáir sem kostuðu annan handlegginn áður hafa lækkað gríðarlega á undanförnum árum. Það sama má segja um önnur heimilistæki og margar aðrar vörur,“ segir hún.

### VERSLUN BREYST TIL BATNAÐAR

Margrét segir að allar uppákomur eins og Svartur föstudagur komi sér gríðarlega vel fyrir þá sem hafi ekki tækifæri til að fara eða séu ekki á leið til útlanda. „Á meðan fólk svarar svona uppákomum og þær skila sér, bæði til neytenda og verslunar, er það bara jákvætt og þær halda áfram. Mér finnst svo frábært að sjá þessa miklu fjölbreytni sem er orðin í verslun hér á landi og hvað verslunin hefur breyst til batnaðar. Því meira sem Íslendingar versla hér á landi og við verslunarmenn stöndum okkur í samkeppninni því meira eykst úrvalið hér. Þannig verða til meiri tekjur fyrir ríkið af verslun og fleiri fá vinnu í geiranum og það skilar sér svo til þjóðarbúsins. Það sem við sáum síðast af Svörtum föstudegi er að hann hafði áhrif á vísitöluna fyrir nóvembermánuð. Það er líka gleðilegt og allt af gott þegar vísitalan er lág og verðbólgan þá um leið,“ segir Margrét glöð í bragði.



# Aðventan byrjar á bók!




**Tilboð**
**5.190 kr.**
Áður 6.290 kr.




**Tilboð**
**3.999 kr.**
Áður 4.999 kr.




**Tilboð**
**5.699 kr.**
Áður 6.999 kr.




**Tilboð**
**5.699 kr.**
Áður 6.999 kr.




**Tilboð**
**5.690 kr.**
Áður 6.990 kr.




**Tilboð**
**5.699 kr.**
Áður 6.999 kr.




**Tilboð**
**5.190 kr.**
Áður 6.290 kr.




**Tilboð**
**9.999 kr.**
Áður 12.999 kr.




**Tilboð**
**5.690 kr.**
Áður 6.990 kr.




**Tilboð**
**4.899 kr.**
Áður 5.999 kr.




**Tilboð**
**3.999 kr.**
Áður 4.999 kr.




**Tilboð**
**5.699 kr.**
Áður 6.999 kr.




**BÓKABÚÐ**
**MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

**Opið alla daga**
**til klukkan 22.00**

**facebook.com/**
**malogmenning**











Nýjasta lína Millu Snorrason heitir Vondugil eftir gili sem gengið er um á Laugaveginum að Fjallabaki. MYND/RUT SIGURÐARDÓTTIR

# OF MIKILL HRAÐI Í TÍSKUHEIMINUM

**Borghildur Gunnarsdóttir**, sem hannar undir merkinu Milla Snorrason, var ein af sex sem hlutu hæsta styrk í úthlutun Hönnunarsjóðs á dögunum. Henni er umhugað um umhverfið og telur hraðann í tískuheiminum ekki góðan fyrir neinn.

Borghildur sækir innblástur til Íslands enda elskar hún að ganga á fjöll og reynir að fara eina stóra ferð hvert sumar. „Ég læt hverja línu heita eftir þeim stað sem ég hef heimsótt. Fyrir mynstrin í síðustu línu notaði ég til dæmis form úr snjóalögum í fjöllunum á Laugaveginum, teiknaði þau upp með bleki og blandaði þeim við yfirborðsmyndir sem ég tók í ferðinni," segir Borghildur en nýjasta lína hennar ber nafnið Vondugil eftir gili sem gengið er um á Laugaveginum að Fjallabaki. „Þegar kemur að sniðum, stemningu og litavali get ég fundið innblástur nánast alls staðar. Hvort sem er í götutísku, í kvikmyndum, frá gömlum myndum eða myndlist. Ég nota internetið líka mikið og er stanslaust að vista myndir sem ég finn og sæki svo í þegar ég byrja að hanna."

## FLÍKUR MEÐ LÁGT KOLEFNISSPOR

En hver er hugmyndafræðin á bak við hönnunina? „Ég legg áherslu á að flíkurnar séu klæðilegar, þægilegar, vandaðar og áhugaverðar. Framleiðslan fer öll fram í Evrópu vegna þess að ég vil vita hvaðan flíkurnar koma, hverjir framleiða þær og við hvaða aðstæður. Ullarpeysurnar eru framleiddar á Íslandi því ég vil styðja innlenda framleiðslu og það skiptir mig máli að geta boðið upp á flíkur með lágt kolefnisspor," svarar Borghildur og bætir við að Milla Snorrason sendi aðeins frá sér eina línu á ári. „Ástæðan er meðal annars sú að ég trúi ekki á hraðann í tískuheiminum, ég held að hann sé hvorki nauðsynlegur né góður fyrir neinn. Mér finnst ekki sjálfri að fólk eigi að endurnýja fataskápinn sinn tvisvar eða jafnvel fjórum sinnum á ári og ég hef engan áhuga á að hvetja til óhóflegrar neyslu," segir hún með áherslu. Auk þessi noti hún einungis náttúruleg efni. „Bæði af því að mér finnst það fallegra og þægilegra en einnig vegna þess að gerviefni virka oft eins og plast fyrir umhverfið og brotna mjög hægt niður."

## ENDURSPEGLAR EIGIN FATASTÍL

Borghildur segir Millu Snorrason endurspegla sinn eigin fatastíl. „Ég hanna fyrst og fremst fyrir sjálfa mig en máta samt flíkurnar líka í huganum á ýmsar vinkonur mína og jafnvel mömmu mína og vinkonur hennar."

Uppáhaldshönnuður Borghildur hefur lengi verið Dries Van Noten en Miuccia Prada og Consuelo Castiglioni sem hannar fyrir Marni hafa líka lengi verið í uppáhaldi. „Svo eru allir hönnuðirnir í Kiosk æðislegir!" segir Borghildur glaðlega en flíkur hennar eru til sölu í verslunninni.

## MIKIL VIÐURKENNING

Borghildur segir það hafa mikla þýðingu fyrir sig að fá styrk á borð við þann sem hún fékk úr Hönnunarsjóði á dögunum. „Það er bæði mikil viðurkenning fyrir mig að fagfólk eins og þau hjá Hönnunarsjóði hafi trú á því sem ég er að gera og svo léttir það gífurlega undir. Fatahönnun er virkilega dýr bransi og það er mjög auðvelt að fara útbyrðis í kostnaðarhliðinni."

## ÝMISLEGT Á DÖFINNI

Framleiðsla nýjustu línunnar, Vondugila, hefur átt hug Borghildar undanfarnar vikur en þriðja sendingin af flíkunum kemur í Kiosk fyrir jólin.

„Síðan er ég að vinna að línunni sem ég fékk styrk til að gera. Hún heitir Uxatindar og er unnin út frá ferð sem ég fór með vinkonum mínum í sumar þar sem við gengum um Fjallabak nyrðra í nokkra daga. Ég mun sýna hana á vörusýningu í Kaupmannahöfn í byrjun febrúar á næsta ári svo það er feikinóg vinna fram undan."



„Milla Snorrason sendir aðeins frá sér eina línu á ári. Ástæðan er meðal annars sú að ég trúi ekki á hraðann í tískuheiminum, ég held hann sé hvorki nauðsynlegur né góður fyrir neinn," segir Borghildur. MYND/EYÞÓR




## Allt svart á **algjöru botnverði** aðeins í **dag!**

- -45% Maybelline Vex Colossal maskari ~~2.690 kr.~~ 1.490 kr.
- -43% Coddoc ~~6.990 kr.~~ 3.990 kr.
- -41% Aðeins **30. stk.** í boði! Clubmaster gleraugu-svört umgjörð ~~21.990 kr.~~ 12.990 kr.
- -40% Adam Lambert - Trespassing ~~2.490 kr.~~ 1.490 kr.
- -67% Antamasque ~~2.990 kr.~~ 990 kr.
- -29% Svarti Galdur ~~6.990 kr.~~ 4.990 kr.
- -50% Svörtulönd ~~2.390 kr.~~ 1.190 kr.
- -70% Þú afhjúpar mig - kilja ~~2.290 kr.~~ 690 kr.
- -43% Wu-Tan Clan: Wu-Tang Forever ~~6.990 kr.~~ 3.990 kr.
- -29% Brakið - kilja ~~2.790 kr.~~ 1.990 kr.
- -24% Skrímslið kemur ~~4.790 kr.~~ 3.590 kr.
- -75% Ef ég hefði verið ~~5.990 kr.~~ 1.490 kr.
- -30% 172 tímar á tunglinu - kilja ~~4.290 kr.~~ 2.990 kr.
- -41% Schmidt spilasafn í kassa ~~3.890 kr.~~ 2.290 kr.
- -10% iPhone 6s 64 GB ~~109.890 kr.~~ 98.890 kr.
- -50% Tech V-Neck í svörtum ~~5.990 kr.~~ 2.990 kr.
- -40% Macron húfa ~~4.990 kr.~~ 2.990 kr.
- -25% Dallas Bílstóll ~~19.990 kr.~~ 14.990 kr.
- -55% Snjóskóflur ~~9.990 kr.~~ 4.490 kr.
- -20% Mars by Crazybaby Space Grey Bluetooth ~~69.990 kr.~~ 55.990 kr.
- -53% Flugfreyjutaska -svört ~~27890. kr.~~ 12.990 kr.
- -35% Russell Hobbs Illumina matvinnsluvél ~~24.990 kr.~~ 16.240 kr.
- Remington Professional Compact hárblásari ~~19.990 kr.~~ 12.990 kr.
- -36% Russell Hobbs Performance PRO blandari ~~36.990 kr.~~ 23.690 kr.
- -35% Russell Hobbs Illumina Blandari ~~18.990 kr.~~ 12.340 kr.
- -35% Remington Define & Style sléttujárn ~~7.990 kr.~~ 5.190 kr.
- -35% Remington HyperFlex ~~26.990 kr.~~ 17.540 kr.
- -50% Sveinbjörg Púðaver - Krumma ~~6.990 kr.~~ 3.490 kr.
- -35% Russell Hobbs Heilsugrill Family ~~16.990 kr.~~ 10.990 kr.
- -35% Russell Hobbs Cook@Home multi cooker ~~34.990 kr.~~ 22.740 kr.
- -30% Andersson 2.1 heimabíó ~~59.990 kr.~~ 41.990 kr.

»Stærsta íslenska vefverslunin.
»Frí heimsending ef verslað er fyrir 4.000 kr. eða meira.
»Afhendum samdægurs á höfuðborgarsvæðinu!

Gildir í dag eða á meðan birgðir endast.
Ef þú finnur eitthvað svart sem ekki hefur lækkað láttu okkur vita á Facebook og við lækkum samstundis.

HEIMKAUP

www.heimkaup.is | Smáratorgi 3 | 201 Kóp. | S: 550-2700



Joe Jonas



Carrie Fisher



# STJÖRNURNAR DÚÐA SIG VEL

Vetrarklæðnaður á götum New York gæti komið beint úr íslenskum fataskáp ef marka má útganginn á fræga fólkinu í kuldanum, svartar úlpur og ullarfrakkar.

Kuldaboli er farinn að bíta og blása á götum New York borgar og fræga fólkið þarf að klæða sig eftir veðri eins og aðrir.

Star Wars prinsessan og hershöfðinginn Carrie Fisher stormaði um göturnar í skósíðum ullarfrakka og svartri rúllukragapeysu og Matthew McConaughey hafði einnig dregið fram svarta frakkann.

Reyndar virðist svartur litur leynast víðar en í íslenskum fataskápum en leikarinn Liev Schreiber náðist á mynd svartklæddur frá toppi til táar, í tvíhnepptum stuttum frakka með svört sólgleraugu, húfu og hanska.

Söngkonan Rihanna varðist kuldanum í síðri, svartri dúnkápu og fyrirsætan Alexa Chung klæddist einnig svörtu; mokkajakka, svörtum gallabuxum og stígvélum. Rauði varaliturinn og ljós prjónahúfan poppuðu svarta litinn vel upp. Sömuleiðis var tónlistarmaðurinn Joe Jonas vel búinn undir kuldann. Hann var í grænni úlpu og um hálsinn var hann með bláan og rauðan trefil.

» Söngkonan Rihanna varðist kuldanum í síðri, svartri dúnkápu.






Alexa Chung



Matthew McConaughey

SAMSUNG

## S7 | S7 edge & Gear S3




# Ekki bara gjöf.

## Heill heimur af möguleikum!

samsungmobile.is/s7 samsungaislandi

# VIÐ GEFUM SVÖRT



**DARRI** 30% afsl.

22.990 kr.
~~32.990 kr.~~



**ELNA** 20% afsl.

47.990 kr.
~~59.990 kr.~~




**Svartur föstudagur þarf ekki að vera litlaus!**

Komdu við í verslunum okkar, í miðborg Reykjavíkur og í Skipagötu á Akureyri, á föstudag og laugardag. 20% af öllu og enn meiri afsláttur af völdum vörum.

SCARPA NO PLACE TOO FAR

VARMA The Warmth of Iceland

# UM FÖSTUDEGI LIT

**STEINN** 40% afsl.

29.390 kr.
~~48.990 kr.~~



**INGÞÓR** 40% afsl.

53.990 kr.
~~89.990 kr.~~



**ALLAR VÖRUR MEÐ 20% AFSLÆTTI Í VERSLUNUM Í AÐALSTRÆTI, BANKASTRÆTI OG Á AKUREYRI**

ENN MEIRI AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

**CINTAMANI**
DRESS CODE ICELAND


BLACK FRIDAY
ÓTRÚLEG TILBOÐ AÐEINS Í DAG
25.NÓVEMBER 2016 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.
PS4 SLIM 1TB MEÐ STÝRIPINNA 44.990 VERÐ ÁÐUR 59.990
PS4 SLIM 500GB MEÐ STÝRIPINNA 36.990 VERÐ ÁÐUR 49.900
AÐEINS 120 STK 1 STK Á MANN
PS4 SLIM 1TB TVEIR STÝRIPINNAR! 52.990 VERÐ ÁÐUR 72.980
AÐEINS 300 STK HÁMARK 2 STK Á MANN
GPS KRAKKAÚR
Frábært snjallúr með 1.22" led snertiskjá, SOS takka fyrir neyðarsímtal og sms með staðsetningu. Hægt er að hringja í úrið og fylgjast með ferðum barnsins.
7.990 VERÐ ÁÐUR 9.990
ACER FARTÖLVA
15.6" FULL HD skjár, Intel Pentium, 4GB minni, 256GB SSD diskur, leikjaskjákort og Windows 10
49.990 VERÐ ÁÐUR 89.990
AÐEINS 50 STK 1 STK Á MANN
AÐEINS 50 STK
28" BENQ GC2870H 28" VA-LED SKJÁR 29.990 VERÐ ÁÐUR 39.990
75% AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 3.990
AÐEINS 120 STK 1 STK Á MANN
4400mAh Trust ferðarafhlaða fyrir Pokémon veiðar;) 995
AÐEINS 100 STK 1 STK Á MANN
1TB Örsmár Seagate USB 3.0 ferðaflakkari 6.990 VERÐ ÁÐUR 9.990
AÐEINS 100 STK 1 STK Á MANN
40% AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 19.990
ACER Lúxus spjaldtölva með 7" IPS skjá, Quad Core örgjörva og 16GB disk 11.990
AÐEINS 50 STK 1 STK Á MANN
FITBIT Náðu árangri með Fitbit Flex heilsuúri 4.990 VERÐ ÁÐUR 8.990
BLACK FRIDAY
AÐEINS Í DAG
FÖSTUDAG
10:00 - 18:00
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

fasteignir

# Við erum öflugt teymi og erum tilbúnar að vinna fyrir þig

**Viltu vita hvers virði eign þín er?**
**Ekki hika við að hafa samband!**

**Ingibjörg Agnes**
Sölufulltrúi og nemi í löggildingu fasteignasala
inga@landmark.is
**Sími: 897 6717**

**Ásdís Rósa**
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
asdis@landmark.is
**Sími: 895 7784**




**Vantar allar gerðir eigna á skrá, mikil sala**

**Bjóðum upp á frítt söluverðmat**

LANDMARK
FASTEIGNASALA

# Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



## Tilvalið í jólapakkann!



**Fót -og handsnyrting á aðeins 12.000.-**
**og með lakki á 14.000.-**
**Munið gjafabréfin okkar.**

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

~ MIKIÐ GAMAN!!! ~

Útgáfusamkoma í tilefni útgáfu ævisögu skemmtikraftsins Þórhalls Sigurðssonar

# Laddi

## Þróunarsaga mannsins sem kom okkur til að hlæja

í Pennanum-Eymundsson Skólavörðustíg, í dag á milli kl. 17:00 - 19:00




~ Laddi fer sjálfur fyrir flokknum og les harmskoplega kafla úr bókinni, ásamt æviskrásetjara sínum, Gísla Rúnari Jónssyni.

~ Laddi og höfundur þróunarkenningarinnar árita bókina og munu án efa leika á alls oddi.

Djazzkóngarnir Björn Frelli Janutsh og Magnús Jóhann Ragnars fara frjálslega með fjöruga söngdansasveiflu, í anda uppvaxtarára Ladda, á saxa og slaghörpu.

*„Þessa einlægu, skemmtilegu og fyndnu bók er varla hægt að leggja frá sér fyrr en maður er búinn með hana. Einlægasta og fallegasta ævisaga sem ég hef lesið. Elski maður leikarann og skemmtikraftinn Ladda fyrir lesturinn, elskar maður manneskjuna Ladda eftir lesturinn."*

***- Gunnar Helgason leikari & rithöfundur***

*„Allt í senn fróðleg, dramatísk, hjartnæm og bráðfyndin lesning. Ég hló og grét á víxl."*

***- Edda Björgvinsdóttir leikkona***

Penninn Eymundsson

# Strákar, hver ætlar að dekka gríska undrið næsta sumar?




**Ísland mætir Grikklandi í fyrsta leik sínum í úrslitakeppni Evrópumótsins í Helsinki í sumar og þar mætir íslenska liðið mögulega næstu súperstjörnu NBA-deildarinnar, Giannis Antetokounmpo.**

**KÖRFUBOLTI** Grikkinn Giannis Antetokounmpo komst á þriðjudagskvöldið í hóp með Michael Jordan og Hakeem Olajuwon í sögubókum NBA-deildarinnar í körfubolta. Daginn eftir fékk hann að vita það að Eurobasket næsta sumar byrjar hjá honum með leik á móti íslenska landsliðinu 31. ágúst.

Giannis Antetokounmpo hefur gælunafnið „Gríska undrið“ og skal engan undra enda án efa hávaxnasti leikstjórnandinn í heimi. Hinn 211 sentimetra Giannis er enn ungur maður og því með mikið rými til að verða mun betri. Hann heldur upp á 22 ára afmæli sitt í byrjun jólamánaðarins en þrátt fyrir það er kappinn þegar á sínu fjórða tímabili í NBA-deildinni.

> Aðeins þrír leikmenn hafa náð að vera með 21,5 stig, 8,4 fráköst, 5,5 stoðsendingar og 2 stolna að meðaltali á tímabili í NBA eða þeir Larry Bird, Magic Johnson og Scottie Pippen.

### 11,3 milljarða samningur

Forráðamenn Milwaukee Bucks voru tilbúnir að bjóða honum hundrað milljóna dollara samning í september. Hafi einhver talið að 11,3 milljarðar fyrir fjögur næstu árin væru of mikið þá efast menn ekki lengur.

Hróður Giannis Antetokounmpo eykst með hverjum mánuði enda tölfræði hans saga til næsta bæjar. Hver veit nema við fáum meira af leikjum á næstunni eins og þann þegar Bucks-liðið vann Orlando á mánudaginn.

Antetokounmpo varð þá fjórði NBA-leikmaðurinn frá 1984 sem nær að vera með að minnsta kosti 20 stig, 10 fráköst, 10 stoðsendingar, 5 stolna bolta og 3 varin skot í einum og sama leiknum. Hann komst þar í hóp með Michael Jordan (1988), Hakeem Olajuwon (1994) og Andrei Kirilenko (2007).

Nú þegar Milwaukee Bucks er búið með þrettán leiki á tímabilinu (af 82) þá er strákurinn sá eini í NBA-deildinni sem er meðal 25 efstu manna í stigum, fráköstum, stoðsendingum, vörðum skotum og stolnum boltum að meðaltali í leik. Súperstjörnurnar Anthony Davis og Draymond Green ná „aðeins“ inn á topp 25 á fjórum listum og LeBron James er „bara“ meðal efstu manna á þremur listum.

Giannis hefur verið besti maður Milwaukee Bucks á báðum endum vallarins og hann er að bæta sig gríðarlega á hverju tímabili. Hann hefur hækkað sig í öllum fyrrnefndum tölfræðiþáttum á fyrstu fjórum tímabilum sínum í NBA.

### Ólst upp í mikilli fátækt í Grikklandi

Antetokounmpo þekkir ekkert annað en að vinna fyrir hlutunum eftir að hafa alist upp í mikilli fátækt á Grikklandi. Honum tókst að komast þaðan og skapa sér nýtt líf. Hann hefur síðan komið með alla sína fjölskyldu til Wisconsin. Giannis vill heldur hvergi annars staðar vera og datt ekki í hug að kanna betri tilboð frá öðrum félögum. Antetokounmpo er þegar orðinn stjarna og með sama áframhaldi styttist í að hann verði ein af súperstjörnum NBA.

Við erum að tala um leikstjórnanda sem er stærri en nokkrir miðherjar deildarinnar. Antetokounmpo er algjörlega einstakur leikmaður en í viðbót við alla sentimetrana er hann með 220 sentimetra faðm. Hann fer völlinn í nokkrum skrefum og eftir að Milwaukee Bucks fór að láta hann spila sem leikstjórnanda hefur hann blómstrað. Það er ekki verra fyrir hann að þjálfari hans er Jason Kidd, einn besti leikstjórnandi NBA-deildarinnar á sínum tíma.

Það er ekki annað hægt en að hrífast af þessum ótrúlega íþróttamanni sem líður aldrei betur en á opnum velli í hraðri sókn.

### Hver dregur stutta stráið?

Líkamlegir hæfileikar, betri og betri tækni í bland við mikla körfuboltagreind gerir mótherjunum nánast ómögulegt að reyna að stöðva hann. Þessu fá strákarnir okkar að kynnast í Helsinki næsta sumar, en Antetokounmpo hefur verið með gríska landsliðinu undanarin tvö sumur. Stóra spurningin er hver dregur stutta stráið og þarf að dekka hann.

Þegar tölfræði manna er farin að detta inn með bestu alhliða dögum leikmanna eins og Michaels Jordan og Hakeems Olajuwon þá er ljóst að þar fer efni í súperstjörnu í NBA. Hann hefur líka átta mánuði til að verða enn betri fyrir þennan leik á móti Jóni Arnóri Stefánssyni, Hauki Helga Pálssyni, Herði Axel Vilhjálmssyni og félögum á Hartwall Arena. Haukur, Hörður og Jón Arnór eru allir frábærir varnarmenn og þekkja það vel að dekka stærri menn. Þeir hafa hins vegar örugglega aldrei lent í því að dekka mann eins og „Gríska undrið“.

ooj@frettabladid.is

## Giannis hefur hækkað sig í fimm helstu tölfræðiþáttunum á hverju tímabili sínu í NBA

| | 2013-14 | 2014-15 | 2015-16 | 2016-17 |
|---|---|---|---|---|
| Stig að meðaltali í leik | 6,8 | 12,7 | 16,9 | 21,8 |
| Fráköst í leik | 4,4 | 6,7 | 7,7 | 8,5 |
| Stoðsendingar í leik | 1,9 | 2,6 | 4,3 | 5,8 |
| Stolnir boltar í leik | 0,8 | 0,9 | 1,2 | 2,0 |
| Varin skot í leik | 0,8 | 1,0 | 1,4 | 2,2 |

YUASA

# Rafgeymar

Meðal viðskiptavina Yuasa eru:

mazda
BMW
TATA
SUBARU
TOYOTA
MITSUBISHI MOTORS
KIA
SUZUKI
ISUZU
HONDA
GM
NISSAN
SANGYONG
DAIHATSU
HYUNDAI
Hino
PSA PEUGEOT CITROËN

## YBX rafgeymarnir frá Yuasa hafa hærra kaldræsi og endast lengur




YUASA
stærsti rafgeymaframleiðandi í heiminum

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is


BAUHAUS®
Black friday
50% AFSLÁTTUR
AF FRÍSTANDANDI BAÐKÖRUM
M.V. ALMENNT VERÐ
Black friday
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM FULLBÚNUM ELDHÚSINNRÉTTINGUM
M.V. ALMENNT VERÐ
Black friday
Black friday
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLU FRÁ
Aduro
M.V. ALMENNT VERÐ
Black friday
30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SNJÓSKÓFLUM
M.V. ALMENNT VERÐ
BAUHAUS


MEIRA EN BARA
BYGGINGAVÖRUVERSLUN
MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ
Black friday
FÖSTUDAGINN
25. NÓVEMBER
FRÁ 8-19
Black friday
30%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GRÆNUM
BOSCH RAFMAGNSVERK-
FÆRUM
M.V. ALMENNT VERÐ
Black friday
30%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
HILLUEININGUM
M.V. ALMENNT VERÐ
BAUHAUS

# BAUHAUS




## Black friday

**FÖSTUDAGINN**
**25. NÓVEMBER**
**FRÁ 8-19**





MEIRA EN BARA
BYGGINGAVÖRUVERSLUN
MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ
Black friday
FÖSTUDAGINN 25. NÓVEMBER
Black friday
30%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
JÓLASERÍUM OG
JÓLALJÓSUM
M.V. ALMENNT VERÐ
Black friday
30%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
GÓLFTEPPUM OG
VÍNILDÚKUM
M.V. ALMENNT VERÐ
Black friday
30%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
GARDÍNUM
M.V. ALMENNT VERÐ
Black friday
30%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
LJÓSUM
M.V. ALMENNT VERÐ
BAUHAUS

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
25. NÓVEMBER 2016 FÖSTUDAGUR

## Merkisatburðir



**1783** Síðustu bresku hermennirnir yfirgefa New York-borg.
**1897** Púertó Ríkó fær sjálfstæði frá Spáni.
**1940** Breska herstjórnin á Íslandi lýsir allt hafsvæði milli Vestfjarða og Grænlands hættusvæði.
**1952** Leikritið Músagildran eftir Agöthu Christie er frumsýnt í London.
**1963** Forseti Bandaríkjanna, John F. Kennedy, er jarðsunginn í Washington.
**1973** Gríska forsetanum George Papadopoulos er steypt af stóli.
**1982** Þyrla rekst í loftnetsvír og brotlendir skammt frá Sjónvarpshúsinu við Laugaveg í Reykjavík.



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Freyja Kolbrún Þorvaldsdóttir**

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 14.11. sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Sérstakar þakkir vill fjölskyldan senda til starfsfólks 11G LSH fyrir góða umönnun, nærgætni og alúð.

**Hörður Sigþórsson**
**Birgitta Harðardóttir**
**Hrafnhildur Harðardóttir** **Guðmundur A. Sigurðsson**
**Ásta Pála Harðardóttir** **Albert Sveinsson**
**Árni Jón Harðarson**
**Kolbrún Hrönn Harðardóttir** **Ólafur Eyberg Rósantsson**
**ömmubörnin og langömmubörnin.**
**Minning þín er ljós í lífi okkar**



✝

Okkar yndislegi og ástkæri

**Örvar Jakobsson**

Starmýri 2, Reykjavík,

lést á Sahlgrenska háskólasjúkrahúsinu í Gautaborg 11. nóvember.
Útför hans fer fram frá Grensáskirkju miðvikudaginn 30. nóvember kl. 13.

**Bjarni Jakob Stefánsson** **Ásta Þórarinsdóttir**
**Sólrún Jakobsdóttir**
**Guðný Inga Guðbjörnsdóttir**
**Stefán Gylfi Valdimarsson** **Þórdís Jakobsdóttir**
**Þórarinn Ölversson** **Jóna Sigríður Gunnarsdóttir**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför bróður okkar,

**Sigtryggs Ingvarssonar**

frá Skipum,
Grænumörk 5, Selfossi.

**Sigríður Ingvarsdóttir**
**Ásdís Ingvarsdóttir**



✝

Okkar ástkæru, hjónin

**Sigríður Friðriksdóttir og Sverrir Símonarson**



Boðaþingi 24, Kópavogi,

létust 14. og 16. nóvember. Útför þeirra fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi mánudaginn 28. nóvember kl. 15.00.

**Guðrún Kristinsdóttir**
**Símon Sverrisson**
**Margrét og Hafsteinn Hjálmarsbörn**
**Erna Birna, Ægir Örn, Andrea og Karín Rós Símonarbörn**
**og barnabarnabörn.**

# Hugsa miklu meira um að matur sé góður en hollur

**Katrín Rut Bessadóttir fagnar í dag enda rúllar fyrsta bók hennar, Eldhús grænkerans, úr prentsmiðjunni. Hún segir að bókin sé ekki aðeins fyrir grænmetisætur heldur fyrir alla enda séu réttirnir svo góðir að eiginmaður hennar sé að breytast rólega í grænmetisætu.**

„Þetta er fyrsta bók okkar allra þannig við erum ánægðar og stoltar,“ segir Katrín Rut Bessadóttir, ein af þeim sem komu að bókinni Eldhús grænkerans. Hanna Hlíf Bjarnadóttir deilir uppskriftum sínum og Rut Sigurðardóttir myndaði réttina í bak og fyrir.

„Hanna er gúrmepía, hefur verið grænmetisæta í meira en 30 ár og búin að vera að safna og búa til uppskriftir allan tímann. Rut smellir af eins og henni er lagið og ég skrifaði og sá um allt utanumhald um textann og stíliseraði í myndatökum,“ segir Katrín en stelpurnar bjóða til gleði vegna útgáfu bókarinnar á KEX hosteli í dag þar sem bókin verður á kostakjörum og veitingar úr henni til að smakka. Bókin inniheldur um 120 uppskriftir að grænmetisréttum og er fyrsta íslenska matreiðslubók sinnar tegundar. Katrín segir að réttirnir henti öllum og bókin tilvalin fyrir þá sem vilja auka vægi grænmetisrétta á matarborði fjölskyldunnar. Sjálf er hún grænmetisæta og búin að vera það í tæpt ár og eiginmaður hennar á góðri leið, fréttahaukurinn Helgi Seljan.

„Hann er hrifinn og hefur tekið þessum breytingum afar vel. Það er yfirleitt aldrei kjöt eða fiskur á borðum heima hjá okkur lengur. Kannski ef hann er einn með börnin, þá er pulsupasta eða eitthvað álíka,“ segir hún og hlær. „Sjálf ákvað ég að hætta að borða kjöt fyrir tæpu ári af ýmsum ástæðum. Mig langaði bara ekki lengur í kjöt, kannski vegna þess að ég vissi meira og ég gat ekki sætt mig við verksmiðjubúskap.“

Hún segir að það sé ekki dýrt að vera grænmetisæta og hún sjái mun á peningaveskinu eftir ferð í verslun. „Það kom mér á óvart. Ég var ekki búin að gera ráð fyrir því og var ekkert að pæla í því enda afar óhagsýn húsmóðir. Ég kaupi eðlilega mikið af grænmeti og baunum og í þessi örfáu skipti sem ég kaupi kjöt þá finn ég alveg mun. Fyrir hverja máltíð heima hjá mér, þegar ég er að elda fyrir 3-4, fer kostnaðurinn ekki yfir 3.000 krónur. Þegar kjöt og fiskur bætast við þá er þetta fljótt að telja.“

Hún bendir á að maturinn í bókinni sé bragðgóður og djúsí eins og hún kemst að orði. Þá eru þetta ekkert endilega allt bráðhollar uppskriftir. „Það sem er líka rauði þráðurinn og er Hönnu hugleikið er matarsóun og að reyna að sporna við henni. Við erum að henda allt of miklum mat í ruslið. Í bókinni erum við að kenna hvernig er hægt að nýta afganga og elda upp úr þeim. Það er alltaf hægt að nota hráefnið betur.

Þetta er ekki endilega hollustubók, ég hugsa vanalega miklu meira um að matur sé góður en hollur, þó að það sé vissulega plús. Þetta er djúsí og góður matur, bara inniheldur ekki kjöt eða fisk. Við erum að vona að það séu ekki endilega bara grænmetisætur sem kaupa bókina heldur líka hinir. Það er mikilvægt fyrir heiminn og umhverfið og fyrir okkur á þessari jörð að við aukum vægi grænmetis í okkar fæði,“ segir Katrín.

**benediktboas@365.is**




**Hanna Hlíf Bjarnadóttir og Katrín Rut Bessadóttir stoltar með bókina.** MYND/ANNA LEA

ÞETTA GERÐIST 24. NÓVEMBER 1865

## Nobel fær einkaleyfi á dínamíti

Svíinn Alfred Nobel var allt í senn efnafræðingur, verkfræðingur, uppfinningamaður og vopnaframleiðandi og fékk einkaleyfi á sprengiefninu dínamíti á þessum degi fyrir 150 árum.

Það sem Nobel uppgötvaði var ný leið sem gerði sprengiefnið sem hann hafði fundið upp hættuminna og hentugra í meðferð og hann kallaði það dínamít. Hann kynnti það til sögunnar í fyrsta sinn árið 1867 í Surrey í Englandi. Alfred Nobel var verulega auðugur maður og í síðustu útgáfunni af erfðaskrá hans voru ákvæði um að stór hluti auðæva hans færu í stofnun sérstakra verðlauna.

Frá árinu 1901 hafa Nóbelsverðlaunin verið veitt þeim sem skara farm úr í eðlisfræði, efnafræði, læknisfræði, bókmenntum og þeim sem hafa stuðlað að friði í heiminum. Verðlaunin eru að öllu jöfnu afhent í Stokkhólmi við hátíðlega athöfn, nema friðarverðlaunin sem hafa frá upphafi verið afhent í Ósló. Þar er einnig Friðarsafn en það var vinkona Nobels, friðarsinninn Bertha von Suttner, sem átti frumkvæðið að þeim.



**Alfred Nobel**

## 25 ÁRA

# AFMÆLISVEISLA

**ÞAÐ ERU 25 ÁR SÍÐAN VIÐ OPNUÐUM FYRSTU 10-11 VERSLUNINA.
VIÐ FÖGNUM ÞVÍ MEÐ BRAGÐGÓÐUM TILBOÐUM. TAKK FYRIR OKKUR.**

GÓU FLORIDABITAR **199** KR./PK.

KJÖRÍS MJÚKÍS 1 L **349** KR./STK.

NÓA RJÓMASÚKKULAÐI **249** KR./STK.

STJÖRNU OSTAPUFFS **129** KR./STK.

GRÆNA KAKAN **299** KR./STK.

COKE 1 L OG 3 HRINGIR **899** KR.

Einungis í völdum verslunum

FRÓN PIPARKÖKUR **299** KR./STK.

KRISTALL SÍTRÓNU 2 L **199** KR./STK.

KIPPA AF PEPSI 2 L **599** KR./STK.

KIPPA AF COKE 2 L **799** KR./STK.

KIMS SALTSTANGIR **129** KR./STK.

KIPPA AF APPELSÍNI 2 L **799** KR./STK.

HARIBO STJERNE MIX **299** KR./STK.

KJÖRÍS PINNAR **299** KR./PK.

10-11

Gildir út nóvember, á meðan birgðir endast.

| REYKJAVÍK | | | | KÓPAVOGUR | HAFNARFJÖRÐUR | GARÐABÆR | REYKJANESBÆR | AKUREYRI | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Laugalækur 9 | Barónsstígur 4 | Miklabraut 100 | Suðurfell 4 | Hjallabrekka 2 | Fjörður 13-15 | Litlatún | Hafnargata 55 | Kaupangur | Skagabraut 43 |
| Glæsibær | Grímsbær | Kleppsvegur | Laugavegur 180 | Dalvegur 20 | Staðarberg 2-4 | | Flugstöð Leifs Eiríkss. | | |
| Austurstræti 17 | Héðinshús | Birkimelur 1 | Við Vesturlandsveg | Hagasmári 9 | Melabraut 29 | | Fitjar | | |
| Laugavegur 116 | Hjarðarhagi 47 | Bústaðavegur 20 | Borgartún 26 | | Reykjavíkurvegur 58 | | | | |
| Lágmúli 7 | Eggertsgata 24 | Grjótháls 8 | Bankastræti 11 | | | | | | |
| | | | Seljavegur 2 | | | | | | |

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Föstudagur




Stíf vestan átt um landið austanvert, en mun hægari vindur vestan til. Skýjað með köflum eða bjartviðri og él á stöku stað, einkum norðaustantil. Dregur úr vindi síðdegis. Hiti víða 0 til 6 stig að deginum, mildast sunnanlands, en annars svalara. Frystir víða um kvöldið.

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | -1° | -4° |
| ↖ 14 | ↖ 9 | ↖ 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -4° | 2° | -1° |
| ↖ 2 | ← 5 | ↑ 13 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 4° | 4° |
| ↑ 11 | ↗ 9 | ↑ 14 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 2° | 6° | 2° |
| ↑ 10 | ↖ 5 | ↑ 14 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hæð
6. frá
8. mánuður
9. hafið
11. kringum
12. laust bit
14. framvegis
16. Berist til
17. þjálfa
18. eyrir
20. pfn.
21. malargryfja

**LÓÐRÉTT**
1. þungi
3. hljóm
4. peningar
5. festing
7. þögull
10. gogg
13. frjó
15. kviður
16. hryggur
19. ullarflóki

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | 13 | | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** hóll, **6.** af, **8.** maí, **9.** rán, **11.** um, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** bt, **17.** æfa, **18.** aur, **20.** ég, **21.** krús.
**LÓÐRÉTT: 1.** farg, **3.** óm, **4.** lausafé, **5.** lím, **7.** fálátur, **10.** nef, **13.** fræ, **15.** magi, **16.** bak, **19.** rú.

## Skák Gunnar Björnsson

Þorvarður F. Ólafsson (2184) átti leik gegn Birki Karli Sigurðssyni (1900) á Haustmóti TR.



**Svartur á leik**
**22...Rxg3+! 23. Kg1** (23. hxg3 Dxg3) **23... Bd4+ 24. Be3 Re2+! 25. Hxe2 Bxe3 26. Kh1 Bxg2+ 27. Kxg2 Dxf3** og svartur vann skömmu síðar. Níunda skák heimsmeistaraeinvígisins fór fram í gærkvöldi.
**www.skak.is:** Allt um heimsmeistaraeinvígið.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | | | | | | | |
| | | 5 | 4 | 3 | 7 | 1 | 2 | |
| | | | 5 | | 9 | | | 3 |
| | | | | 5 | 8 | 3 | 7 | |
| 9 | 8 | | | 6 | | | | |
| 2 | | 7 | 9 | | | | | |
| | | 1 | | | | | 6 | 4 |
| | 2 | | | | 5 | 8 | | |
| | 6 | | | | 1 | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | | 6 |
| | | 9 | | | | 3 | | 4 |
| 6 | 2 | | | 9 | | 7 | | |
| | 8 | | | | | 6 | | |
| | | 7 | 5 | | 3 | | | 2 |
| | | 1 | 6 | | | 5 | | |
| | | 5 | | 4 | | | 7 | |
| 2 | | | | | 9 | | | 3 |
| 4 | | | | | 8 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | | | | 6 |
| | | | | | | 4 | | 1 |
| | | | 4 | | 9 | | | |
| | 1 | 3 | | 8 | 5 | | | 7 |
| | | | | 7 | | 2 | | |
| 6 | | | 9 | 2 | | | | 3 |
| 3 | | 1 | 5 | 9 | | | | |
| | 9 | | 7 | | 6 | 3 | | 2 |
| | | | 8 | | | 5 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 | 3 | 7 |
| 6 | 2 | 7 | 8 | 3 | 4 | 1 | 9 | 5 |
| 3 | 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 |
| 5 | 3 | 2 | 1 | 8 | 7 | 9 | 6 | 4 |
| 8 | 4 | 9 | 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 |
| 7 | 6 | 1 | 4 | 5 | 9 | 2 | 8 | 3 |
| 1 | 8 | 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 2 | 9 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 | 1 | 6 |
| 4 | 9 | 6 | 2 | 1 | 3 | 7 | 5 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 3 | 9 | 7 | 4 | 5 | 8 | 1 |
| 4 | 8 | 9 | 6 | 5 | 1 | 2 | 7 | 3 |
| 6 | 2 | 4 | 1 | 8 | 7 | 9 | 3 | 5 |
| 9 | 7 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | 5 | 4 | 6 | 9 | 7 | 1 | 2 |
| 3 | 9 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 2 | 7 |
| 5 | 4 | 2 | 7 | 1 | 3 | 8 | 9 | 6 |
| 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | 3 | 5 | 9 | 6 | 8 | 2 | 4 |
| 4 | 6 | 8 | 7 | 1 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 2 | 5 | 9 | 3 | 4 | 8 | 7 | 6 | 1 |
| 9 | 2 | 6 | 4 | 3 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 3 | 8 | 7 | 6 | 5 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 7 |
| 8 | 3 | 1 | 9 | 6 | 4 | 2 | 7 | 5 |
| 6 | 4 | 2 | 1 | 7 | 5 | 3 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 5 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 6 |


# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

**Hver huggar þann sem hughreystir?**



**Stefán Pétursson** formaður Landssambands slökkviliðsmanna segir mikilvægt að hlúa að sálarlífi þeirra sem eru í framlínu neyðarþjónustu. Að baki sé dauðans alvara. Hættum að bíta á jaxlinn, segir Stefán.

**Örlög íslenskra kvenna og karla í stríðinu**

Nærri 400 hermenn fæddir á Íslandi börðust í skotgröfum fyrri heimsstyrjaldarinnar. Þá störfuðu á annan tug íslenskra kvenna við hjúkrun. **Gunnar Þór Bjarnason** sagnfræðingur ræðir um örlög þeirra.



**Kallaðir mamma og pabbi**

**Kormákur** og **Skjöldur** fagna tuttugu árum í rekstri einnar þekktustu herrafataverslunar landsins og segja skemmtilegar sögur af uppátækjum sínum. Í vinnunni kalla starfsfólkið þá mömmu og pabba.


# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# BLACK FRIDAY




PHILIPS NETFLIX 4K

**Philips 55PUS6031**
55" UHD Smart LED sjónvarp með Ultra HD 3840x2160 punkta upplausn. Frábært sjónvarp á ótrúlegu verði.

100 stk.
**99.995**
FULLT VERÐ 169.995




NETFLIX 4K
PHILIPS

**Philips 49PUT6101**
49" Snjall UHD LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3850x2160 upplausn og baklýsingu. Útbúið öllum helstu tæknimöguleikum eins og USB upptöku og Miracast.

20 stk.
**79.995**
FULLT VERÐ 119.995



Ariete

**Ariete 5630203**
Drink 'N' Go Smoothie blandari fyrir fólk á ferðinni. 2 glös og uppskriftabók fylgja. Ryðfríir stálhnífar og auðvelt að taka í sundur og þrífa.

100 stk.
**2.995**
FULLT VERÐ 5.995



SHARP

**Sharp R622STWE**
Öflugur 800W örbylgjuofn með 1000W grilli. 25,5 cm diskur og 8 eldunarstillingar. Afþýðing samkvæmt þyngd og barnalæsing. Silfurlitaður.

100 stk.
**12.995**
FULLT VERÐ 19.995

PHILIPS

**Philips HD8844**
Espresso kaffivél með kaffikvörn og CoffeeSwitch. Býr bæði til venjulegt og espresso kaffi. LCD skjár og keramík kvörn með 5 stillingum. Sjálfvirkt Cappucino kerfi. Býr til gufu til þess að flóa mjólk og hita drykki.



**Nýjung!**
**CoffeeSwitch**

Býr til bæði venjulegt og espresso kaffi

25 stk.
**69.995**
FULLT VERÐ 109.995



vestfrost

**Vestfrost R3651WH**
Stór kæliskápur með frysti. 209L kælir og 81L frystir. Stafræn hitastýring. Tvær grænmetisskúffur. Skúffa fyrir kjöt og fisk. Hljóðlátur – aðeins 39db. Orkuflokkur A+. (HxBxD): 185x59,5x61,5 cm.

50 stk.
**49.995**
FULLT VERÐ 69.995



Whirlpool

Íslenskt stjórnborð og leiðarvísir.

**Whirlpool AWOD7114**
1400sn og 7kg þvottavél með stafrænu kerfisvali og 52L tromlu. 6th Sense. LCD skjár. 15 kerfi og 30 mín. hraðkerfi. Clean+ blettakerfi. Stafræn niðurtalning. Þvotthæfni A. Vinduhæfni B. Orkunýting A++. Stærð (BxHxD): 59,5x85x60sm. Hvít.

40 stk.
**49.995**
FULLT VERÐ 64.995



Whirlpool

**Whirlpool ADPU300IX**
Rúmgóð uppþvottavél með LCD skjá, sótthreinsikerfi og 6th sense tækni. Hljóðlát, aðeins 48 db. Tilvalin fyrir stórar fjölskyldur. Orkunýting A++.

30 stk.
**49.995**
FULLT VERÐ 74.995



SPAN

Whirlpool

**Whirlpool ACM838NE**
60cm spansuðu helluborð með 4 hellum og snertirofum. Booster á 1 hellu. Tímastilling. Barnalæsing. Glerkantur. Mál (BxHxD): 58 x 5,8 x 51 cm.

100 stk.
**34.995**
FULLT VERÐ 59.995

BLACK FRIDAY

**Heimilistæki** ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# Mig langar alltaf að leika mér og gera eitthvað nýtt

**Bergur Þór Ingólfsson hefur gert grátbroslegan gamanleik án orða um klaufabárðinn Einar sem lokast uppi á háalofti á aðfangadagskvöld. Jólaflækja verður frumsýnd í Borgarleikhúsinu á morgun.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





„Best að skreppa upp á háaloftið og ná í jólaskrautið," gæti Einar verið að hugsa þarna efst í stiganum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

Hann er einn á sviðinu, í öfugri peysunni, hálfflæktur í seríunni og með hangikjöt í hárinu. Bergur Þór Ingólfsson leikari hefur skapað nýja persónu, Einar, sem er alger einstæðingur en leiðist aldrei. Dótið í kring um hann er dæmigert háaloftsdót, gömul föt og ferðatöskur og einhvern veginn hefur gömul eldavél slæðst með. Við vitum ekki hvort Einar er tölvumaður en tölvan er að minnsta kosti ekki sýnileg.

Hér er æfing í gangi á leikritinu Jólaflækju. Rennslinu er að ljúka á Litla sviðinu og eftir það tyllum við Bergur okkur niður við borð í anddyri Borgarleikhússins þar sem hann lýsir því hvernig þessi sýning kom til og hvað hann sé að bralla þar.

„Mig langar alltaf að leika mér. Grufla aðeins í sköpunarmættinum og gera eitthvað nýtt," segir Bergur Þór grallaralegur. Nú kveðst hann hafa fengið tækifæri til að búa til sýningu á þann hátt sem hann hafi alltaf langað til. „Æfingatímabilið er spuni, bara eins og að vera ellefu ára að leika sér með dót og athuga möguleikana. Ég er með ákveðinn einstakling, hann Einar sem er alltaf einn, borðar einn og býr einn en finnur alltaf upp á einhverju til að gera einveruna áhugaverða. Hann er hins vegar mikill klaufabárður og ég lýsi því hvernig hann tekst á við það að lokast uppi á háalofti á aðfangadagskvöld og halda jólin þar. Það er í senn raunalegt og spaugilegt."

Leikritið Jólaflækja sprettur meðal annars frá minningum Bergs frá því hann var lítill. „Þá var ekki margt í sjónvarpinu, að minnsta kosti ekki mikið barnaefni," rifjar hann upp. „Reyndar voru Tommi og Jenni í fimm mínútur fyrir fréttir á mánudögum. Ég horfði alltaf á þá og líka Harold Lloyd sem var á föstudögum ef ég man rétt. Ég sæki svolítið í þetta – í einfaldleikann."

Einar er fullorðinn maður og Bergur segir Jólaflækju bæði fyrir börn og fullorðna. „Ég held að börn geti alveg fundið til með eldra fólki og sett sig í spor þess," segir hann. „Þessi sýning er hugsuð sem aðventuafþreying fyrir hvern sem er."

Jólaflækja verður frumsýnd á Litla sviðinu í Borgarleikhúsinu á morgun klukkan 13.

Sýningin er innan við klukkutími að lengd og er látbragðsleikur. Hún er þó ekki hljóðlaus því Garðar Borgþórsson gerði tónlist við sýninguna og Bergur „fékk að búa til smá" að eigin sögn. Hann tekur fram að Móeiður Helgadóttir sé höfundur leikmyndar og búninga.

Bergur hefur á síðustu árum sett upp vinsælar og fjölmennar barna- og fjölskyldusýningar. Má þar nefna Mary Poppins og Billy Elliot. „Þetta voru stórar og flóknar sýningar með yfir hundrað manna ímeil-lista. Það er góð tilbreyting að vera bara með þrjá á póstlistanum núna og þurfa ekki að snúa öllu leikhúsinu við. Bara að dunda sér, eins og þegar ég var ellefu ára inni í herbergi með Aksjónkarlinn minn, en fá samt að búa til sögu og sýningu og nýta allt sem ég hef lært frá því ég var ellefu ára."

# Sá sem ekki varð eldinum að bráð

**TÓNLIST**

**Sigrún Eðvaldsdóttir, Joaquin Páll Palomares, Þórunn Ósk Marinósdóttir og Bryndís Halla Gylfadóttir**

★★★★☆

**Strengjakvartettar eftir Beethoven og Brahms**

**Norðurljós í Hörpu**
Sunnudagur 20. nóvember

Fyrstur í Kammermúsíkklúbbnum á sunnudaginn var kvartett op. 18 nr. 3 eftir Beethoven. Spilamennskan var unaðslega tær og nákvæm, kraftmikil og full af lífi. Sigrún Eðvaldsdóttir og Joaquin Páll Palomares léku á fiðlu, Þórunn Ósk Marinósdóttir á víólu og Bryndís Halla Gylfadóttir á selló. Þau spiluðu sem einn maður.

Verkið markar endinn á fyrsta skeiði æviferils Beethovens. Hefð er fyrir því að skipta starfi hans í þrjú tímabil. Það fyrsta einkennist af heiðríkju og æskufjöri. Í öðru tímabilinu er allsráðandi hetjuskapur og barátta við örlögin. Beethoven var þarna farinn að tapa heyrn, en hann var staðráðinn í að láta það ekki eyðileggja fyrir sér. Hann þjálfaði sig í að semja tónlist án þess að þurfa að heyra hana. Á lokatímabilinu var hann búinn að sætta sig við örlög sín. Hann var orðinn heyrnarlaus og því mjög einangraður frá mannlegu samneyti. En það var friður yfir verkum hans og oft mikil gleði sem kalla mætti háleita.

Þó að kvartettinn sem hér var fluttur sé ekki eins djúpur og þeir síðustu sem Beethoven samdi, er hann ákaflega fallegur. Það er eitthvað einstaklega þægilegt við hann. Hægt er að hlusta á hann í andakt á fullum styrk, en líka hafa á fóninum í bakgrunni, til að skapa góða stemningu.

Hitt verkið á efnisskránni var kvartett op. 51 nr. 1 eftir Brahms. Hann var anal týpa, eins og það er kallað. Fullkomnunaráráttan og sjálfgagnrýnin var gífurleg. Margir í kringum hann útnefndu hann arftaka Beethovens og það var þungur kross að bera. Hann fann til svo mikillar ábyrgðar að hann henti fullt af tónsmíðum sínum. Eða þá að hann var sífellt að laga þær til.

Kvartettinn sem hér um ræðir er sá fyrsti eftir Brahms sem var gefinn út. Hann hafði þá samið tuttugu kvartetta þar á undan – sem hann notaði fyrir eldivið! Þetta er meistaraleg tónlist, alsett grípandi melódíum. Úrvinnslan er frumleg, en þó rökrétt. Fjórmenningarnir á tónleikunum léku hann af aðdáunarverðri festu og öryggi. Fiðlurnar voru dásamlega fókuseraðar, víólan safarík og sellóið djúsí. Hvergi var röng nóta. Rétti skaphitinn var í túlkuninni. Hún var markviss og snörp, framvindan spennuþrungin með glæsilegum hápunktum. Inn á milli voru draumkenndar stundir sem einkenndust af nostursamlega mótuðum blæbrigðum. Smáatriðin voru skýr og falleg, heildarmyndin úthugsuð og tignarleg. Þetta var flott.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Magnaðir tónleikar með frábærri tónlist og spilamennsku á heimsmælikvarða.



**„Sellóið var djúsí," segir í dómnum. Bryndís Halla Gylfadóttir lék á það.**
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


25-40%
afsláttur
Allar seríur og jólaljós
35%
afsláttur
FROST
100 LED
Útisería 10 metra
samtengjanleg • 230V
3.900kr
5.990kr
100 ljósa LED útiseríur
Samtengjanlegar LED útiseríur,100 ljósa.
14500294-297
AÐVENTUTILBOÐ
Í BLÓMAVALI
20%
afsláttur
HÝASINTA
399kr
499kr
25%
afsláttur
AMARYLLIS
1.990kr
2.690kr
49%
afsláttur
JÓLASTJARNA
stór og flott
999kr
1.990kr
25%
afsláttur
af gervijólatrjám
25%
afsláttur
af jólasveinum
og jólastyttum
FERSKUR
GRENIKRANS
1.990kr
2.990kr
Mikið úrval af skreytingaefni
Allt fyrir aðventukransinn og
aðventuskreytingar
blómaval
heillandi heimur




Verð gildir til og með **27. nóvember** eða meðan birgðir endast

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# BÓNUS skilar til viðskiptavina ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á nautakjötskvóta til innflutnings.

Verð áður 3.798 kr. kg

TAKMARKAÐ MAGN



**3.198** kr. kg

**Nautalundir**
Þýskaland, frosnar
Verð áður 3.798 kr. kg

## GOTT VERÐ Í BÓNUS



**295** kr. 300 g

**Myllu Jólaterta**
300 g, 3 tegundir.

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

98% kjöt



**2.098** kr. kg

**Kalkúnabringa**
Þýskaland, frosin

RJÚPUR



**698** kr. 375 g

**Rjúpa**
Bretland, 375 g, frosin



**359** kr. 850 ml

**Ribena Sólberjaþykkni**
850 ml

PIPAR HJÖRTU

425g



**398** kr. 425 g

**Gille Piparkökur**
425 g

2,3kg í kassa



**695** kr. 2,3 kg

**Robin Klementínur**
Spánn, 2,3 kg

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# **Nautn** – Erótík og tengsl við munúð efnisins

**Sýningin Nautn verður opnuð á morgun í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Inga Jónsdóttir listasafnstjóri segir hana með tilvísanir í erótík en ekki síður aðrar hvatir svo sem sköpun, neyslu og átökin við efnið.**

Nautn / Conspiracy of Pleasure er samstarfssýning Listasafns Árnesinga og Listasafnsins á Akureyri, sem var sett upp fyrir norðan í sumar en er nú komin suður yfir heiðar og verður opnuð í Hveragerði klukkan 14 á morgun, laugardag. Inga Jónsdóttir safnstjóri þar segir hana hafa tekið smá breytingum við flutninginn. Bæði hafi ný verk bæst við og hver sýning sé aðlöguð því rými sem hún er sýnd í. „Það er alltaf blæbrigðamunur því hver staður kallar á breytta útfærslu,“ útskýrir hún.

Inga segir ánægjulegt að eiga samstarf þvert á hálendið. „Það eru listamenn bæði að norðan og sunnan sem sýna og þeir taka þátt í uppsetningunni. Fimm þeirra eru með innsetningar sem þeir þurfa að aðlaga nýjum stað. Hluti af verki Jóhanns Torfasonar er til dæmis silkiþrykk á vegg.“

Nautn er marglaga sýning að sögn Ingu. „Þar eru margar tilvísanir í erótík en ekki síður aðrar hvatir svo sem sköpun og neyslu. Upphaflega ætlaði ég að hafa sýninguna hér á næsta ári en ákvað svo að opna hana núna fyrir jól þegar neysluhyggjan er í hámarki. Myndlist er gott tjáningarform og það er margt í samfélaginu sem kallast á við það sem sýningin fjallar um,“ fullyrðir hún og nefnir dæmi. „Helgi Hjaltalín tekur svolítið á lýðskrumi og auglýsingum þar sem allt er sett í fallegan búning án þess að hugað sé að innihaldinu. Jóhann Ludwig Torfason er með svartan húmor, gráglettin verk sem nístir undan um leið og brosað er út í annað. Birgir Sigurðsson er einn sýnenda og hann verður með gjörning við opnunina klukkan 14 á morgun.“

Sú af listakonunum sem er beintengdust við erótíkina í sínum verkum er Guðný Kristmannsdóttir sem bæði fjallar um sköp og sköpun, að því er Inga lýsir. „Anna Hallin er líka með erótískar tilvísanir en allar eru þær Guðný, Anna og Eygló Harðardóttir með sterk tengsl við munúð efnisins ef svo má segja.“

Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri, opnar sýninguna Nautn á morgun. „Ég opnaði sýninguna fyrir norðan og við skiptum svona með okkur verkum,“ segir Inga og tekur fram að sýningin sé opin öllum aldurshópum, það sé alltaf ókeypis inn og allir velkomnir.

„Nautnin er samofin manninum og alltaf spurning hvernig farið er með hana. Ég tel að sýningin geti kveikt spurningar og umræðugrundvöll. Hún getur verið áhugaverður og náttúrulegur hvati til að fjalla um ýmislegt sem hugsanlega væri viðkvæmara að fjalla um annars staðar.“



Inga Jónsdóttir safnstjóri, Jóhann Ludwig, Helgi Hjaltalín, Birgir, Anna, Eygló og Guðný. Lengst til hægri er Hlynur Hallsson safnstjóri. MYND/DANÍEL STARRASON

**LISTAMENN Á SÝNINGUNNI NAUTN ERU:**

**Jóhann Ludwig Torfason, Helgi Hjaltalín Eyjólfsson, Birgir Sigurðsson, Anna Hallin, Eygló Harðardóttir og Guðný Kristmundsdóttir.**

**NAUTNIN ER SAMOFIN MANNINUM OG ALLTAF SPURNING HVERNIG FARIÐ ER MEÐ HANA. ÉG TEL AÐ SÝNINGIN GETI KVEIKT SPURNINGAR OG UMRÆÐUGRUNDVÖLL.**

AÐVENTUTÓNLEIKAR

KVENNAKÓR REYKJAVÍKUR

ÁGOTA JOÓ stjórnandi



HÁTEIGSKIRKJU

SUNNUDAGINN 27. NÓVEMBER

KL. 17.00 OG 20.00

Miðaverð: 3.000 kr. í forsölu
3.500 kr. við innganginn.
Miðar fást hjá kórkonum,
í síma 896 6468 eða á netfanginu
postur@kvennakorinn.is.

Að tónleikum loknum
býður kórinn gestum upp
á léttar og jólalegar veitingar
í safnaðarheimili kirkjunnar.
Allir velkomnir.

# Ókyrrð við fjörðinn

**BÆKUR**

**Utan þjónustusvæðis – krónika**

★★★☆☆

**Ásdís Thoroddsen**

**Útgefandi:** Sæmundur 2016
**Fjöldi síðna:** 363.

Fyrsta skáldsaga Ásdísar Thoroddsen, Utan þjónustusvæðis – krónika, lýsir lífinu í afskekktum firði einn vetur í aðdraganda hruns. Þar lifa gamlar íslenskar hefðir, eins og nágrannaerjur, baktal um náungann, þöggun og óþol gagnvart því sem er öðruvísi, góðu lífi og samfélag sveitarinnar lætur nútímann ekki komast upp með neinn moðreyk. Allir eru tengdir eða skyldir öllum og nánast ógjörningur fyrir utanaðkomandi fólk að komast inn í samfélag innfæddra, jafnvel eftir tuttugu ára búsetu í hreppnum.

Miðpunktur og söguhetja Utan þjónustusvæðis er Heiður, sambýliskona skólastjórans, kennari án réttinda, kona með fortíð og dálítið vafasama nútíð, en ekki síst óþægilegar skoðanir og attitjúd. Eins og gefur að skilja á hún sér ekki uppreisnar von í þessu lokaða samfélagi og hverfist sagan að miklu leyti um það hvernig sveitungunum tekst að hrekja hana á brott. Fleiri utangarðsmenn koma við sögu, hópur Pólverja er sestur að í firðinum til að vinna í fiskvinnslu, á heimili Heiðar og Kristjáns skólastjóra er í nauðungarvist vandræðaunglingur að sunnan og um sveitina ráfar drykkjukonan Kristín í misannarlegu ástandi. Á móti þessum aðkomumönnum sem eru hreyfiafl sögunnar teflir Ásdís rótgrónum sveitungum, mektarmönnum og staffírugum frúm og úr verður heiftarleg togstreita þar sem hefðin og forpokunin reyna að kæfa nýgræðinginn.

Sagan er dálítið rysjótt í stíl og frásagnartækni, stórgóð þegar hún rís hæst en dálítið flöt og ófullgerð í nokkrum lægðum. Málfarið er kjarnyrt og hefðbundið, nánast um of og virka samtölin stundum eins og afturgöngur úr skáldsögum fyrri tíma, en það er kannski með ráðum gert. Höfundi liggur heilmikið á hjarta og kemur því röggsamlega til skila; einangrun og einsýni eru af hinu illa og samfélag sem ekki er opið fyrir nýjum áherslum og hugsunarhætti er dauðadæmt. Sterkasti þráður sögunnar er þó kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og þöggunin um það; alla grunar, allir hafa heyrt en enginn gerir neitt. Þess í stað eru magnaðar upp kjaftasögur um staðlausa stafi og pínulitlar fjaðrir gerðar að fimm hænum á augabragði.

Annar sterkur undirtónn sögunnar eru þjóðsagnavísanir og minni, einkum í sögur af skessum sem táldraga menn og breyta þeim í tröll og ungum fögrum stúlkum sem ekki eiga annan kost en að ganga í björg. Þær sögur endurspeglast í nútíma frásagnarinnar á áhrifamikinn og eftirminnilegan máta. Raunar má segja að hér sé öll saga íslenskra sveita til grundvallar og þá um leið saga þjóðarinnar sem eitt sinn var svo einangruð.





Ásdís er kvikmyndagerðarkona og þess sér stað í lýsingum hennar og myndrænni byggingu sögunnar á mjög jákvæðan hátt, en stundum er það þó til trafala þegar áherslan liggur of þungt á að sýna persónur og sögusvið utan frá í stað þess að kíkja í huga þeirra og tilfinningalíf. Að öllu samanlögðu er þó Utan þjónustusvæðis hin skemmtilegasta lesning og vekur til umhugsunar um margt sem ekki fer hátt í almennri umræðu.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtileg og á köflum áhrifarík skáldsaga sem tekur á viðkvæmum málum.



25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
SVÖRTUM VÖRUM
Á SVÖRTUM FÖSTUDEGI*
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
ÁRNASYNIR

# Rembingur og spennusaga um tilfinningar

## Sölvi Björn Sigurðsson er tilnefndur til Íslensku þýðingarverðlaunanna með Sigurði Pálssyni fyrir þýðingar á ljóðum Arthurs Rimbaud. En Sölvi Björn er einnig með nýja skáldsögu í jólabókaflóðinu.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Það er bara eitthvert langtímabrjálæði sem verður til þess að maður fer að takast á við svona verkefni,“ segir Sölvi Björn Sigurðsson, þýðandi og rithöfundur, spurður um hvað hafi orðið til þess að hann réðst í verkefni á borð við það að þýða bundin ljóð Arthurs Rimbaud. Í gær var tilkynnt um tilnefningar til Íslensku þýðingarverðlaunanna og á meðal tilnefndra verka er Uppljómanir og Árstíð í helvíti eftir Arthur Rimbaud í þýðingum Sölva Björns og Sigurðar Pálssonar.

Sölvi Björn bætir því við að þetta hafi óneitanlega hvílt á honum árum saman. „Ég byrjaði að lesa Rimbaud þegar ég fór til Frakklands árið 1998 en hafði nú eitthvað kynnst þessum ljóðum áður. Ég var að læra frönsku og fannst þetta vera einhver flottasti penni sem ég hafði nokkurn tíma lesið og hann er það ennþá tuttugu árum seinna. Vinur minn var þarna með mér á þessum tíma og einhvern veginn leiddumst við út í það að dunda okkur við það, svona frekar en að horfa á sjónvarpið, að þýða Rimbaud saman. Við kölluðum þetta Rembing um tíma enda var þetta talsvert snúið.

Rimbaud er svo kjarnaður í öllu sem hann skrifar að maður verður að vanda hverja einustu setningu mjög vel eins og hann gerði sjálfur. Það er eiginlega furðulegt til þess að hugsa að jafn ungur maður og hann hafi haft þessa yfirsýn. Þessa evrópsku yfirsýn yfir hugmyndafræðina sem bjó þarna að baki. En einhvern veginn nær hann að búa til heimspekirit sem er skáldskapur og sagnfræðirit sem er skáldskapur og hann gerir það í svo fáum orðum að það er eiginlega ennþá í senn aðdáunarvert og hvatning fyrir mann sjálfan þegar maður skrifar.“

**Þýðingar sameina**

Það er gríðarlega mikilvægt fyrir íslenskar bókmenntir að fá þýðingar á góðum bókmenntum inn í íslenskt samfélag. Bæði nýjum bókmenntum sem og klassískum verkum á borð við ljóð Rimbaud sem voru ort fyrir meira en hundrað árum síðan. Sölvi Björn tekur undir þetta og segir að þessi ljóð Rimbaud séu einmitt svo tilvalin til þess að ná svo mörgu inn þó seint sé. En ég held að svona bókmenntir kannski lúri innra með fólki sem les mikið og lengi. Við erum náttúrulega fámenn þjóð og það tekur tíma að byggja brúna.“

Út frá mikilvægi þýðinga þá bendir Sölvi Björn á að „þýðing bæði sameinar tvo tíma, maður færir oft eldri bókmenntir inn í nútímann, og svo ryður þetta í burt menningarveggjum og sameinar einhvern veginn hugmyndastrauma sem eru tengdir öllum. Það er eitthvað sammannlegt í besta skáldskapnum sem er ástæðan fyrir því að hann fer yfir á önnur mál.“

**Bók um samkennd**

En Sölvi Björn er líka með nýja skáldsögu, Blómið, saga um glæp, nú í jólabókaflóðinu. Skyldi þýðingavinnan og þá sérstaklega vinnan við Rimbaud hafa áhrif á þá vinnu? „Já, hann er alltaf með mér. Ég hef nú þýtt svona endrum og eins frá unga aldri og þetta er algjörlega sama vinnan. Það er gott að vita af einhverjum sem styður mann í einsemdinni við skrifin. Einhverjum sem skilur.“

En hvað er Sölvi Björn að takast á við í skáldsögunni? „Þetta er svona spennusaga um tilfinningar. Þetta er bók um missi og langferðina að hamingjunni. Samfundi og fortíðina sem hvílir á bak við hinar hversdagslegu athafnir og hvernig fólk vinnur úr þeim. Og hvernig þeir geta dunið á fyrirvaralaust þegar maður horfist allt í einu í augu við lífið. Það er ekki bara dagurinn í dag heldur margt sem býr að baki þeim degi sem bjó mann til. Þannig að þetta er svona bók um samkennd og það hvernig maður tekst á við það að vera í sambandi við annað fólk.“

Sölvi Björn segir að það sé mikill munur á þeirri vinnu að vera að fást við ljóðið og skáldsöguna. „Ljóðið er mynd sem klárast og tæmir sig en skáldsagan er alltaf stærri en maður sjálfur. Áskorunin felst þá soldið í því að hafa hemil á forminu og hvernig maður mótar allar myndirnar sem heimta að láta framkalla sig og raðar þeim saman þannig að aðrir geti notið.“

*# miðnótt í Öræfum #*
*13. nóvember 2015*

Hún tekur af sér grímuna og horfir í spegilinn, á ljósleitan blettinn sem glóir á enni hennar. Hér í frostinu líkist bletturinn einni af stjörnunum á himninum. Hún fer í göngu upp af bænum flesta morgna og fær að horfa á þær. Stjörnurnar á himninum, sem stundum tindra niður á jökulinn. Þær eru fallegar.

Bletturinn hefur fylgt henni frá fæðingu þótt glitið hafi ekki komið í ljós fyrr en síðar, þegar hún var ellefu og flutti á Freyjugötuna og byrjaði á lyfjunum. Hún eignaðist vin í hverfinu, Bensa Valkoff, sem stóð á sama um blettinn. Hann settist bara einn daginn við ljósastaurinn fyrir framan húsið hennar og sagði að fyrst hún væri flutt í hverfið gætu þau allteins orðið vinir. Hann átti litla systur, Margréti, sem fylgdi þeim hvert fótmál. Oftast voru þau fjögur saman, því Bjössi, vinur Bensa, slóst yfirleitt í hópinn.

Síðan hefur langur tími liðið og nú er aðeins vitað um þrjú þeirra. Það rifjast upp fyrir henni þar sem hún stendur fyrir framan spegilinn að líklega var það á þessum degi fyrir þrjátíu og þremur árum, 13. nóvember 1982, sem litla systir Bensa Valkoff hvarf.

*Upphaf skáldsögunnar Blómið, saga um glæp eftir Sölva Björn Sigurðsson*



Sölvi Björn Sigurðsson, rithöfundur og þýðandi, hefur í nægu að snúast í jólabókaflóðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### TILNEFNINGAR TIL ÍSLENSKU ÞÝÐINGAVERÐLAUNANNA 2016

Tilnefndir þýðendur ásamt broti af umsögn dómnefndar um verkin

**Árni Óskarsson fyrir þýðingu sína á Fjársjóðseyjunni eftir Robert Louis Stevenson.** Nákvæm og metnaðarfull túlkun Árna Óskarssonar á tærum stíl Stevensons kemur andrúmslofti sögunnar til skila á áreynslulausri og auðugri íslensku.

**Olga Holownia ásamt Áslaugu Agnarsdóttur, Braga Ólafssyni, Magnúsi Sigurðssyni og Óskari Árna Óskarssyni fyrir þýðingu á ljóðasafninu Neyðarútgangur eftir Ewu Lipska.** Neyðarútgangur er vel heppnað samvinnuverkefni undir ritstjórn Olgu Holownia þar sem þýðendurnir fimm leysa hverja þrautina á fætur annarri svo úr verður heilsteypt og veglegt ljóðasafn á tærri og lipurri íslensku.

**Hallgrímur Helgason fyrir þýðingu sína á Óþelló eftir William Shakespeare.** Þýðing Hallgríms er afar vönduð, fyndin og léttleikandi og skilar merkingu textans á auðskiljanlegu og skýru máli.

**Sigurður Pálsson og Sölvi Björn Sigurðsson fyrir þýðingar á ljóðasöfnunum Uppljómanir & Árstíð í helvíti eftir Arthur Rimbaud.** Sigurði Pálssyni og Sölva Birni Sigurðssyni tekst með vönduðum og hugvitssamlegum þýðingum einkar vel að viðhalda sköpunarkrafti texta sem endurnýjar sig í hvert sinn sem hann er lesinn.

**Ófeigur Sigurðsson fyrir þýðingu á skáldsögunni Verndargripur eftir Roberto Bolaño.** Þýðing Ófeigs Sigurðssonar gerir orðfæri Bolaños og einkennandi setningabyggingu góð skil og í henni streymir frjó og kröftug rödd höfundar áreynslulaust fram á mergjuðu og skýru máli.

*Í dómnefnd sátu Tinna Ásgeirsdóttir (formaður), Ingunn Ásdísardóttir og Davíð Stefánsson.*



VIÐ ERUM MEÐ ÞÉR TIL ÖRYGGIS
ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN
Reykskynjari, optískur
1.386 kr.
Tilboðsverð í vefverslun
Listaverð: 1.980 kr.
ELDVARNIR
Mikið úrval reykskynjara, slökkvitækja og eldvarnarpakka í vefverslun á oryggi.is.
Öryggismiðstöðin | Sími 570 2400 | oryggi.is

markhönnun ehf

netto

# JÓLABÓKIN FÆST HJÁ OKKUR




**LJÓSIN Á DETTIFOSSI**
**4.689 KR**




**STRÍÐIÐ MIKLA 1914-19118**
**9.599 KR**




**ÚKALL KRAFTVERK UNDIR JÖKLI**
**4.549 KR**




**ENDURFUNDIR**
**4.689 KR**




**FLUGSAGA**
**4.874 KR**




**GOTT RÉTTIRNIR OKKAR**
**3.249 KR**




**MENSA - MATUR & MINNINGAR**
**4.549 KR**




**ANDLIT NORÐURSINS**
**12.674 KR**




**VILJI ER ALLT SEM ÞARF**
**4.549 KR**




**VONDA FRÆNKAN**
**2.924 KR**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 25. - 27. nóvember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss



Sigurlína María Gísladóttir, mynd eftir Jón Kaldal tekin 1961.



Jóhannes Kjarval, mynd eftir Jón Kaldal frá 1925-1930.

# Í leit að lífinu á bak **við portrettmyndir Kaldals**

## Óskar Guðmundsson lagðist í mikla rannsóknarvinnu til þess að fræðast um líf fólksins í portrettunum í myndum Jóns Kaldals ljósmyndara sem nú eru sýndar á Þjóðminjasafninu og komu nýverið út á bók.

Ljósmyndir Jóns Kaldals frá þriðja áratug síðustu aldar og fram á áttunda áratuginn mynda einstakt höfundarverk í íslenskri ljósmyndasögu. Ljósmyndun var iðngrein Jóns en ekki síður listgrein sem birtist einkum í einstökum portrettmyndum hans sem margar hverjar urðu að einkennismyndum myndefnanna. Þar á meðal má nefna Jóhannes S. Kjarval og Ástu Sigurðardóttur enda náði Jón með sínum einstaka hætti að fanga kjarna hverrar manneskju í svarthvítri ljósmynd, í ljósi og skugga.

Um þessar mundir standa yfir sýningarnar Portrett Kaldals og Kaldal í tíma og rúmi í Þjóðminjasafni Íslands en auk þess er nýútkomin bókin Kaldal, svart og hvítt. Í bókinni er að finna einstaka samantekt á mörgum af bestu ljósmyndum meistarans og fylgja æviágrip viðfangsefnanna með. Það var Óskar Guðmundsson, sagnfræðingur og blaðamaður, sem tók að sér að afla upplýsinga um lífshlaup þessara fjölmörgu einstaklinga og hann segir að hann hafi nú verið fenginn til verksins sökum reynslu sinnar af því að segja frá fólki.

„Svo er ég náttúrulega eins og aðrir Íslendingar mjög uppnuminn og hrifinn af Kaldal. Þó að hann hafi myndað þúsundir ef ekki tugþúsundir Íslendinga þá eru sumar þessarar mynda algjört listaverk. Í þeim býr persónuleg natni og þá sérstaklega í portrettunum sem hann síðan sýndi. Þegar ég fór að skoða líf og sögu þeirra sem eru á myndunum, þá ég áttaði mig fljótlega á því hversu mikið hann var búinn að pæla í þessu fólki.

**ÞEGAR ÉG FÓR AÐ SKOÐA LÍF OG SÖGU ÞEIRRA SEM ERU Á MYNDUNUM, ÞÁ ÉG ÁTTAÐI MIG FLJÓTLEGA Á ÞVÍ HVERSU MIKIÐ HANN VAR BÚINN AÐ PÆLA Í ÞESSU FÓLKI.**

Kaldal var Húnvetningur að uppruna en missti foreldra sína ungur að árum og var því alinn upp í Reykjavík að hluta til hjá Þorleifi póstmeistara sem var föðurbróðir hans en hann var faðir Jóns Leifs. Jón var síðar einn af þeim sem Kaldal myndaði og það má segja að hann hafi umgengist listamenn alveg frá frumbernsku. Þegar hann er svo úti í Kaupmannahöfn við nám þá er hann í þannig félagslegu umhverfi að mörg af þessum viðfangsefnum urðu náin honum þar. Kaupmannahöfn var á þessum tíma höfuðborg Íslands og þangað lá leið allra íslenskra heimsborgara.“

Það má segja að eftir að Jón Kaldal snýr heim úr námi hafi hann umgengist það sem kalla má listaðal Reykjavíkur á þeim árum. Óskar tekur undir það og segir að á ljósmyndastofu Kaldals hafi menn komið til þess að sitja og spjalla um líf og list. „Það voru ótrúlegustu menn sem áttu þarna vé og komu þarna til þess að skiptast á skoðunum og hittast. Kjarval, Laxness, Thor Vilhjálmsson, menn af ýmsum kynslóðum og Jón Pálsson, sá frægi maður, sem greip í píanóið sem stóð á ljósmyndastofunni. Jón Kaldal var líka áhugamaður um tónlist og þetta var það menningarlega andrúmsloft sem hann lifði og hrærðist í. Síðan virðist hann líka hafa notað tækifærið eins og allar þessar myndir af Kjarval sýna. Hann tekur óvæntar myndir af honum en fyrir vikið þá eru þær allar einstæðar.“



Óskar Guðmundsson, sagnfræðingur og blaðamaður, segir að það hafi verið snúið að finna sögur sumra persónanna í myndum Kaldals. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

En hvernig skyldi Óskari hafa gengið að róta upp í fortíðinni og finna bakgrunn og sögu allra þessara andlita? „Það gekk misvel. Þetta var ákaflega spennandi og heillandi leit í fortíðinni. Leit að fólki sem er horfið og það getur verið allt annað en einfalt að hafa upp á fólki og sögunum af því eftir svona langa tíð. Oft er það þannig að maður finnur eitthvað í minningargreinum í blöðunum og vefur á borð við tímaritavefinn auðveldar vissulega rannsóknarvinnu af þessum toga. Það var fullt af fólki sem ég fann í gegnum það en langt því frá allir. En svo eru svona nokkrir hópar fólks sem var aðeins erfiðara að nálgast. Það var annaðhvort fólk sem ekki höfðu verið skrifaðar minningargreinar um eða þá að fólk hafði skipt um nafn síðar á lífsleiðinni. Fólk sem var annað í skráningunni hjá Kaldal en það var svo seinna meir í lífinu. Þetta var þónokkur stokkur fólks sem þannig var varið um.“

Ef litið er á bókina er þar aðeins ein kona sem lítið virðist hafa fundist um og Óskar segir að það hafi einmitt verið dæmi um nafnbreytingu. „Þetta er eina konan sem ég ekki fann. En ég veit núna hver hún er. Þessi kona giftist Richard Patterson frá Bandaríkjunum og tók upp eftirnafn hans. Hún, eins og nokkuð margar konur sem Kaldal myndaði, varð svo módel síðar í útlöndum. Það átti við um Stefaníu og nokkrar fleiri. Það segir okkur nú eitthvað um hvað Kaldal hefur haft næmt auga fyrir kvenlegri fegurð.“

Á laugardaginn kl. 14 ætlar Óskar vera með leiðsögn um sýninguna í Þjóðminjasafninu og þar gefst því gott tækifæri fyrir fólk til þess að kynnast í senn meistaraverkum Kaldals og sögum þeirra sem eru á myndunum.

# CRAZY BLACK FRIDAY

OPIÐ TIL **21:00**
Í KRINGLU & MIÐBÆ

OPIÐ TIL 19:00
Í SMÁRALIND

20%
afsláttur af öllum vörum
URBAN
Kringlunni

20%
afsláttur af öllum vörum
gs skór
Kringlunni - Smáralind

20%
afsláttur af öllum vörum
Kultur menn
Kringlunni

15%
afsláttur af öllum vörum
Kultur
Kringlunni

20%
afsláttur af öllum vörum
COMPANYS
Kringlunni

20%
afsláttur af öllum vörum
KARAKTER KONUR
Smáralind



Jólagjafahandbók NTC er komin á www.ntc.is

17
20%
afsláttur af öllum vörum
galleri sautján
Kringlunni - Smáralind

20%
afsláttur af öllum vörum
AKKERI REYKJAVIK
Kringlunni

20%
afsláttur af öllum vörum
focus
Kringlunni - Smáralind

20%
afsláttur af öllum vörum
GK REYKJAVIK
Skólavörðustíg 6

20%
afsláttur af öllum vörum
SMASH
Kringlunni

10%
allir barnaskór
20%
allir kvenskór
FLÓ & FRANSÍ
Klapparstíg 44

15%
afsláttur af öllum vörum
eva
Laugavegi 26

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI










| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| BAD SANTA 2 | 6, 8, 10 |
| FANTASTIC BEASTS 3D | 5.30, 9 |
| HACKSAW RIDGE | 5, 8, 10.45 |
| TRÖLL 2D ÍSL.TAL | 4 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is













| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 4 - 5 - 7 - 10 |
| FANTASTIC BEASTS 2D VIP | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 - 10:40 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSLTAL | KL. 4 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:45 |
| JACK REACHER 2 | KL. 10:45 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 |
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 8 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 10:45 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 8 - 10 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 5:10 - 7 - 10:40 |
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 5:10 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 - 10:40 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 5 - 6 - 8 - 10:45 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 9 |
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 11:45 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 8 - 10:45 |
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 8 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 10:45 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ





# Hvað? Hvenær? Hvar?
# Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 25. NÓVEMBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Jazz í hádeginu
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Gerðubergi
Síðustu djasstónleikar í tónleikaseríunni Jazz í hádeginu á þessu misseri verða helgaðir bandaríska tónskáldinu Cole Albert Porter (1891-1964). Hann er einkum þekktur fyrir söngleiki sem settir voru upp á Broadway á 2. og 3. áratug síðustu aldar og lögum á borð við „I've Got You Under My Skin“ og „Night and Day“.

**Hvað?** Tríó Reykjavíkur
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Hádegistónleikar með Tríói Reykjavíkur þar sem selló og sumar í skammdeginu er þemað.

**Hvað?** Dagur Sigurðsson – All star kvöld
**Hvenær?** 23.59
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargötu
Dagur Sigurðsson og hljómsveit verða í kjallaranum á Græna herberginu að taka helling af rokkslögurum. Það er frítt inn.

**Hvað?** Live band
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hressó, Austurstræti
Hljómsveitin Kongó kemur fram á Hressó í kvöld og verður sannarlega lifandi og í raun og veru á svæðinu, ótrúlegt en satt.

**Hvað?** Hjálmar
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri
Hljómsveitin Hjálmar ferðast norður yfir heiðar í dag og spilar á Græna hattinum í kvöld. Norðlendingar eru náttúrulega þyrstir í smá reggí og Hjálma má kalla brautryðjendur í þeim geira hér á landi. Hjálmar hafa ekki verið fyrirferðarmiklir upp á síðkastið en hafa þó sent frá sér nokkur lög eins og Lof, Tilvonandi vor, Hlauptu hratt og Undir fót. Það gæti alltaf verið að þeir séu búnir að sjóða saman eitthvað nýtt sem yrði frumflutt í kvöld.



FM Belfast og Hermigervill halda tónleika til styrktar UNICEF í kvöld.

**Hvað?** Mugison
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Edinborgarhúsið, Ísafirði
Mugison ætlar að halda tónleika á Ísafirði í kvöld þar sem verður vafalaust mikið fjör enda er Mugison þekktur fyrir frábæra sviðsframkomu og einlægni á tónleikum. Nýjasta platan hans fylgir með hverjum miða en miðaverð er 4.500 krónur.

**Hvað?** Stebbi Jak og Andri Ívars
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Söngvarinn Stebbi Jak og gítarleikarinn og uppistandarinn Andri Ívars koma saman á Rosenberg þar sem þeir munu spila ábreiður eins og enginn væri morgundagurinn.

**Hvað?** Fames og Young Nazareth
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið, Bankastræti
Fössari á Prikinu er stórgóð leið til að lífga upp á langa og erfiða nóvemberviku. Fames kemur fólkinu í gírinn og síðan kemur stjörnustrákurinn Young Nazareth og klárar kvöldið alveg gjörsamlega. Guð blessi hreingerningarfólkið sem þarf að sópa upp eftir þetta kvöld.

**Hvað?** Eric Clapton tribute
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargötu
Rúnar Eff og fimm aðrir félagar spila ábreiður af öllum heila ferli Erics Clapton á Græna herberginu. Í hljómsveitinni eru, fyrir utan Rúnar, Tryggvi Gunnarsson á gítar, Reynir Snær Magnússon einnig á gítar, Magnús Jóhann Ragnarsson á hljómborði, Stefán Gunnarsson á bassa og Valgarður Óli Ómarsson á trommunum. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Útgáfutónleikar Reggie Óðins
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Lucky Records, Rauðarárstíg
Hljómsveitin Reggie Óðins kynnir nýjustu plötuna sína í kvöld. Í Reggie Óðins eru, fyrir utan sjálfan Reggie, Anton Rafn Gunnarsson, Sævar Árnason, Óðinn Hilmisson og Þorbergur Ólafsson.

**Hvað?** DJ Silja Glømmi
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hverfisgata 12

**Hvað?** Hljómsveitin Vára
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Fish House, Grindavík

**Hvað?** DJ Anna Brá
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex Hostel, Skúlagötu

**Hvað?** El Quinto Sol
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
